

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2015

Dómareifanir

1. hefti 2015 (janúar–júní)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Ásgerður Ragnarsdóttir
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
1. hefti 2015 (janúar–júní)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145

Umbrot: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Meðal þeirra greina Mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur hvað víðtækast gildis- svið er 8. gr. hans sem fjallar um friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis. Fyrir utan þá staðreynd að hugtakið einkalíf er afar víðfeðmt hefur vernd 8. gr. greinar verið færð út til nýrra sviða og réttinda sem ekki voru þekkt við gerð sáttmálans árið 1950. Það má meðal annars rekja til örrar tækniþróunar en einnig vegna viðhorfs- breytingar sem hefur orðið í aðildarríkjunum á mörgum sviðum um það hvað fellur undir persónuleg réttindi manna og einkalífsvernd. Þá hefur Mannréttindadómstóll- inn í ríku mæli lagt jákvæðar skyldur á aðildarríki til að tryggja þessi réttindi í sam- skiptum manna og talið brotið gegn rétti samkvæmt 8. gr. þegar stjórnvöld vanrækja slíkar skyldur.

Í þessu hefti með reifunum dóma frá Mannréttindadómstóli Evrópu frá fyrri hluta ársins 2015 má sjá sýnishorn af því hversu fjölbreytt álitaeefni dómstóllinn fær til skoðunar í kærumálum um brot á 8. gr. sáttmálans. Af þeim sést m.a. vel hvernig nýir möguleikar á sviði líftækni og læknávisinda vekja upp flóknar siðferði- legar spurningar og hættu á mannréttindabrotum sem aðildarríki þurfa að leysa úr. Í þessum málum er m.a. fjallað um staðgöngumæðrun, meðferð á látnum mönnum og líffæranám án samþykkis aðstandenda, rétt fanga til fjölskyldulífs, réttindi brota- þola kynferðisbrots við meðferð sakamáls, vernd persónuupplýsinga sakbornings í refsímáli og lagalega stöðu transfólks og skilyrði þess að gangast undir aðgerð til að leiðrétta kyn. Í öllum framangreindum málum taldi Mannréttindadómstóllinn að viðkomandi aðildarríki hefðu brotið gegn 8. gr. sáttmálans, hvort heldur vegna þess að stjórnvöld hefðu skert réttindi kærenda eða ekki gripið til ráðstafana til að tryggja vernd þeirra nægilega.

Dómur í máli *Paradiso og Campanelli gegn Ítalíu* frá 27. janúar 2015 er sérlega athyglisverður. Hann fjallar um flókin álitamál sem spretta af ólöglegri staðgöngumæðrun og hvernig réttindi barns sem fæðist við slíkar aðstæður vegast á við þörfina að stemma stigu við því að skipulögð og alþjóðleg glæpastarfsemi þrífist á þessu sviði. Kærendur voru hjón sem höfðu fengið afhent nýfætt barn fyrir milligöngu aðila í Rússlandi sem þau töldu getið með kynfrumu karlsins og stað- göngumæðrun, en það reyndist síðar vera rangt. Þau sneru til heimalands síns með fölsuð gögn um fæðingu barnsins og þegar upp komst voru þau svipt umsjá barnsins sem þá var sex mánaða, án þess að eiga möguleika á ættleiðingu eða neinum sam- skiptum við það. Dómstóllinn taldi að neitun ítalskra stjórnvalda á að viðurkenna að fjölskyldubönd hefðu stofnast milli barnsins og kærenda og svipting á umsjá lyti að rétti þeirra til einkalífs og fjölskyldulífs. Vísað var til þess að ítölsk yfirvöld hefðu tekið barnið úr umsjá kærenda í því skyni að binda endi á ólöglegt ástand, með því að kærendur hefðu reynt að sniðganga ítalskt bann við staðgöngumæðrun og alþjóð- legar ættleiðingarreglur. Hins vegar var lögð áhersla á að ríkið hefði ekki frjálsar hendur við val á ráðstöfunum við þessar aðstæður, enda bæri því að taka tillit til þess sem barninu væri fyrir bestu óháð sambandi við foreldra. Dómstóllinn ítrekaði að

það að taka barn úr umsjá fjölskyldu þess væri örþrifarád sem aðeins væri hægt að réttlæta væri barnið í bráðri hættu. Með hliðsjón af dómaframkvæmd þyrfti mikið til að koma svo að slík ráðstöfun yrði réttlætt. Ekki hefði verið gætt viðunandi jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem vógust á. Það var því mat dómstólsins að ekki hefðu verið til staðar aðstæður sem réttlættu að kærendur hefðu verið svipt umsjá barnsins.

Staðgöngumæðrun er málefni sem er í kastljósinu í mörgum Evrópuríkjum um þessar mundir, þar á meðal hér á landi. Eru skoðanir mjög skiptar um hvort hún skuli heimilud með lögum og um efni slíkra laga. Fjölmörgum siðferðilegum spurningum er ósvarað um þær flóknu aðstæður sem geta skapast fyrir alla sem hlut eiga að máli og hættuna á því að ólögleg starfsemi þrífist á þessu sviði. Dómur Mannréttindadómstólsins í máli *Paradiso og Campanelli gegn Ítalíu* er lóð á vogarskálarnar til að minna á að réttindi barnsins skuli ávallt höfð í fyrirúmi þegar andstæðir hagsmunir vegast á. Á sama tíma gerir það stjórnvöldum erfitt fyrir að berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi með staðgöngumæðrun og verslun með börn þegar ekki er hægt að beita viðurlögum gagnvart þeim sem fá barn með ólögmatum hætti, vegna hagsmuna barnsins sjálfs. Málinu hefur nú verið skotið til yfirdeildar dómstólsins og verður fróðlegt að sjá niðurstöðu hans. Mál þetta er innlegg í umræðu um hvort rétt er að heimila og setja skýrar reglur um staðgöngumæðrun hér á landi eins og nú er til skoðunar, en samkvæmt gildandi lögum um tæknifrjövgun nr. 55/1996 er staðgöngumæðrun bönnuð. Ætla má að fleiri mál af svipuðum toga komi til umfjöllunar hjá Mannréttindadómstól Evrópu á næstu árum sem kunni að varpa frekara ljósi á skyldur aðildarríkja til að tryggja réttindi þeirra einstaklinga sem tengjast staðgöngumæðrun, hvort heldur börnum sem þannig verða til, staðgöngumæðrum eða líffræðilegum foreldrum barns.

Laganemarnir Aron Freyr Jóhannsson, Ágústa Flosadóttir og Halldór Hrannar Halldórsson unnu reifanirnar sem hér eru birtar, en umsjónarmaður með heftinu var Ásgerður Ragnarsdóttir hdl.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit

1. hefti 2015 (janúar – júní)

2. gr. Réttur til lífs

Asiye Genç gegn Tyrklandi. Dómur frá 27. janúar 2015	
<i>Lækniaðstoð. Jákvæðar skyldur. Rannsókn vegna andláts.</i>	9
Lambert o.fl. gegn Frakklandi. Dómur frá 5. júní 2015 - Yfirdeild	
<i>Stöðvun læknismeðferðar. Jákvæðar skyldur ríkis.</i>	10

3. gr. Bann við pyndingum

Elberte gegn Lettlandi (sjá reifun undir 8. gr.)	
Apostu gegn Rúmeníu (sjá reifun undir 8. gr.)	
M.S. gegn Króatíu. Dómur frá 19. febrúar 2015	
<i>Nauðungarvistun á sjúkrahúsi. Aðbúnaður. Einangrun. Réttaraðstoð...</i>	13
<i>Meðalhóf.</i>	13
Cestaro gegn Ítalíu. Dómur frá 7. apríl 2015	
<i>Mótmælaaðgerðir. Valdbeiting lögreglu.</i>	14
Ilievska gegn Makedóníu. Dómur frá 7. maí 2015	
<i>Valdbeiting lögreglu. Meðalhóf.</i>	16
Identoba o.fl. gegn Georgíu (sjá reifun undir 14. gr.)	
Lutsenko gegn Úkraínu. Dómur frá 11. júní 2015	
<i>Aðbúnaður fanga. Aðstæður í réttarsal. Vanvirðandi meðferð.</i>	17

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Chitos gegn Grikklandi. Dómur frá 4. júní 2015	
<i>Samningur um vinnuskyldu. Viðurlög. Meðalhóf.</i>	19

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

M.S. gegn Króatíu (sjá reifun undir 3. gr.)	
Corbet o.fl. gegn Frakklandi (sjá reifun undir 6. gr.)	
Magee o.fl. gegn Bretlandi. Dómur frá 12. maí 2015	
<i>Handtaka. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Gæsluvarðhald.</i>	
<i>Réttarúrræði.</i>	21
Grabowski gegn Póllandi. Dómur frá 30. júní 2015	
<i>Frelssvipting. Lagaheimild. Vistun ungmenna á stofnun.</i>	22

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Bochan gegn Úkraínu. Dómur frá 5. febrúar 2015	
<i>Fullnusta dóms Mannréttindadómstólsins. Endurupptaka mála.</i>	24
Corbet o.fl. gegn Frakklandi. Dómur frá 10. mars 2015	
<i>Rannsóknarnefnd. Sakamál. Réttur til að fella ekki á sig sök.</i>	
<i>Gæsluvarðhald.</i>	25

A.T. gegn Lúxemborg. Dómur frá 9. apríl 2015	
<i>Rannsókn sakamáls. Réttindi sakbornings. Aðstoð lögmanns.</i>	26
Vamvakas gegn Grikklandi (nr. 2). Dómur frá 9. apríl 2015	
<i>Meðferð sakamáls. Réttindi sakbornings. Skyldur lögmanna.</i>	27
Morice gegn Frakklandi (sjá reifun undir 10. gr.)	
Mitrinovski gegn gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu. Dómur frá 30. apríl 2015	
<i>Frávikning dómara úr embætti. Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll.</i>	29
Lhermitte gegn Belgíu. Dómur frá 26. maí 2015	
<i>Refsidómur. Sakhæfi. Sérfræðimat lækna.</i>	30
Schmid-Laffer gegn Sviss. Dómur frá 16. júní 2015	
<i>Pagnarréttur sakbornings. Meðferð sakamáls. Sönnunargögn.</i>	31
7. gr. Engin refsing án laga	
Rohlena gegn Tékklandi. Dómur frá 27. janúar 2015 – Yfirdeild	
<i>Skýrleiki refsheimilda. Tengsl eldri og yngri refsilaga. Afturvirkni.</i>	34
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	
Elberte gegn Lettlandi. Dómur frá 13. janúar 2015	
<i>Meðferð líks. Líffæranám. Lagaheimild.</i>	36
Dragojević gegn Króatíu. Dómur frá 15. janúar 2015	
<i>Rannsókn sakamáls. Símhleranir. Skýrleiki lagaheimilda. Meðalhóf.</i>	37
Paradiso og Campanelli gegn Ítalíu. Dómur frá 27. janúar 2015	
<i>Staðgöngumæðrun. Skráning barns. Ættleiðing. Svipting umsjár. Meðalhóf.</i>	39
Apostu gegn Rúmeníu. Dómur frá 3. febrúar 2015	
<i>Aðbúnaður gæsluvarðhaldsfanga. Rannsókn sakamáls. Vernd persónuupplýsinga.</i>	41
Penchevi gegn Búlgaríu. Dómur frá 10. febrúar 2015	
<i>Börn. Forsjá. Ferðafrelsi.</i>	42
Bohlen gegn Þýskalandi og August von Hannover gegn Þýskalandi. Dómur frá 19. febrúar 2015	
<i>Auglýsingar. Viðskiptaleg tjáning. Lögbann. Opinberar persónur.</i>	43
Y.Y. gegn Tyrklandi. Dómur frá 10. mars 2015	
<i>Auðkenni og sjálfsmynd. Transfólk. Skilyrði aðgerðar til að leiðrétta kyn. Lagaheimild.</i>	44
Khan gegn Þýskalandi. Dómur frá 23. apríl 2015	
<i>Útlendingar. Fjölskyldulíf. Brottvisun úr landi.</i>	46
Y gegn Slóveníu. Dómur frá 28. maí 2015	
<i>Kynferðisbrot. Sönnun. Meðferð sakamáls. Réttindi brotþola. Skyldur lögmanna.</i>	47

Khoroshenko gegn Rússlandi. Dómur frá 30. júní 2015 – Yfirdeild <i>Fangar. Afplánun lífstíðardóms. Réttur til heimsóknna. Réttur til fjölskyldulífs. Meðalhóf.</i>	48
---	----

10. gr. Tjáningarfrelsi

Rubins gegn Lettlandi. Dómur frá 13. janúar 2015 <i>Opinberir starfsmenn. Gagnrýni á vinnuveitendur. Uppsögn.</i>	51
Haldimann o.fl. gegn Sviss. Dómur frá 24. febrúar 2015 <i>Blaðamenn. Góð trú. Leynileg sjónvarpsupptaka. Málefni sem á erindi til almennings.</i>	52
Almeida Leitão Bento Fernandes gegn Portúgal. Dómur frá 12. mars 2015 <i>Útgáfa bókar. Persónulegar upplýsingar. Meiðyrði.</i>	54
Morice gegn Frakklandi. Dómur frá 23. apríl 2015 - Yfirdeild <i>Óvilhallur dómstóll. Tjáningarfrelsi lögmanna. Ummæli um dómara. Gildisdómar.</i>	55
Delfi AS gegn Eistlandi. Dómur frá 16. júní 2015 – Yfirdeild <i>Ærumeiðandi ummæli á vefsíðu. Ábyrgð eiganda að vefsíðu. Réttindi og skyldur fjölmiðla.</i>	58
Erla Hlynisdóttir gegn Íslandi (nr. 3). Dómur frá 2. júní 2015 <i>Hlutverk fjölmiðla. Blaðamenn. Góð trú. Umfjöllun um sakamál.</i>	59

11. gr. Funda- og félagafrrelsi

Junta Rectora Del Ertzainen Nazional Elkartasuna (ER.N.E.) gegn Spáni. Dómur frá 21. apríl 2015 <i>Lögreglumenn. Bann við verkföllum.</i>	81
--	----

14. gr. Bann við mismunun

Identoba o.fl. gegn Georgíu. Dómur frá 12. maí 2015 <i>Réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks. Jákvæðar skyldur. Mótmælaganga. Valdbeiting lögreglu. Rannsókn á ofbeldisbrotum.</i>	83
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	
Vékony gegn Ungverjalandi. Dómur frá 13. janúar 2015 <i>Opinber leyfi. Atvinnurekstur. Meðalhóf.</i>	86
S.L. og J.L. gegn Króatíu. Dómur frá 7. maí 2015 <i>Sala fasteignar án samþykkis eigenda. Hagsmunir barna. Jákvæðar skyldur.</i>	87
Bélané Nagy gegn Ungverjalandi. Dómur frá 10. febrúar 2015 <i>Réttur til greiðslu örorkubóta. Missir bótaréttar.</i>	88
Gogitidze o.fl. gegn Georgíu. Dómur frá 12. maí 2015 <i>Eignaupptaka. Löggjöf gegn spillingu.</i>	89
Couturon gegn Frakklandi. Dómur frá 25. júní 2015	

<i>Bætur fyrir eignarnám. Ákvörðun um fjárhæð bóta.</i>	90
--	----

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Tahirov gegn Aserbaídsjan. Dómur frá 11. júní 2015

<i>Framboð til almennra þingkosninga. Meðmælendalistar. Ógilding. Málsmeðferð.</i>	92
---	----

2. gr. Réttur til lífs

Asiye Genç gegn Tyrklandi

Dómur frá 27. janúar 2015

Mál nr. 24109/07

2. gr. Réttur til lífs

Læknisaðstoð. Jákvæðar skyldur. Rannsókn vegna andláts.

1. Málsatvik

Kærandi er tyrkneskur ríkisborgari, fædd árið 1976. Þann 30. mars 2005 kom hún þunguð og með hríðir á almenningssjúkrahús í Gümüşhane. Degi síðar fæddi hún með keisaraskurði ófullburða dreng og bar fljótlega á öndunarörðugleikum hjá honum. Á sjúkrahúsinu var ekki viðeigandi nýburadeild og ákváðu læknar að flytja barnið á annað almenningssjúkrahús sem var í 110 km fjarlægð. Stuttu eftir miðnætti þann 1. apríl 2005 synjaði það sjúkrahús barninu um innlögn með vísan til þess að ekki væri rými á nýburadeild þess. Barnið var í kjölfarið flutt til baka á skurð- og fæðingarmiðstöð sjúkrahúsins í Gümüşhane. Þar útskýrði vakthafandi læknir að engir nýburakassar væru tiltækir og ráðlagði foreldrunum að fara aftur með barnið á almenningssjúkrahúsið. Þegar þangað kom neituðu læknar enn að leggja barnið inn vegna skorts á rými á nýburadeildinni. Barnið lést síðan í sjúkrahúsinu.

Foreldrar barnsins lögðu fram kæru gagnvart viðkomandi heilbrigðisstarfsfólki. Í kjölfarið hófust tvær rannsóknir, annars vegar sakamálarannsókn á vegum ákæruvaldsins og hins vegar stjórnsýslurannsókn að frumkvæði heilbrigðisráðuneytisins. Báðum rannsóknnum var hætt án þess að frekar væri aðhafst.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að rannsókn tyrkneska ríkisins á andláti sonar hennar hefði verið verulega áfátt og að brotið hefði verið gegn réttinum til lífs samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Hún byggði jafnframt á því að þær aðstæður sem leiddu til andláts sonar hennar hefðu verið svo slæmar að það varðaði við 3. gr. sáttmálans. Ennfremur var á því byggt að skortur á réttarúrræðum til að komast að því hver bæri ábyrgð á andlátinu fæli í sér brot gegn 13. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi kæruefni eingöngu kalla á skoðun á grundvelli réttarins til lífs samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Leysa þyrfti úr því hvort yfirvöld hefðu gripið til ráðstafana, sem með sanngirni mátti ætlast til, í því skyni að koma í veg fyrir andlát barnsins og vernda líf þess. Að mati dómstólsins gat sjúkrahúsinu þar sem barnið var fætt ekki hafa dulist að hann væri í lífshættu yrði honum synjað um innlögn á annað sjúkrahús. Talið var að áður en ákveðið var að senda barnið á annað

2. gr. Réttur til lífs

sjúkrahús hefðu ekki verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að innlögnum yrði samþykkt. Þannig hefði ríkið ekki tryggt með viðunandi hætti skipulag og starfsemi almennrar heilsugæsluþjónustu. Tekið var fram að barnið hefði ekki dáið vegna annmarka á meðferð, heldur sökum þess að því bauðst alls engin meðferð. Við þessar aðstæður væri um að ræða synjun á lækni meðferð sem leiddi til þess að líf barnsins var í hættu.

Dómstóllinn taldi það jafnframt ekki standast með hliðsjón af 2. gr. sáttmálans að yfirvöld skyldu koma í veg fyrir að það heilbrigðisstarfsfólk sem synjaði barninu um innlög væri saksótt. Hefði með réttu mátt gera þá kröfu að gengið yrði úr skugga um hvort og þá að hvaða marki athafnir starfsfólksins samrýmdust gildandi reglum og að leitað yrði þess sem bæri ábyrgð á annmörkum í því sambandi. Engin tilraun hefði verið gerð til að ganga úr skugga um hvernig eftirfylgni við reglur um innlög nýbura á bráðadeild eða samhæfingu nýburaþjónustu hefði verið háttáð í þessu tilviki. Að sama skapi hefði ekki farið fram skoðun á ástæðum þess að skort hefði grundvallaraðstöðu, sér í lagi nýburakassa. Með hliðsjón af þessu taldi dómstóllinn að viðbrögð tyrkneska réttarkerfisins við andlát barnsins hefðu verið ófullnægjandi. Þá hefði rannsókn málsins hefði verið ábótavant og hefði hún ekki beinst að þeim grundvallarþáttum í heilbrigðisþjónustu ríkisins sem ekki hefðu verið tryggðir.

Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að tyrkneska ríkið hefði brugðist skyldum sínum samkvæmt 2. gr. sáttmálans.

Tyrkneska ríkinu var gert að greiða kæranda 65.000 evrur í miskabætur. Þrír dómarmar skiluðu sameiginlegu séráliti.

Lambert o.fl. gegn Frakklandi **Dómur frá 5. júní 2015 - Yfirdeild**

Mál nr. 46043/14

2. gr. Réttur til lífs

Stöðvun lækni meðferðar. Jákvæðar skyldur ríkis.

1. Málsatvik

Kærendur eru Pierre Lambert, Viviane Lambert, David Philippon og Anne Tuarze. Þau eru öll ættingjar Vincent Lambert (hér eftir VL), sem lenti í alvarlegu bílslysi 29. september 2008. Hann lamaðist fyrir neðan háls og er algjörlega upp á aðra kominn. VL er vistaður á spítala fyrir sjúklinga sem eru við litla sem enga meðvitund, en hann var skilgreindur í því ástandi af læknum. Á árinu 2012 tóku starfsmenn spítalans að merkja það sem þeir töldu vera mótþróa við daglegri umönnun. Í kjölfarið hóf læknameymi hans málsmeðferð í því skyni að binda enda á líf hans samkvæmt þarlandum lögum um réttindi sjúklinga sem kallast *Leonetti* lögin. Þeirri málsmeðferð lauk með ákvörðun um að hætt skyldi að veita VL næringu og tók ákvörðunin gildi 10. apríl 2013. Kærendur leituðu hinn 9. maí sama ár til stjórnsýsludómstóls og kröfðust þess að byrjað yrði að veita VL næringu að

2. gr. Réttur til lífs

nýju og hvers konar umönnun sem ástand hans krefðist. Fallist var á kröfu þeirra tveimur dögum síðar.

Í september sama ár var málið tekið fyrir að nýju af yfirlækni þeirrar deildar þar sem VL var vistaður. Yfirlæknirinn ráðfærði sig við sex aðra lækna, þar af þrjá sem störfuðu ekki við sama spítala. Hann boðaði til tveggja funda með öllum fjölskyldumeðlimum, en þar mæltu RL og sex af átta systkinum fyrir því að meðferð yrði hætt en kærendur gegn því. Í kjölfar samráðs við lækna var tekin ákvörðun um að hætta meðferð þann 11. janúar 2014. Ákvörðunin var ítarlega rökstudd og kynnt fjölskyldu VL samdægurs. Kærendur kærðu ákvörðunina til stjórnsludómstóls og felldi hann ákvörðunina úr gildi. Þeirri ákvörðun var áfrýjað af RL, spítalanum og einum frænda VL til æðsta stjórnsludómstóls.

Stjórnsludómstóllinn tók málið fyrir þann 14. febrúar 2014 og taldi að viðkomandi löggjöf um stöðvun meðferðar sjúklinga ætti við. Hins vegar var talið að afla þyrfti frekari gagna um heilsu VL og var óskað eftir ýmsum gögnum frá læknum og sérfræðingum. Í kjölfarið var kveðinn upp dómur í málinu og talið að ákvörðun um að hætta meðferð VL hefði verið lögmæt. Talið var að mat á læknisfræðilegu ástandi VL hefði verið vel ígrundað og stutt álit fleiri en eins sérfræðings. Þá var meðal annars litið til yfirlýsinga RL og bróður VL um að kærandi hefði sagt við fleiri en eitt tilefni að hann vildi ekki láta halda sér á lífi væri hann með öllu háður vélum til að lifa.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum *Kæran*

Kærendur töldu að stöðvun meðferðar VL fæli í sér brot á réttinum til lífs og ómannlega meðferð í skilningi 2. og 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 2. gr.: Dómstóllinn tók fram að óumdeilt væri að VL myndi látast ef meðferð yrði hætt. Jafnframt áréttaði dómstóllinn að í 2. gr. fælist ekki eingöngu skylda franska ríkisins til að taka ekki fólk af lífi heldur einnig jákvæð skylda til að tryggja líf fólks á sínu yfirráðasvæði með viðeigandi hætti. Áréttað var að gera yrði greinarmun á líknardrápi eða sjálfsmorði með aðstoð læknis annars vegar og stöðvun lífsnauðsynlegrar meðferðar hins vegar. Tekið var fram að sú franska löggjöf sem um ræddi fæli í sér úrræði til stöðvunar á meðferð þegar ekkert meira væri hægt að gera fyrir sjúklinginn. Í ljósi þessa tók dómstóllinn til skoðunar hvort franska ríkið hefði brotið gegn jákvæðum skyldum sínum samkvæmt 2. gr. sáttmálans. Tekið var fram að ekki væri samstaða meðal aðildarríkjanna um stöðvun meðferðar sjúklinga eða umfang þess úrræðis. Hins vegar væri samstaða um að vilji sjúklings skipti höfuðmáli. Með hliðsjón af því bæri að ljá ríkjum talsvert rúmt svigrúm til mats við ákvörðun fyrirkomulags löggjafar að þessu leyti.

Dómstóllinn vísaði til þess að þess mats franska dómstólsins að heimilt væri að hætta meðferð ef hún væri gagnslaus, úr tengslum við sjúkdóminn eða hagsmuni

2. gr. Réttur til lífs

sjúklings eða hefði engan annan tilgang en að framlengja líf sjúklings. Þá var tekið fram að ekki mætti almennt túlka meðvitundarleysi eða skort á vitneskju um afstöðu sjúklings til áframhaldandi meðferðar með þeim hætti að hann skyldi ekki hljóta frekari meðferð. Komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að til staðar væri lagaumhverfi sem ákvörðun um að hætta meðferð gæti grundvallast á. Talið var að ákvörðunarferlið hefði í þessu tilviki verið vandað og þess verið gætt að ganga ekki lengra en lög mæltu fyrir um. Vísað var til þess að franskir dómstóllinn hefði leitað sérfræðiálita og skýrslna til staðfestingar á afstöðu yfirlæknisins og þannig leitast við að kanna hvort skilyrði laga til að hætta meðferð væru uppfyllt. Jafnframt var bent á að yfirlæknirinn hefði lagt sérstaka áherslu á vilja sjúklingsins og hefði leitast við að fá skýringar ættingja á þessu atriði. Með hliðsjón af svigrúmi ríkisins til mats komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að sú ítarlega og vel ígrundaða meðferð sem leiddi til ákvörðunar um að hætta meðferð VL hefði ekki falið í sér brot á 2. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi ekki nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um brot gegn 3. gr. sáttmálans.

3. gr. Bann við pyndingum

Elberte gegn Lettlandi

Dómur frá 13. janúar 2015

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Meðferð líks. Líffæranám. Lagaheimild.

Apostu gegn Rúmeníu

Dómur frá 3. febrúar 2015

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Aðbúnaður gæsluvarðhaldsfanga. Rannsókn sakamáls. Vernd persónuupplýsinga.

M.S. gegn Króatíu

Dómur frá 19. febrúar 2015

Mál nr. 75450/12

3. gr. Bann við pyndingum

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Nauðungarvistun á sjúkrahúsi. Aðbúnaður. Einangrun. Réttaraðstoð. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi er króatískur ríkisborgari. Árið 2012 leitaði hún á slysadeild vegna verkja í mjóbaki. Læknar komust að þeirri niðurstöðu að hún þjáðist auk bakverkja af geðsjúkdómi. Því var hún lögð inn á geðdeild sjúkrahússins, gegn vilja sínum og var fjötruð við sjúkrarúm í einangrunarklefa. Dómstóll staðfesti áframhaldandi vistun kæranda á geðdeild sjúkrahússins, en hún hafði krafist þess að vera látin laus og kvartaði yfir slæmri meðferð á sjúkrahúsinu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hún hefði þurft að þola frelsissviptingu í andstöðu við 5. gr. sáttmálans og að hún hefði sætt ómannlegri og vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn tók fram að bæði kærandi og systir hennar hefðu kvartað yfir aðbúnaði kæranda á sjúkrahúsinu þar sem hún sætti einangrun um tíma. Í kvörtunum þeirra hefðu komið fram skilmerkilegar upplýsingar um meðferðina og hvaða áhrif hún hefði haft á heilsufar kæranda, auk þess sem stuðst hefði verið við læknisfræðileg gögn. Því taldi dómstóllinn að yfirvöldum hefði borið skylda til þess að taka kvartanir þeirra alvarlega og bregðast við með viðeigandi

3. gr. Bann við pyndingum

hætti. Dómstóllinn lagði áherslu á að eingöngu bæri að beita þvingunaraðgerðum gagnvart geðsjúkum, s.s. fjötrum og einangrun, þegar önnur vægari úrræði væru sannarlega ekki fyrir hendi. Þannig yrði beiting slíkra úrræða að byggjast á reglum um meðalhóf, taka mið af réttindum sjúklinga til þess að fá slíkar ráðstafanir endurskoðaðar, auk þess sem þær mættu ekki vara lengur en nauðsynlegt væri.

Dómstóllinn taldi að fyrirliggjandi læknisfræðileg gögn hefðu ekki gefið til kynna að yfirvofandi hætta væri á að kærandi ylli sjálfri sér eða öðrum sjúklingum skaða. Þó að hún hefði gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt, hefði það eitt og sér ekki réttlætt þá meðferð sem hún var látin sæta á sjúkrahúsinu. Þá var ekki sýnt fram á að önnur vægari úrræði hefðu verið reynd eða verið talin árangurslaus. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið gætt meðalhófs við ákvörðun um meðferð kæranda. Jafnframt hefði ekki verið fylgst með fullnægjandi hætti með ástandi kæranda á meðan á einangrunarvist hennar stóð. Því taldi dómstóllinn að meðferð kæranda hefði verið ómannleg og vanvirkandi þannig að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Dómstóllinn tók fram að kæranda hefði verið skipaður lögmaður þegar mál vegna nauðungarvistunar hennar var tekið fyrir hjá dómstólum. Hann hefði þó ekki hitt kæranda eða veitt henni ráðgjöf varðandi málið, heldur í raun verið hlutlaus áhorfandi við meðferð málsins. Talið var að yfirvöld hefðu brugðist skyldum sínum til að tryggja að kærandi fengi fullnægjandi réttaraðstoð, enda væri ekki nægilegt að skipa lögmann ef hann veitti ekki raunverulega lögfræðilega aðstoð. Vísað var til þess að jafnvel þó dómari í máli kæranda hefði heimsótt hana á sjúkrahúsið hefði hann ekki upplýst hana um réttindi sín, svo sem réttinn til að vera viðstödd réttarhöld. Samkvæmt þessu væru ýmsir annmarkar á þeirri málsmeðferð sem lá til grundvallar nauðungarvistun kæranda. Hefðu yfirvöld því ekki uppfyllt skyldur sínar til að tryggja réttindi kæranda samkvæmt 5. gr. sáttmálans.

Cestaro gegn Ítalíu

Dómur frá 7. apríl 2015

Mál nr. 6884/11

3. gr. Bann við pyndingum

Mótmælaaðgerðir. Valdbeiting lögreglu.

1. Málsatvik

Kærandi er ítalskur ríkisborgari fæddur árið 1939 og búsettur í Róm. Þann 19. til 21. júlí 2001 var haldinn í Genóa fundur G8-hópsins. Samhliða fundinum höfðu nokkur frjáls félagasamtök skipulagt annars konar fund til að sýna andstöðu við hnattvæðingu. Meðan á fundunum stóð geisðu í borginni mikil átök og ofbeldi. Hundruð mótmælenda og öryggissveitarmanna særðust af völdum táragass og ýmis hverfi voru illa farin vegna óeirða.

Borgaryfirvöld höfðu boðið mótmælendum náttstað í skóla einum. Lögreglu var gert viðvart um að svartklædd ungmenni, sem talin voru hafa staðið að baki skemmdarverkum, hefðu farið þar inn og um miðnætti aðfaranótt 22. júlí réðust

3. gr. Bann við pyndingum

öryggissveitarmenn inn í skólann. Kærandi, þá 62 ára að aldri, sat upp við vegg í skólanum með uppréttar hendur. Það dundu á honum nokkur högg og hann hlaut fleiri en eitt beinbrot. Kærandi hefur aldrei náð sér fyllilega af afleiðingum áverkanna.

Í kjölfar þriggja ára langrar rannsóknar voru 28 meðlimir öryggissveitanna leiddir fyrir rétt. Tólf þeirra voru dæmdir ífangelsti og var þeim gert að greiða sameiginlega með innanríkisráðuneytinu málskostnað, útgjöld og skaðabætur til borgaranna sem urðu fyrir tjóni vegna aðgerðanna. Kærandi fékk 35.000 evrur í bætur. Þann 31. júlí 2010 hnektti áfrýjunardómstóll dóminum að hluta og var sú niðurstaða að meginstefnu til staðfest á æðsta dómstigi landsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að hann hefði sætt ofbeldi og illri meðferð af hálfu öryggissveitarmanna sem fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að æðsti dómstóll Ítalíu hefði lagt áherslu á að ofbeldið, sem beitt var í skólanum, hefði miðað að því að „refsa, hefna, auðmýkja og valda þolendum líkamlegum og andlegum þjáningum“. Taldi sá dómstóll að lýsa mætti háttseminni sem „pyndingum“ í skilningi 1. gr. samningsins gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Dómstóllinn vísaði til þess að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefðu lögreglumenn veist að kæranda með spörkum og kylfum, sem hefðu dunið margsinnis á ýmsum líkamshlutum hans, valdið fleiri en einu beinbroti og leitt til varanlegs máttleysis í hægri handlegg og hægri fótlegg. Þá bæri ekki að vanmeta þann ótta og kvíða sem kærandi hlýti að hafa fundið fyrir. Lögð var áhersla á að verulega skorti á orsakasamband milli háttsemi kæranda og valdbeitingar lögreglu. Talið var að kærandi hefði í reynd sætt illri meðferð algjörlega að tilefnislausu og að meðferðin gæti ekki skoðast sem hófleg leið yfirvalda til að ná settum markmiðum. Að mati dómstólsins voru líkur á að sú spennan sem ríkti vegna aðgerða lögreglunnar í skólanum stafaði af ákvörðun um að gera handtökum hátt undir höfði í fréttum yfirvöldum til framdráttar. Hefði hvorki verið fylgt 3. gr. sáttmálans né meginreglum þjóðaréttar við aðgerðirnar.

Hvað varðar rannsókn málsins benti dómstóllinn á að þeir lögreglumenn sem réðust á kæranda hefðu aldrei verið auðkenndir. Það gæti að einhverju leyti skýrst af hlutlægum örðugleikum saksóknara í málum sem þessum, en einnig var talið að skort hefði á samvinnu lögreglunnar. Það var sérstaklega harmað að lögreglan skyldi hafa komist upp með að synja yfirvöldum um nauðsynlega samvinnu til að unnt væri að auðkenna þá lögreglumenn sem hefðu verið viðriðnir meðferð sem teldist til pyndinga. Þá hefðu ákveðin brot fyrnst vegna þess langa tíma sem rannsóknin tók. Í ljósi framangreinds taldi dómstóllinn yfirvöld ekki hafa gripið til viðeigandi ráðstafana vegna þeirrar alvarlegu háttsemi sem um ræddi og að málsmeðferð staðist ekki kröfur 3. gr. sáttmálans. Dómstóllinn benti sérstaklega

3. gr. Bann við pyndingum

á að ítölsk refsilöggjöf hefði einnig lagt ófullnægjandi refsingu við pyndingum og skort þau varnaðaráhrif sem þyrfti til að koma í veg fyrir svipuð brot gegn 3. gr. í framtíðinni.

Ítalska ríkinu var gert að greiða kæranda 45.000 evrur í miskabætur.

Ilievska gegn Makedóníu

Dómur frá 7. maí 2015

Mál nr. 20136/11

3. gr. Bann við pyndingum

Valdbeiting lögreglu. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi gekkst undir lyfjameðferð vegna krabbameins í apríl 2009. Í október 2009 bað eiginmaður hennar um aðstoð læknis vegna þess að kærandi væri illa haldin af kvíða og öðrum andlegum kvillum. Samkvæmt læknisráði var kærandi flutt nauðug á geðsjúkrahús í Skopje og sá lögregla um flutninginn. Kærandi hélt því fram að hún hefði verið handjárnud með hendur fyrir aftan bak á leiðinni á geðsjúkrahúsið og að lögreglumaður hefði setið á fótum hennar alla leiðina. Þá hefði hún einnig sætt hótunum frá lögreglumönnum og verið beitt líkamlegu ofbeldi. Hún lagði fram kærú á hendur lögreglumönnum en þeir voru sýknaðir fyrir dómi vegna skorts á sönnunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að meðferð lögreglunnar hefði falið í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að eins og hér var ástatt hefði ekki verið hægt að sýna fram á það með óyggjandi hætti að áverkar kæranda hefðu komið til vegna meðferðar lögreglunnar. Hins vegar bentu læknisfræðileg gögn eindregið til þess að kærandi hefði verið handjárnud á leiðinni á geðsjúkrahúsið. Við mat á því hvort notkun handjarna hefði verið réttlætánleg í þessu tilviki taldi dómstóllinn ljóst að kærandi hefði verið illa haldin af andlegum kvillum og að lögreglumennirnir hefðu vitað af ástandi hennar. Lögreglan hefði borið ábyrgð á kæranda á meðan á flutningnum stóð og var bent á að ástand hennar hefði verið sérstaklega viðkvæmt vegna andlegra og líkamlegra veikinda tengdum krabbameinsmeðferð hennar. Í ljósi fyrirbyggjandi gagna taldi dómstóllinn líkur á því að lögreglan hefði notað handjárn í þessu tilviki til að koma í veg fyrir að kærandi skaðaði sjálfa sig. Hins vegar hefðu dómstólar í heimalandi kæranda ekki tekið til sérstakrar skoðunar hvort gætt hafi verið meðalhófs við aðgerðir lögreglunnar. Þá hefðu yfirvöld ekki sýnt fram á að ómögulegt hefði verið að grípa til annarra vægari úrræða til að tryggja öryggi

3. gr. Bann við pyndingum

kæranda á meðan á flutningum stóð. Því taldi dómstóllinn að um brot gegn 3. gr. sáttmálans væri að ræða.

Makedónska ríkinu var gert að greiða kæranda 5.000 evrur í miskabætur.

Identoba o.fl. gegn Georgíu

Dómur frá 12. maí 2015

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks. Jákvæðar skyldur. Mótmælaganga. Valdbeiting lögreglu. Rannsókn á ofbeldisbrotum.

Lutsenko gegn Úkraínu

Dómur frá 11. júní 2015

Mál nr. 29334/11

3. gr. Bann við pyndingum

Aðbúnaður fanga. Aðstæður í réttarsal. Vanvirðandi meðferð.

1. Málsatvik

Kærandi, Yuriy Lutsenko, er úkraínskur ríkisborgari fæddur árið 1964. Hann var innanríkisráðherra Úkraínu frá 2005 til 2006 og frá desember 2007 til mars 2010. Frá því í ágúst 2014 hefur hann verið leiðtogi Petro Porshenko stjórnmála-flokksins. Í desember 2010 var hann sakaður um ýmis brot, þar á meðal fjádrátt. Hann var handtekinn 26. desember sama ár og vistaður í fangelsi ætluðu einstak-lingum sem bíða réttarhalds fram í ágúst 2012 að frátöldum nokkrum dögum þar sem hann var vistaður á sjúkrahúsi. Í febrúar 2012 var hann sakfelldur fyrir brot sín og dæmdur til fjögurra ára fangelsisvistar. Dómurinn var staðfestur 3. apríl 2013 af áfrýjunardómstól. Honum var sleppt úr fangelsi 7. apríl 2013 eftir að hafa verið náðaður af úkraínska forsetanum.

Á meðan kærandi var vistaður í fangelsi deildi hann níu fermetra fanga- klefa með einum til tveimur föngum í senn. Samkvæmt kæranda var klefinn illa loftræstur, skorti hreinlætisaðstöðu og drykkjarvatn. Kærandi greindist með sykursýki, magabólgur og botnlangabólgu skömmu fyrir handtökuna og taldi sig hafa fengið ófullnægjandi lækniaðstöð í fangelsinu. Þegar málið gegn kæranda var tekið fyrir var honum komið fyrir í stóru málmbúri í réttarsalnum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að aðstaða hans í gæsluvarðhaldi, sú lækniaðstöð er hann fékk og sú staðreynd að hann var settur í stórt málmbúr á meðan málið var tekið fyrir fæli í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar aðstöðu kæranda á meðan hann var í haldi. Tekið var fram að frá 28. desember 2010 til 8. maí 2011 hefði kærandi deilt níu

fermetra klefa með tveimur öðrum. Hefði kærandi því einungis haft tæpa þrjá fermetra af gólfplássi fyrir sjálfan sig, en salernisaðstaða tók talsvert gólfpláss. Með vísan til fyrri dómaframkvæmdar var talið að þessi meðferð á kæranda hefði verið vanvirðandi. Meðan á síðari hluta vistunar kæranda stóð hafði hann hins vegar fjóra fermetra út af fyrir sig, auk þess sem ekki var sýnt fram á að lýsingu eða loftræstingu hefði verið ábótavant. Þá hefði kærandi fengið að hreyfa sig þrisvar sinnum á dag í eina klukkustund í senn. Tekið var fram að enda þótt í sumum klefum hefði verið takmarkað pláss á milli svefnaðstöðu og salernisaðstöðu þá leiddi það eitt og sér ekki til þess að um vanvirðandi eða ómannlega meðferð væri að ræða. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans að þessu leyti í síðari hluta gæsluvarðhaldsins.

Hvað varðar lækni meðferð kæranda tók dómstóllinn fram að fylgst hefði verið vel með heilsu hans frá upphafi gæsluvarðhaldsins. Þannig hlaut hann ítarlega lækni skoðun sem fól meðal annars í sér að lífssýni voru rannsökuð og teknar voru röntgenmyndir. Þá hefði kærandi verið undir reglulegu eftirliti lækna meðan á gæsluvarðhaldinu stóð, þar á meðal var hann skoðaður daglega af lækni á meðan hann var í hungurverkfalli. Talið var að þótt dráttur hefði í eitt sinn verið á því að kærandi væri fluttur á spítala leiddi það einstaka tilvik ekki til brots á 3. gr. sáttmálans.

Um vistun kæranda á meðan mál hans var til meðferðar fyrir dómi var tekið fram að hann hefði mætt 79 sinnum fyrir dóminn á átta mánaða tímabili, en á sama tíma hefði hann glímt við sjúkdóma sem þörfnuðust stöðugar meðferðar. Tekið var fram að í maí 2011 og janúar 2012 hefði kærandi þurft að þola sérlega slæma meðferð er hann beið löngum stundum í litlu biðherbergi og þurfti að sitja í dómsal í lengri tíma án matar. Vannæring og heilsa kæranda hefði leitt til þess að hann var uppgefinn og sárþjáður á tíma þar sem hann þurfti á öllum kröftum sínum og athygli að halda. Talið var að með þessari meðferð hefði verið brotið gegn kæranda. Jafnframt taldi dómstóllinn að það hefði ekki verið nokkur ástæða til að vista kæranda í málmbúri á meðan málið var tekið fyrir í dómi, enda væri kærandi með hreint sakavottorð og engin ástæða til að óttast að hann yrði ofbeldisfullur. Tekið var fram að eini tilgangurinn með þessari vistun virtist vera að lítillækka kæranda fyrir almenningi og fjölmiðlum. Með þessari meðferð var jafnframt talið að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans.

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Chitos gegn Grikklandi

Dómur frá 4. júní 2015

Mál nr. 51637/12

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

Samningur um vinnuskyldu. Viðurlög. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi, George Chitos, er grískur ríkisborgari fæddur árið 1968 og búsettur í Thessaloníku á Grikklandi. Árið 1986 sótti kærandi um inngöngu í heilbrigðisdeild herskóla. Hann var þar á launum og átti rétt á ýmsum félagslegum bótum. Um sex ára skeið stundaði hann endurgjaldslaust læknisfræðinám við Háskóla Thessaloníku gegn því skilyrði að hann starfaði hjá hernum tvöfaldan námstíma sinn, þ.e. í tólf ár. Í fimm ár að telja frá árinu 1996 sérhæfði kærandi sig frekar í faginu. Þann 22. janúar 2006 lét kærandi af störfum hjá hernum, en í september það ár var honum tilkynnt að hann skuldaði níu ár, fjóra mánuði og tólf daga af herstörfum. Ef hann vildi ekki starfa þann tíma þurfti hann að greiða sekt sem nam tæplega 107.000 evrum. Kærandi áfrýjaði málinu og var réttaráhrifum ákvörðunarinnar frestað. Engu að síður var kærandi krafinn um greiðslu sektarinnar. Þá var honum tilkynnt að dráttarvextir myndu leggjast á fjárhæðina. Með dómi 12. desember 2013 var staðfest niðurstaða um vinnuskyldu kæranda en sekt hans var lækkuð verulega.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að skylda hans til að vera í hernum um langt skeið eða greiða háa fjárhæð í sekt fæli í sér nauðungarvinnu í skilningi 2. mgr. 4. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði gengist undir gagnkvæmt samkomulag við gríska ríkið. Hann hefði stundað nám án endurgjalds og fengið laun, en í staðinn hefði verið ætlast til þess að hann innti af hendi störf hjá hernum í tiltekinn árafjölda. Vísað var til þess að skylduvinna hermanna eftir nám, sem ríkið greiði fyrir, sé samkvæmt grískum lögum hluti af starfi þeirra sem hermenn. Þá var fallist á að það markmið ríkisins að tryggja að fá fjárfestingu sína til baka væri lögmætt. Jafnframt taldi dómstóllinn það hafa þýðingu að kærandi hefði öðlast sérhæfingu sem svæfingarlæknir í gegnum herþjónustu og hefði vegna þessa tækifæri til að starfa sjálfstætt utan vinnutíma hjá hernum. Ennfremur var vísað til þess að lækna-nemar hjá hernum nytu ýmissa fríðinda sem hinn almenni læknanemi nyti ekki, svo sem launa á meðan á námi stæði og starfsöryggis.

Þrátt fyrir framangreint komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði

4. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

verið gætt meðalhófs í málinu. Talið var að sú fjárhæð sem kæranda var gert að greiða hefði verið hófleg, en lögð áhersla á að kæranda hefði verið gert að greiða hana í heild sinni þrátt fyrir ákvörðun um frestun réttaráhrifa og áfrýjun málsins. Þá hefði ekki verið gert ráð fyrir að kærandi gæti greitt skuld sína í afborgunum, heldur stóð hann frammi fyrir dráttarvöxtum væri upphæðin ekki greidd innan mánaðar. Með vísan til þessa var talið að sérlega og óhæfilega þung byrði hefði verið lögð á kæranda í andstöðu við 2. mgr. 4. gr. sáttmálans.

Gríska ríkinu var gert að greiða kæranda 5.000 evrur í málskostnað og 5.000 evrur í miskabætur.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

M.S. gegn Króatíu

Dómur frá 19. febrúar 2015

Sjá reifun dómsins undir 3. gr.

Nauðungarvistun á sjúkrahúsi. Aðbúnaður. Einangrun. Réttaraðstoð. Meðalhöf.

Corbet o.fl. gegn Frakklandi

Dómur frá 10. mars 2015

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Rannsóknarnefnd. Sakamál. Réttur til að fella ekki á sig sök. Gæsluvarðhald.

Magee o.fl. gegn Bretlandi

Dómur frá 12. maí 2015

Mál nr. 26289/12 og 29891/12

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Handtaka. Réttur til að vera leiddur fyrir dómara. Gæsluvarðhald. Réttarúr-ræði.

1. Málsvik

Kærendur voru handteknir vegna rannsóknar lögreglu á morði lögreglu-manns. Þeir voru leiddir fyrir dómara 48 klukkustundum eftir handtökuna og var gert að sæta gæsluvarðhaldi í fimm daga. Gæsluvarðhaldið var síðar framlengt, en kærendum var loks sleppt úr haldi án ákæru eftir tólf daga gæsluvarðhaldsvist. Samkvæmt ákvæðum hryðjuverkalöggjafar í Norður-Írlandi var lögreglu heimilt að hafa sakborning í haldi í allt að 28 daga áður en ákæra var gefin út, en skylt var að leita til dómara innan 48 klukkustunda til að fá úrskurð um lögmæti handtök-unnar. Leita þurfti heimildar dómara á sjö daga fresti meðan á gæsluvarðhaldi stóð. Þó að dómari hefði leyfi til að hafna beiðni lögreglu um gæsluvarðhald yfir sakborningi var honum ekki heimilt að úrskurða að sakborningur gæti fengið lausn gegn tryggingu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að gæsluvarðhaldsvist þeirra hefði brotið gegn 3. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að 3. mgr. 5. gr. sáttmálans varðaði tvenns konar aðstæður. Annars vegar réttindi sakbornings eftir handtöku og þar til hann væri

leiddur fyrir dómara og hins vegar gæsluvarðhaldsvist sakbornings eftir að hann hefði verið leiddur fyrir dómara. Hvað varðaði fyrri hlutann var tekið fram að tryggja yrði möguleika sakbornings til að bera lögmæti handtöku undir dómstóla áður en til ákæru gæti komið. Þessi skoðun dómstóla ætti að vera skjótvirk og fara fram án þess að sakborningur gerði kröfu um slíkt. Þá yrði slík skoðun að vera framkvæmd af hlutlausum dómara, sem legði mat á lögmæti og ástæður handtökunnar. Dómstóllinn taldi að þessi skilyrði hefðu verið uppfyllt í máli kæranda og tók í kjölfarið til skoðunar hvort gæsluvarðhaldsvist þeirra hefði verið réttlæt看anleg. Tekið var fram að kærundur hefðu tvisvar verið færðir fyrir dómara, en að hann hefði ekki haft vald til þess að úrskurða um lausn þeirra úr gæsluvarðhaldi gegn tryggingu. Dómstóllinn taldi þó að kærundur hefðu þurft að sæta gæsluvarðhaldi í fremur stuttan tíma eða tólf daga og að vistunin væri réttlæt看anleg með vísan til rökstudds gruns um refsivert athæfi. Að mati dómstólsins var ekki fallist á að krafa um að unnt væri að sækja um lausn úr gæsluvarðhaldi gegn tryggingu hjá dómara félli undir 3. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að kærundur hefðu haft fjölmörg úrræði til þess að fá úrlausn dómstóla um lögmæti handtöku þeirra og gæsluvarðhaldsvist. Tekið var fram að gæsluvarðhald hefði aðeins varað í sjö daga í senn áður en leita þurfti til dómara á nýjan leik og að það hefði lengst getað varað í 28 daga áður en ákæra yrði gefin út. Jafnframt var vísað til þess að sterk rök yrðu að liggja til grundvallar framlengingar gæsluvarðhalds og að kærundur gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri fyrir dómi. Þá hefðu kærundur haft tækifæri til að áfrýja niðurstöðunni til æðri dómstóls. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 5. gr. sáttmálans.

Grabowski gegn Póllandi

Dómur frá 30. júní 2015

Mál nr. 57722/12

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Frelsisvipting. Lagaheimild. Vistun ungmenna á stofnun.

1. Málsatvik

Kærandi er pólskur ríkisborgari fæddur árið 1995 og búsettur í Kraká. Þann 7. maí 2012 þegar kærandi var 17 ára gamall var hann handtekinn vegna gruns um vopnuð rán. Kærandi var upphaflega vistaður á sérstakri gæsluvarðhaldsstofnun fyrir börn, en með dómsúrskurði var ákveðið að vista hann á stofnun fyrir afbrotaunglinga í þrjá mánuði eða til 7 ágúst 2012. Í júlí 2012 ákvað héraðsdómstóll að mál kæranda skyldi sótt á grundvelli laga um afbrotaunglinga. Þegar slík ákvörðun var tekin var almennt ekki talin þörf á sérstakri ákvörðun um framlengingu vistunar á stofnun, þ.e. talið var að ákvörðun um áframhaldandi vistun fælist í ákvörðun um málsmeðferð.

Að lokinni þriggja mánaða vistun kæranda sótti hann um að fá lausn, en

héraðsdómstóll synjaði beiðninni þann 9. ágúst 2012. Kærandi var vistaður á stofnuninni þar til endanlegur dómur féll í máli hans í janúar 2013, en hann var sakfelldur og dæmdur í tveggja ára skilorðsbundið fangelsi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að vistun hans á stofnuninni án dómsúrskurðar hefði falið í sér ólögmeta frelsissviptingu og brotið gegn d. lið 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að frá 7. ágúst 2012 til dómsuppkvaðningar 9. janúar 2013 hefði enginn dómur verið til staðar um vistun kæranda. Hafi hann því verið frelsissviptur á grundvelli þess eins að héraðsdómur hafði ákveðið að taka mál hans til meðferðar. Ekki voru til staðar ákvæði í lögum sem heimiluðu framlengingu á vistun afbrotanglinga á stofnun við þessar aðstæður og var því ekki talið að túlkun pólska ríkisins á lögum uppfyllti kröfur um fyrirsjáanleika og lögmæti. Var því talið að frelsissvipting kæranda hefði skort lagastöð og að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 5 gr. sáttmálans. Þá var tekið fram að þegar beiðni kæranda um lausn úr vistuninni var tekin fyrir í ágúst 2012 hefði dómari ekki kannað lagaleg skilyrði fyrir vistuninni eða nauðsyn hennar. Talið var að pólska ríkið hefði einnig gerst brotlegt að þessu leyti. Jafnframt tók dómstóllinn fram að umboðsmaður pólska þjóðþingsins hefði bent á umrædda ágalla á kerfinu á árinu 2013, en ríkið hefði fram til þessa ekki gert ráðstafanir til að bregðast við þessari aðstöðu. Pólska ríkið þyrfti að breyta landslögum svo tryggt væri að frelsissvipting, hvort sem varðaði ungmenni eða fullorðna, færi ekki fram nema með dómsúrskurði.

Kæranda voru dæmdar 5.000 evrur í miskabætur.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Bochan gegn Úkraínu

Dómur frá 5. febrúar 2015

Mál nr. 22251/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Fullnusta dóms Mannréttindadómstólsins. Endurupptaka mála.

1. Málsatvik

Kærandi, Mariya Ivanivna Bochan, er úkraínskur ríkisborgari, fædd árið 1917. Frá 1997 hefur hún krafist viðurkenningar á eignarrétti sínum að tilteknu landi fyrir dómstólum, en þeirri kröfu verið hafnað. Hún beindi kæru til Mannréttindadómstólsins og taldi að málsmeðferð í heimalandi hennar bryti í bága við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Í dómi frá 3. maí 2007 komst Mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn rétti kæranda til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans og voru henni dæmdar miskabætur. Með vísan til þessa krafðist kærandi þess að Hæstiréttur Úkraínu tæki mál hennar upp að nýju þannig að fallist yrði á kröfur hennar að öllu leyti. Þeirri beiðni var hafnað í mars 2008.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að ákvörðun Hæstaréttar Úkraínu tæki ekki nægilegt tillit til dóms Mannréttindadómstólsins frá 3. maí 2007 og að með þessu hefði verið brotið gegn rétti hennar til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort ákvæði 46. gr. sáttmálans stæði því í vegi að mál kæranda yrði tekið fyrir, þar sem ráðherranefnd Evrópuráðsins hefði enn ekki fjallað um fullnustu dómsins frá 3. maí 2007. Talið var að hlutverk ráðherranefndarinnar vegna fullnustu dóma kæmi ekki í veg fyrir að dómstóllinn tæki kæru til meðferðar sem varðaði viðbrögð ríkis við fyrri áfellsidómi, enda byggðist kæran á nýjum upplýsingum sem ekki hefði verið tekin afstaða til í fyrri dóminum. Dómstóllinn taldi því að umrædd kæra, sem varðaði ákvörðun Hæstaréttar frá mars 2008, væri tæk til meðferðar.

Dómstóllinn ítrekaði að aðildarríki sáttmálans hefðu vald til þess að ákveða hvernig dómum hans yrði framfylgt í heimaríkinu. Ekki væru fyrir hendi samræmdar reglur um hvernig bregðast ætti við dómum, svo sem um möguleika á endurupptöku mála kæranda. Þó yrði að telja að aðildarríkjunum bæri skylda til að veita kærendum úrræði til að fá mál sín tekin upp að nýju þegar um brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans væri að ræða. Dómstóllinn ítrekaði að ákvæðið heimilaði

eingöngu endurskoðun á niðurstöðum dómstóla aðildarríkjanna þegar um væri að ræða geðþóttaákvörðanir eða niðurstæða þeirra hefði verið bersýnilega órökrétt. Dómstóllinn taldi að umrædd ákvörðun Hæstaréttar Úkraínu frá mars 2008 hefði verið byggð á rangri túlkun á niðurstöðu dóms Mannréttindadómstólsins frá 3. maí 2007. Raunar taldi dómstóllinn að niðurstæðan hefði ekki byggst á misskilningi á efni umrædds dóms, heldur hefði niðurstæðan verið byggð á geðþótta dómenda og þannig verið komið í veg fyrir framgang réttvísinnar. Talið var að afleiðingin væri sú að kærandi átti þess ekki kost að fá kröfu sína skoðaða á grundvelli réttlátrar málsmeðferðar innan heimaríkis síns. Því var talið að umrædd ákvörðun Hæstaréttar Úkraínu hefði brotið gegn rétti kæranda til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Úkraínska ríkinu var gert að greiða kæranda 10.000 evrur í miskabætur.

Corbet o.fl. gegn Frakklandi

Dómur frá 10. mars 2015

Mál nr. 7493/11, 7494/11, / & 7989/11

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

6. gr. Réttlát málsmeðferð fyrir dómi

Rannsóknarnefnd. Sakamál. Réttur til að fella ekki á sig sök. Gæsluvarðhald.

1. Málsatvik

Kærendur, Yves Léonzi, Jean-Charles Corbet og Christian Paris, eru franskir ríkisborgarar fæddir 1957, 1952 og 1954. Þeir tóku allir þátt í yfirtöku á flugfélaginu Air Liberté í því skyni að bjarga því frá gjaldþroti. Frönsku flugfélögin AOM og Air Liberté voru hluti af Swissair samsteypunni, sem var lýst ógjaldfær í október 2001, og tekin af markaði í mars 2002.

Í febrúar 2003 var Air Liberté tekið til gjaldþrotaskipta. Mánuði síðar var rannsóknarnefnd skipuð af franska þinginu til að rannsaka fall flugfélagsins og komu kærendur allir fyrir nefndina. Nefndin skilaði skýrslu um að kærendur hefði auðgast verulega á aðstæðum sem tengdust flugfélaginu. Kærendur sættu í kjölfarið allir sakamálarannsókn. Corbet var gert að sæta tveggja sólarhringa gæsluvarðhaldi frá 22. til 24. júlí. Kærendur voru allir ákærðir og sakfelldir árið 2007. Áfrýjun á þeim grundvelli að nýtt hefðu verið gögn frá rannsóknarnefndinni þar sem réttur þeirra til að fella ekki á sig sök hefði ekki verið virtur, bar ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu á því að við meðferð málsins hefði ekki verið virtur réttur þeirra til að fella ekki á sig sök samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Þá byggði einn kærenda á því að gæsluvarðhald sem hann sætti hefði falið í sér ólögmeta frelsissviptingu í skilningi 5. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 6. gr.: Dómstóllinn tók fram að kærendum hefði verið skylt að mæta fyrir rannsóknarnefndina, enda teljist synjun á slíku vera refsínæmt brot sem varði allt að tveggja ára fangelsi og 7500 evra sekt. Við þessar aðstæður væri til staðar ákveðin þvingun sem geti valdið vafa á því hvort kærandur hafi notið réttarins til að neita að tjá sig og fella ekki á sig sök. Þannig taldi dómstóllinn ekki útilokað að notkun upplýsinga frá slíkri nefnd fæli í sér brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Tekið var fram að það væri ekki eðli upplýsinganna sem slíkra sem skipti grundvallarmáli, heldur hvort gögnin væru notuð til að fella sök á kærandur.

Dómstóllinn tók fram að af hálfu saksóknara hefði lítið sem ekkert verið vísað til skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Þá hefðu yfirlýsingar kæranda fyrir nefndinni einungis verið notaðar við meðferð málsins til að sýna fram á aðstæður kæranda, en ekki til stuðnings því að þeir hefðu gerst sekir um þau brot sem um ræddi. Þannig hefði skýrsla nefndarinnar hvorki verið eina sönnunargagnið um sekt kæranda né það veigamesta. Með hliðsjón af þessu var ekki talið sýnt fram á að notkun upplýsinga frá rannsóknarnefndinni hefði haft áhrif á sakfellingu kæranda þannig að það varðaði við 6. gr. sáttmálans.

Um 5. gr.: Hvað varðaði gæsluvarðhald sem kærandinn Corbet sætti tók dómstóllinn fram að vistunin hefði átt sér stoð í frönsku sakamálaöðunum fram til kl. 14:00 þann 24. júlí 2003. Vistun frá þeim tíma og til kl. 19:43 sama dag átti sér hins vegar ekki lagastoð og var þannig brotið gegn 1. mgr. 5. gr. sáttmálans.

Franska ríkinu var gert að greiða kærandanum Corbet 3.000 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í málskostnað.

A.T. gegn Lúxemborg

Dómur frá 9. apríl 2015

Mál nr. 30460/13

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Rannsókn sakamáls. Réttindi sakbornings. Aðstoð lögmanns.

1. Málsatvik

Kærandi er breskur ríkisborgari fæddur árið 1973. Þann 4. desember 2009 var hann handtekinn í Bretlandi á grundvelli evrópskrar handtökuskipunar útgefinni í Lúxemborg, sakaður um nauðgun og blygðunarsemisbrot gagnvart barni undir 16 ára aldri. Þann 17. desember 2009 var hann afhentur yfirvöldum í Lúxemborg og yfirheyrdur hjá rannsóknarlögreglu. Samkvæmt lögregluskýrslu sem skrifuð var samdægurs neitaði kærandi í fyrstu að gefa skýrslu og óskaði eftir aðstoð lögmanns, en féllst að endingu á viðtal þar sem hann neitaði sök. Daginn eftir yfirheyrdi rannsóknardómari hann í viðurvist skipaðs lögmanns og hélt kærandi sig við það sem hann hafði áður greint lögreglu frá.

Þann 31. mars 2011 var kærandi dæmdur í sjö ára fangelsi, þar af þrjú ár skilorðsbundin. Í dóminum var fullyrt að kærandi hefði breytt „útgáfu“ sinni af atvikum í sífellu og að engin sönnunargögn lægju fyrir sem gæfu tilefni til að

draga í efa framburð brotaþola. Þann 7. febrúar 2012 staðfesti áfrýjunardómstóll dóminn. Dómstóllinn leit sérstaklega til munar á frásögn kæranda í viðtali við lögreglu og framburði hans fyrir dómi. Kærandi hafði kvartað yfir að hafa ekki notið lögmannaðstoðar í umræddu viðtali, en dómstóllinn fullyrti að hann hefði að endingu fallist á skýrslugjöf án aðstoðar lögmanns. Kærandi afplánar nú dóminn í fangelsi í Lúxemborg.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. og c-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn ítrekaði að í réttinum til réttlátrar málsmeðferðar fælist að sakborningur fengi aðstoð lögmanns allt frá fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu, nema sýnt væri fram á að knýjandi nauðsyn krefðist fráviks frá þessu.

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar það viðtal sem kærandi fór í hjá lögreglu í desember 2009 án þess að lögmaður væri viðstaddur. Vísað var til þess að á þessum tíma hefði aðstoð lögmanns við lögregluviðtöl aðeins verið lögboðin við vissar aðstæður og að svo hefði ekki verið þegar um var að ræða handtöku samkvæmt evrópskri handtökuskipun útgefinni í Lúxemborg. Af þeim sökum var kæranda sjálfkrafa synjað um lögmannaðstoð við viðtalið. Vísað var til þess að áfrýjunardómstóllinn hefði lagt alla áherslu á að kærandi hefði samþykkt að gefa skýrslu án lögmannaðstoðar og því raunar ekki skoðað hvort heimilt væri að líta til þess sem kærandi hefði sagt í viðtalinu. Þvert á móti hefði verið höfð hliðsjón af því sem fram kom í viðtalinu í rökstuðningi fyrir sakfellingu kæranda. Að mati dómstólsins hafði áfrýjunardómstóllinn hvorki skoðað hinar umþrættu aðstæður með fullnægjandi hætti né leitast við að bæta úr þeirri staðreynd að kærandi fékk ekki lögmannaðstoð. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn c-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans, sem og 1. mgr. 6. gr., þar sem látið var undir höfuð leggjast að veita kæranda lögmannaðstoð sem hann átti rétt til og ekki var bætt úr afleiðingum þess af hálfu innlendra dómstóla.

Dómstóllinn lagði áherslu á mikilvægi þess að lögmaður og skjólstaðingur gætu rætt saman áður en að yfirheyrslu kæmi, enda gæti það skipt sköpum um það hvort skjólstaðingurinn þekkti réttindi sín. Talið var að löggjafanum bæri að tryggja slíkt með afdráttarlausum hætti, en að það væri ekki gert samkvæmt lögum Lúxemborgar.

Vamvakas gegn Grikklandi (nr. 2)

Dómur frá 9. apríl 2015

Mál nr. 2870/11

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Meðferð sakamáls. Réttindi sakbornings. Aðstoð lögmanns.

1. Málsatvik

Kærandi er grískur ríkisborgari fæddur árið 1953. Þann 16. janúar 2006 var hann dæmdur í átta ára fangelsi fyrir fjársvik og skjalafals. Þegar áfrýjunardómstóll átti að taka málið fyrir þann 20. maí 2009 tilkynnti kærandi réttinum að hann yrði ekki viðstaddur sjálfur, en að tveir lögmenn myndu koma fram fyrir sína hönd. Þegar til kom mætti þó hvorugur þeirra. Dómstóllinn skipaði kæranda nýjan lögmann og frestaði dómþingi til 27. maí 2009 til að gefa honum færi á að kynna sér skjöl málsins.

Þann 27. maí 2009 stytta áfrýjunardómstóllinn dóminn yfir kæranda í sjö ára fangavist. Þann 1. júní 2009 áfrýjaði kærandi dóminum til Hæstaréttar Grikklands og óskaði eftir því að honum yrði skipaður lögmaður. Kæranda var skipaður lögmaður 2. janúar 2010, en málinu var vísað frá 25. febrúar sama ár þar sem kærandi hafði ekki mætt við fyrirtöku hjá réttinum. Að sögn kæranda hafði lögmaður hans fullvissað hann um að hann myndi mæta. Lögmaðurinn kom þó hvorki fyrir dóminn né veitti kæranda neinar skýringar á fjarveru sinni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að hann hefði ekki notið raunhæfrar lögfræðiaðstoðar, enda hefði skipaður lögmaður hans látið undir höfuð leggjast að sækja dómþing og hefði það leitt til þess að máli hans var vísað frá Hæstarétti Grikklands. Kærandi taldi að með þessu hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 1. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn lagði áherslu á að markmið sáttmálans væri að tryggja raunverulega vernd réttinda, en ljóst væri að skipun lögmanns væri ekki fullnægjandi ein og sér til að tryggja rétt sakbornings til að halda uppi vörnum. Talið var að ríkjum gæti verið skylt að grípa til aðgerða þegar athygli þeirra væri vakin á annmörkum við málsvörn fyrir dómstólum. Þó leiddi skylda til íhlutunar eingöngu af 3. mgr. 6. gr. sáttmálans þegar bersýnilegt væri að skipaður lögmaður sinnti ekki hlutverki sínu. Væri lögbærum yfirvöldum gert viðvart um slík tilvik yrðu þau að skipa nýjan lögmann eða tryggja að viðkomandi lögmaður rækti hlutverk sitt, enda væri ókeypis réttaráðstoð ella merkingarlaus.

Talið var að þegar lögmaður, sem hefði verið sérstaklega skipaður til að sinna málsvörn fyrir skjólstæðing, kæmist af einhverjum ástæðum ekki við fyrirtöku

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

máls bæri honum að gera viðvart um slíkt og grípa til viðeigandi ráðstafana til að vernda réttindi og hagsmuni skjólstæðings síns. Lögmaður kæranda virtist aldrei hafa útskýrt að hann gæti ekki rækt hlutverk sitt. Í þessu tilviki var talið ólíklegt að viðkomandi lögmaður hefði með símtali óskað eftir frestun fyrirtökunnar líkt og hann hélt nú fram, enda hefði honum þá áreiðanlega verið kynnt að nauðsynlegt væri að senda skriflega beiðni um slíkt eða fá annan lögmann til að mæta fyrir dóminn á tilsettum degi og biðja um frestun.

Dómstóllinn taldi að þar sem grísk lög gerðu ekki ráð fyrir því að unnt væri að breyta ákvörðun um frávísun máls hefði Hæstarétti Grikklands borið að kanna nánar ástæður fjarvistar lögmanns kæranda. Þannig hefði mátt vera ljóst að viðkomandi lögmaður sinnti ekki hlutverki sínu og bar að fresta fyrirtöku til að afla frekari skýringa á þeirri stöðu sem uppi var. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 1. mgr. og c-lið 3. mgr. 6. gr. sáttmálans með því að tryggja ekki rétt kæranda til málsvarnar með fullnægjandi hætti.

Gríska ríkinu var gert að greiða kæranda 2.000 evrur í miskabætur.

Morice gegn Frakklandi - Yfirdeild

Dómur frá 23. apríl 2015

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Óvilhallur dómstóll. Lögmenn. Ummæli um dómara. Gildisdómar.

Mitrinovski gegn gegn fyrrum Júgóslavíulýðveldinu Makedóníu

Dómur frá 30. apríl 2015

Mál nr. 6899/12

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Frávikning dómara úr embætti. Sjálfstæður og óvilhallur dómstóll.

1. Málsatvik

Kærandi er makedónskur ríkisborgari fæddur árið 1950 og búsettur í Skopje. Hann var áður dómari við áfrýjunardómstól í borginni. Þann 6. desember 2006 var hann einn dómenda í þrískipuðum dómi og greiddi þar atkvæði með þeirri ákvörðun að breyta gæsluvarðhaldi tiltekins sakbornings í stofufangelsi. Síðar komst Hæstiréttur Makedóníu að þeirri niðurstöðu að áfrýjunardómstóllinn hefði skort lögsögu til að fjalla efnislega um beiðni sakborningsins. Samdægurs komst sakamáladeild Hæstaréttar, sem forseti réttarins sat í, að þeirri niðurstöðu að tveir dómaranna sem áttu hlut að ákvörðuninni hefðu sýnt af sér misferli í starfi. Forseti Hæstaréttar fór síðan fram á að dómstólaráð ríkisins, sem hann sat einnig í, slægi því föstu að kærandi og annar dómari hefðu sýnt af sér misferli í starfi.

Í maí 2011 ákvað fullskipað dómstólaráð að víkja kæranda úr dómarastarfi. Áfrýjun kæranda til áfrýjunardeildar sem Hæstiréttur setti á fót var vísað frá í september 2011.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Hann byggði meðal annars á því að dómstólaráðið sem tók ákvörðun um að víkja honum úr starfi hefði ekki verið sjálfstæður og óvilhallur dómstóll, enda hefði einn meðlima þess, forseti Hæstaréttar, áður staðið að ákvörðun um að hann hefði sýnt af sér misferli í starfi.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að í krafti embættis síns sæti forseti Hæstaréttar Makedóníu í dómstólaráði landsins. Samkvæmt þágildandi lögum gat niðurstaða ráðsins um misferli dómara í starfi ekki leitt til annars en brottvikningar hans. Sérhver meðlimur dómstólaráðs gat óskað þess að ráðið skæri úr um að dómari hefði sýnt af sér misferli. Í tilviki kæranda hefði það verið forseti Hæstaréttar sem óskaði eftir slíku í kjölfar niðurstöðu sakamálaeildar réttarins um misferli í starfi. Við þessar aðstæður taldi dómstóllinn kæranda hafa haft réttmæta ástæðu til að óttast að forsetinn væri persónulega sannfærður um að vísa bæri sér úr starfi og að sú afstaða hefði legið fyrir áður en málið kom fyrir dómstólaráð. Þá hefði málsmeðferð fyrir dómstólaráði verið sett af stað að frumkvæði forsetans, en hann hefði lagt fram gögn og röksemdir til stuðnings staðhæfingum um misferli kæranda í starfi. Að mati dómstólsins hafði forsetinn komið fram sem eins konar sækjandi málsins og í kjölfarið tekið þátt í ákvörðun um brottvikningu kæranda sem meðlimur dómstólaráðs.

Dómstóllinn taldi að það kerfi sem heimilaði forseta Hæstaréttar, sem hafði í reynd sett málsmeðferðina af stað, að taka þátt í ákvörðun um að víkja kæranda úr starfi, væri til þess fallið að valda réttmætum vafa um óhlutdrægni hans. Talið var sýnt fram á að hlutverk forsetans við meðferð málsins hefði hvorki huglægt né hlutrænt séð verið óhlutdrægt. Hefði því verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru dæmdar 4.000 evrur í miskabætur og 1.230 evrur í málskostnað.

Lhermitte gegn Belgíu

Dómur frá 26. maí 2015

Mál nr. 34238/09

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Refsidómur. Sakhæfi. Sérfræðimat lækna.

1. Málsatvik

Kærandi er belgískur ríkisborgari, fædd árið 1966. Hún afplánar nú lífstíðardóm vegna manndráps í fangelsi í Belgíu. Þann 28. febrúar 2007 hringdi kærandi í neyðarlínu og tilkynnti að hún hefði myrt fimm börn sín og reynt að fremja

sjálfsmorð. Þegar lögregla og sjúkralið mætti á heimili hennar kom í ljós að börn hennar höfðu verið myrt og að kærandi var með áverka eftir sjálfa sig. Þann 17. júní 2008 var kærandi ákærð fyrir að hafa valdið dauða barna sinna. Við rannsókn málsins var aflað sérfræðialits um geðrænt ástand kæranda þegar hún framdi morðin. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði verið haldi alvarlegum kvíða og þunglyndi þegar hún framdi verknaðinn, en að hún hefði engu að síður verið fær um að stjórna gerðum sínum.

Við meðferð sakamáls gegn kæranda voru sömu sérfræðingar fengnir til þess vinna viðbótarmatsgerð um andlegt ástand hennar og kom þar fram að hún hefði þjáðst af langvarandi geðrænum kvillum sem hefðu haft veruleg áhrif á gjörðir hennar umræddan dag. Þá var talið að hún þjáðist enn af slíkum kvillum og þyrfti að sæta meðferð vegna þeirra. Þann 19. desember 2008 var komist að þeirri niðurstöðu að kærandi væri sakhæf og hún dæmd til lífstíðarfangelsis. Þann 8. janúar 2009 áfrýjaði kærandi dóminum og hélt því fram að brotið hefði verið gegn rétti hennar til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Áfrýjunardómstóll hafnaði kröfu hennar og staðfesti dóm undirrættarins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að málsmeðferð dómstóla hefði brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem sakhæfi og sakfelling hennar hefðu verið illa rökstudd auk þess sem sérfræðimati lækna um sakhæfi hefði verið hafnað án rökstuðnings.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að mat á geðrænu sakhæfi kæranda hefði falið í sér sérfræðilegar spurningar og svör sem kærandi hefði átt erfitt með að skilja til fullnustu. Talið var að líta yrdi á málaferlin gegn kæranda sem eina heild og meta heildstætt hvort rökstuðningur dómstóla fyrir sakhæfi hennar hefði verið fullnægjandi. Dómstóllinn benti á að það hefði verið mat dómstóla í heimalandi kæranda að hún hefði framið verknaðinn með yfirlögðum og kaldrifjudum hætti. Þá hefði þeirri málsvörn kæranda að hún hefði ekki verið sakhæf þegar hún framdi verknaðinn verið hafnað með afgerandi og rökstuddum hætti í niðurstöðum dómstóla. Þegar litið væri til málaferlanna í heild og rökstuðningsins sem þar kom fram yrði því ekki talið að kærandi hefði átt að velkjast í vafa um þau atriði sem dómurinn byggði rökstuðning sinn á. Nánar tiltekið hefði kvíddómur talið kæranda sakhæfa og seka um verknaðinn, en rökstuðningur fyrir því hefði komið fram í staðfestingu dómara á niðurstöðu kvíddómsins. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að rökstuðningur fyrir sakfellingu kæranda hefði verið fullnægjandi og að ekki hefði verið brotið gegn rétti hennar til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Þír dómarrar skiluðu séráliti.

Schmid-Laffer gegn Sviss

Dómur frá 16. júní 2015

Mál nr. 41269/08

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Þagnarréttur sakbornings. Meðferð sakamáls. Sönnunargögn.

1. Málsatvik

Kærandi, Sibylle Schmid-Laffer, er svissneskur ríkisborgari fædd árið 1975. Þann 31. júlí 2001 stakk M.S., sem þá var unnusti kæranda, O.S. með hnífi en kærandi var þá að skilja við O.S. M.S. var yfirheyrður af lögreglu og játaði verknadinn á staðnum. Þann 1. ágúst 2001 var tekin ítarleg skýrsla af kæranda, en hún hafði þá ekki verið handtekin. Þann 23. ágúst sama ár var hún handtekin og sett í gæsluvarðhald. Hún játaði að hafa hvatt M.S. til að myrða þáverandi eiginmann sinn og staðfesti játningu sína í frekari viðtölum hjá lögreglu. Þann 5. september 2001 var henni skipaður verjandi. Í kjölfarið dró hún játningu sína til baka og neitaði að hafa átt nokkra aðkomu að brotinu. Þann 26. febrúar 2004 var kærandi sakfelld og dæmd til sjö ára fangelsisvistar fyrir tilraun til manndráps, að setja líf annars í hættu og rangar sakargiftir.

Kærandi áfrýjaði málinu en dómurinn var staðfestur. Alríkisdómstóll ógildi þá niðurstöðu með vísan til þess að brotið hefði verið gegn rétti kæranda til að neita að tjá sig og fella ekki á sig sök. Þann 6. júní 2007 tók áfrýjunardómstóll málið fyrir á ný og komst að þeirri niðurstöðu að taka mætti tillit til upplýsinga sem kærandi veitti áður en hún var formlega í haldi lögreglu, en að óheimilt væri að líta til upplýsinga sem hún veitti á meðan hún var í haldi og hafði ekki verið kynntur réttur sinn. Talið var að þau gögn sem heimilt væri að líta til nægðu til sakfellingar kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem við yfirheyrslur hjá lögreglu hefði henni ekki verið greint frá réttinum til að neita að tjá sig. Vegna þessa hefði réttur hennar til að halda uppi vörnum í sakamáli jafnframt verið skertur.

Niðurstaða

Dómstóllinn lagði áherslu á að kanna yrði hvort meðferð málsins hefði í heild sinni verið í samræmi við rétt kæranda til réttlátrar málsmeðferðar, þar með talið hvernig sönnunargagna var aflað. Tekið var fram að nálgast yrði staðhæfingar grunaðra einstaklinga, án þess að þeim hefði verið kynntur réttur sinn til að neita að tjá sig og fella ekki á sig sök af mikilli varúð. Við mat á því hvort í þessu tilviki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda til réttlátrar málsmeðferðar lagði dómstóllinn áherslu á að kanna yrði aðstæður heildstætt. Tekið var fram að dómstólar í heimaríkinu hefðu ekki aðeins byggt niðurstöðu sína á yfirheyrslu

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

kærandi þann 1. ágúst 2001, heldur hafi jafnframt verið byggt á öðrum gögnum til stuðnings sakfellingu hennar. Ennfremur benti dómstóllinn á að staðhæfingar kærandi við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 1. ágúst hefðu verið þess eðlis að hún var í kjölfarið frjáls ferða sinna og hefði hún því ekki felld sök á sjálfa sig í umrætt sinn. Samkvæmt framangreindu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans í þessu tilviki.

7. gr. Engin refsing án laga

Rohlena gegn Tékklandi

Dómur frá 27. janúar 2015 – Yfirdeild

Mál nr. 59552/08

7. gr. Engin refsing án laga

Skýrleiki refsheimilda. Tengsl eldri og yngri refsilaga. Afturvirkni.

1. Málsvatik

Kærandi er fæddur árið 1966 og búsettur í Tékklandi. Árið 2006 var hann ákærður fyrir að hafa frá árinu 2000 til 2006 ítrekað misþyrmt eiginkonu sinni líkamlega og andlega. Árið 2007 var hann sakfelldur fyrir að hafa með viðvarandi hætti misþyrmt eiginkonu sinni, eins og brotið var skilgreint í hegningarlögum Tékklands frá 1. júní 2004. Var umrætt ákvæði hegningarlaga talið ná til verknaða fyrir gildistökudag laganna, enda hefðu þeir verið refsiverðir samkvæmt öðru lagaákvæði þegar þeir voru framdir. Sakfellingin var staðfest fyrir áfrýjunardómstól og Hæstarétti Tékklands.

Hæstiréttur Tékklands vísaði til dómaframkvæmdar sinnar um að þegar lítið væri á viðvarandi brot sem eitt afbrot bæri að meta refsinemi þess samkvæmt þeim lögum sem í gildi hefðu verið þegar síðasti verknaðurinn var framinn. Vísað var til þess að lög næðu einnig til fyrri verknaða að því gefnu að þeir hefðu verið refsiverðir samkvæmt eldri lögum. Talið var að verknaðir kæranda fyrir gildistöku hegningarlaganna 1. júní 2004 hefðu fallið undir ákvæði eldri hegningarlaga um ofbeldi gegn einstaklingi og líkamsárás.

Árið 2008 vísaði stjórnlagadómstóll áfrýjun kæranda frá. Þann 18. apríl 2013 komst undirdeild Mannréttindadómstóls Evrópu einróma að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 7. gr. sáttmálans.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að refsilögum hefði verið beitt með afturvirkum hætti honum í óhag og í andstöðu við 7. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að kærandi hefði verið sakfelldur fyrir brot á ákvæði hegningarlaga sem hefði tekið gildi árið 2004 og að sakfellingin hefði náð til brota sem áttu sér stað fyrir þann tíma. Vísað var til þess að innlendir dómstólar hefðu talið að líta bæri á viðvarandi brot sem einn verknað, sem yrði að meta með hliðsjón af gildandi lögum á þeim tíma sem síðasti verknaðurinn ætti sér stað, að því gefnu að verknaðir sem áttu sér stað fyrir gildistöku laganna hefðu verið refsiverðir samkvæmt eldri lögum. Tekið var fram að verknaðir kæranda fyrir 1. júní 2004 hefðu verið refsiverðir samkvæmt þeim lögum sem þá giltu. Það að draga hann til

7. gr. Engin refsing án laga

ábyrgðar samkvæmt nýju lögunum fyrir verknaði framda fyrir gildistöku þeirra á grundvelli þess að um viðvarandi brot væri að ræða hefði því ekki falið í sér afturvirka beitingu meira íþyngjandi ákvæða hegningarlaga, eins og sáttmálinn bannaði.

Með hliðsjón af framangreindu, sem og skýrleika landslaga og túlkunar innlendra dómstóla, var talið að kærandi hefði mátt sjá fyrir að hann kynni að sæta refsíábyrgð fyrir viðvarandi brot sem tæki einnig til tímabilsins fyrir 2004. Samkvæmt þessu var talið að það brot sem kærandi var sakfelldur fyrir hefði átt sér stoð í landslögum á þeim tíma sem það var framið. Jafnframt hefðu landslög skilgreint brotið með fullnægjandi hætti þannig að uppfylltar væru kröfur 7. gr. sáttmálans um skýrleika og fyrirsjáanleika. Dómstóllinn féllst jafnframt ekki á að refsing samkvæmt lögunum frá 2004 hefði verið þyngri en ella hefði orðið. Raunar var ekki neitt fram komið sem benti til þess að nálgun innlendra dómstóla hefði leitt til þyngri refsingar. Þvert á móti var talið að kærandi hefði fengið að minnsta kosti jafnþungan dóm og mögulegra þyngri hefði refsing vegna verknaða fyrir 1. júní 2004 verið ákveðin með sjálfstæðum hætti.

Samkvæmt þessu var það einróma niðurstaða yfirdeildarinnar að ekki hefði verið brotið gegn sáttmálanum.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Elberte gegn Lettlandi

Dómur frá 13. janúar 2015

Mál nr. 61243/08

3. gr. Vanvirðandi meðferð

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Meðferð líks. Liffæranám. Lagaheimild.

1. Málsatvik

Kærandi, sem er fædd árið 1969 og búsett í Lettlandi, missti eiginmann sinn í bílslysi. Við krufningu réttarlækna voru fjarlægðir úr líkama hans vefir og sendir til lyfjafyrirtækis í Þýskalandi. Þegar kærandi fékk líkið afhent eftir krufninguna voru fótleggir þess bundnir saman. Hún komst ekki að raun um að vefir hefðu verið fjarlægðir fyrr en tveimur árum síðar í tengslum við lögreglurannsókn á meintu stórtæku og ólöglegu brotnámi líffæra og vefja úr líkum. Ekki varð af saksókn þar sem hin meintu brot voru fyrnd.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn 3. og 8. gr. sáttmálans með brotnámi vefja úr líki eiginmanns hennar án leyfis hennar. Einnig taldi hún brotið gegn 3. gr. sáttmálans þar sem hún þurfti að leggja eiginmann sinn til grafar með fótleggi hans bundna saman. Loks taldi hún brotið gegn 13. gr. sáttmálans vegna óskýrleika landslaga.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn taldi að gildandi lög hefðu ekki tryggt með fullnægjandi hætti að kærandi gæti komið á framfæri afstöðu sinni til brotnáms vefja úr látnum eiginmanni hennar og að slíkt fæli í sér skerðingu á rétti hennar til friðhelgi einkalífs. Hvað varðar lögmæti þeirrar skerðingar tók dómstóllinn til skoðunar hvort landslög hefðu verið nægilega skýr og veitt fullnægjandi vernd gegn gerræði, enda hefðu ekki verið til staðar stjórnarsýslufyrirmæli. Tekið var fram að yfirvöld greindi á um inntak gildandi laga. Þannig hefðu réttarlæknar og öryggislögreglan talið að í löggjöf væri miðað við „ætlað samþykki“, en ákærvaldið verið þeirrar skoðunar að gerð væri krafa um „upplýst samþykki“ þannig að brottmál væri einungis heimilt með samþykki gjafa (í lifanda lífi) eða ættingja. Þegar öryggislögreglan féllst loks á að þurft hefði samþykki kæranda var orðið um seinan að höfða sakamál. Þótt samþykki og synjun brotnáms vefja hefði verið settur lagalegur rammi taldi dómstóllinn ágreining yfirvalda óhjákvæmilega sýna skort á skýrleika, enda hefðu landslög ekki kveðið skýrt á um umfang skyldna eða ákvörðunarvald sérfræðinga eða annarra yfirvalda í þessum efnum. Dómstóllinn tók fram að bæði í Evrópu og á alþjóðavettvangi væri á þessu sviði lögð áhersla á að leitað skyldi

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

viðhorfa ættingja. Lögð var áhersla á að kærandi hefði hvorki verið upplýst um með hvaða hætti né hvenær hún gæti beitt rétti sínum sem nánasta ættingja í þessu sambandi.

Dómstóllinn taldi jafnframt að það hefði verið mikilvægt, einkum í ljósi þess úr hversu mörgum einstaklingum vefir hefðu verið teknir, að sjá fyrir úrræðum til að gæta jafnvægis milli réttar ættingja til að láta í ljós óskir sínar og hins rúma ákvörðunarvalds sem sérfræðingum hefði verið fengið til að fjarlægja vefi að eigin frumkvæði. Slíkt hefði hins vegar ekki verið tryggt og var talið að vegna skorts á reglum hefði kærandi ekki getað áttað sig á hvernig hún gæti komið á framfæri afstöðu sinni til brotnáms vefja úr eiginmanni sínum. Með vísan til þessa var ekki talið að fullnægjandi lagaheimild hefði verið til skerðingar á einkalífi kæranda og hefði því verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Um 3. gr.: Dómstóllinn taldi að kærandi hefði mátt þola frekari þjáningar en sem almennt leiða af andláti náins ættingja. Hún hefði þurft að þola langt tímabil angistar og óvissu um hvaða líffæri eða vefir hefðu verið fjarlægðir, með hvaða hætti og í hvaða skyni. Eftir að lögreglurannsókn hófst hefði kærandi jafnframt þurft að bíða í talsverðan tíma í óvissu um ástæður þess að fótleggir eiginmanns hennar hefðu verið bundnir saman þegar hún fékk lík hans til greftrunar. Raunar hefði hún ekki fengið réttar upplýsingar fyrr en við meðferð málsins fyrir dómstólnum. Að mati dómstólsins var óskýrleiki reglna um samþykki til þess fallinn að auka angist kæranda, auk þess sem yfirvöld hefðu ekki verið sammála um hvort löglega hefði verið staðið að brotnámi vefja og líffæra úr líkinu. Þá var lögð áhersla á að ekki hefði komið til saksóknar vegna óvissu um lögmæti umræddra athafna og sjónarmiða um fyrningu. Kærandi hefði því ekki getað fengið hlut sinn réttan, enda þótt um væri að ræða skerðingu á viðkvæmum þætti einkalífs hennar.

Dómstóllinn tók fram að á sviði líffæra- og vefjaflutninga ríkti almenn samstaða um að umgangast yrði mannslíkamann með virðingu, jafnvel eftir andlát, enda hefðu alþjóðlegir samningar verið gerðir til að vernda réttindi líffæra- og vefjagjafa, bæði lifandi og liðinna. Þá var lögð áhersla á að virðing fyrir mannlegri reisn væri kjarni Mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt þessu var talið að sú þjáning sem kærandi hefði liðið fæli ótvírætt í sér vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Lettneska ríkinu var gert að greiða kæranda 16.000 evrur í miskabætur.

Dragojević gegn Króatíu

Dómur frá 15. janúar 2015

Mál nr. 68955/11

8. gr. friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Rannsókn sakamáls. Símhleranir. Skýrleiki lagaheimilda. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi er fæddur 1982 og starfaði sem sjómaður á flutningaskipi skráðu í Króatíu. Á árinu 2007 komu fram grunsemdir um að kærandi væri viðriðinn

fíkniefnasmygl. Að beiðni saksóknara heimilaði rannsóknardómari hlerun á síma kæranda. Árið 2009 var kærandi sakfelldur fyrir fíkniefnasmygl og peningabætti og dæmdur til níu ára fangelsisvistar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með hlerun á síma hans hefði verið brotið gegn rétti hans til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að samkvæmt landslögum væri eftirlit af þessu tagi háð því að heimild hefði verið veitt fyrirfram. Í tilviki kæranda hefði ákvörðun um símhlerun, sem tekin var af rannsóknardómara, eingöngu verið byggð á staðhæfingu ákærvaldsins um að rannsóknin gæti ekki farið fram með öðru móti. Hins vegar hefðu ekki legið fyrir upplýsingar um hvort tiltækar væru aðferðir sem fælu í sér minna inngríp. Hefðu áfrýjunardómstólar fallist á að þetta væri fullnægjandi samkvæmt landslögum. Dómstóllinn tók fram að á svo viðkvæmu sviði væri erfitt að fallast á þessa túlkun landslaga, enda væri þar mælt fyrir um að dómstólar skyldu meta þörf á beitingu eftirlitsaðgerða af þessu tagi með hliðsjón af meðal-hófsreglunni. Talið var að sniðganga innlendra dómstóla á þessari kröfu gæti leitt til geðþóttaákvæðana og misnotkunar.

Við skoðun innlendra dómstóla á leynilegum eftirlitsaðgerðum í máli kæranda hafði eingöngu verið metið hvort leggja mætti fram fyrir dómi sönnunargögn sem þannig voru fengin. Hins vegar var ekki fjallað efnislega um þá röksemd kæranda að ekki hefði verið gætt að réttindum hans samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þá hefði ríkið ekki lagt fram upplýsingar um úrræði sem gætu staðið fólki í sporum kæranda til boða. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að viðkomandi löggjöf, eins og hún var túlkuð og henni beitt af innlendum dómstólum, væri hvorki nægilega skýr um umfang þess ákvörðunarvalds sem yfirvöldum væri fengið né veitti viðhlítandi vernd gegn misnotkun. Þannig hefði ákvörðun um símhleranir og eftirlit með þeim ekki samrýmst kröfum um lögmæti, auk þess sem ekki hefði verið tryggt að umrædd skerðing á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs og bréfaskipta gengi ekki lengra en nauðsynlegt væri í lýðræðislegu þjóðfélagi.

Samkvæmt þessu var það niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda til friðhelgi einkalífs og bréfaskipta samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Kæranda voru dæmdar 7.500 evrur í miskabætur.

Paradiso og Campanelli gegn Ítalíu

Dómur frá 27. janúar 2015

Mál nr. 25358/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs

Staðgöngumæðrun. Skráning barns. Ættleiðing. Svipting umsjár. Meðalhöf.

1. Málsvik

Kærendur, Donatina Paradiso og Giovanni Campanelli, eru ítölsk hjón, fædd 1967 og 1955. Eftir árangurslausa glasafrjövgun sömdu þau um staðgöngumæðrun við rússneskt félag. Í kjölfarið var fundin staðgöngumóðir og eftir glasafrjövgun fæddist barn í Moskvu þann 27. febrúar 2011. Samkvæmt rússneskum lögum voru hjónin skráð foreldrar barnsins, en ekkert kom fram um staðgönguna.

Í apríl 2011 sneru hjónin til Ítalíu með barnið og reyndu að fá upplýsingar um fæðingu þess skráða í heimabæ sínum. Hins vegar upplýsti ítalska ræðisskrifstofan í Moskvu yfirvöld um að gögn sem vörðuðu fæðingu barnsins hefðu verið fölsuð. Kærendur voru í kjölfarið ákærð fyrir rangar staðhæfingar um ríkisfang og brot gegn ættleiðingarlögum með því að hafa komið ólöglega með barnið til Ítalíu og ekki fylgt leyfi sem þau fengu til ættleiðingar árið 2006 sem útilokaði ættleiðingu svo ungs barns. Samdægurs fór saksóknari fram á að hafið yrði ferli til að fá barnið laust til ættleiðingar, enda hefði það verið yfirgefið í skilningi ítalskra laga.

Í ágúst 2011 leiddi DNA-próf í ljós að Campanelli var ekki líffræðilegur faðir barnsins. Í kjölfarið ákvað dómstóll að taka skyldi barnið þegar í stað frá kærendum, enda væru ekki til staðar líffræðileg tengsl á milli þeirra. Þá léki vafi á uppeldislegri og tilfinningalegri hæfni kæranda sem hefðu hagað sér andstætt lögum. Barninu var komið fyrir á barnaheimili og fengu kærendur hvorki að vita hvar það var niður komið né að hafa við það neitt samneyti. Í janúar 2013 var barnið fært í hendur fösturföreltra.

Í apríl 2013 var synjun skráningar gagna sem vörðuðu fæðingu barnsins í Rússlandi staðfest og vísað til þess að gögnin væru röng, enda enginn líffræðilegur skyldleiki milli barnsins og kæranda. Kærendur héldu því árangurslaust fram að þau hefðu verið í góðri trú og ekki vitað annað en að sæði eiginmannsins hefði verið notað við glasafrjövgun. Í sama mánuði fékk barnið nýtt fæðingarvottorð þar sem fram kom að foreldrar þess væru óþekktir. Þann 5. júní 2013 komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að kærendur gætu ekki lengur átt aðild að ættleiðingarferli barnsins, enda væru þau hvorki foreldrar né ættingjar þess.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans með því að taka barnið frá þeim. Þau töldu einnig að með synjun á því að skrá fæðingarvottorð barnsins væri brotið gegn ákvæðinu þar sem neitað væri að viðurkenna það fjölskyldusamband sem stofnast hafði erlendis.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði frá kærðu hjónanna vegna synjunar á að skrá fæðingarvottorð barnsins á Ítalíu þar sem innlend réttarúrræði hefðu ekki verið tæmd. Hvað varðar hinn þátt kærunnar taldi dómstóllinn að 8. gr. gæti átt við, enda hefði í reynd verið til staðar fjölskyldulíf á milli kæranda og barnsins. Þótt kærendur hefðu aðeins verið í sex mánuði með barninu hefði verið um að ræða mikilvægan tíma á ungru ævi þess og þau komið fram gagnvart barninu sem foreldrar. Dómstóllinn taldi að ráðstafanir sem fólust í því að barnið var tekið frá kærendum og komið í umsjá lögráðamanns teldust til skerðinga á friðhelgi einkalífs. Talið var að þessar ráðstafanir hefðu verið í samræmi við lög, enda hefðu þær ekki einkennst af geðþóttu. Þá hefðu þær miðað að því lögmæta markmiði að firra glundroða að því marki sem háttsemi kæranda hefði verið andstæð lögum.

Við mat á því hvort nauðsyn hefði borið til þessarar skerðingar á friðhelgi einkalífs kæranda tók dómstóllinn til skoðunar hvort gætt hefði verið eðlilegs jafnvægis milli almannahagsmuna og einkahagsmuna kæranda. Tekið var fram að við slíkt mat yrði að líta til þeirrar grundvallarreglu að hafa skyldi hagsmuni barnsins í fyrirrúmi. Í því sambandi tók dómstóllinn fram að ítölsk yfirvöld hefðu tekið barnið úr umsjá kæranda í því skyni að binda endi á ólögmætt ástand, en talið hefði verið að kærendur hefðu reynt að sniðganga ítalskt bann við staðgöngumæðrun og alþjóðlegar ættleiðingarreglur. Jafnframt hefðu yfirvöld talið að aðgerðir kæranda hefðu ráðist af þeirra eigin hagsmunum og tilraunum til að leysa hjúskaparvandamál sín, en það leiddi til vafa um uppeldislega og tilfinningalega hæfni þeirra.

Hins vegar var lögð áhersla á að ríkið hefði ekki frjálssar hendur við val á ráðstöfunum, enda bæri því að taka tillit til þess sem barninu væri fyrir bestu óháð sambandi við foreldra. Dómstóllinn ítrekaði að það að taka barn úr umsjá fjölskyldu þess væri örþrifarád sem aðeins væri hægt að réttlæta væri barnið í bráðri hættu. Með hliðsjón af dómaframkvæmd þyrfti mikið til að koma svo að slík ráðstöfun yrði réttlætt. Það var mat dómstólsins að ekki hefðu verið til staðar aðstæður sem réttlættu að kærendur hefðu verið svipt umsjá barnsins. Ekki var talið að rök þess efnis að með tímanum hefði barnið tengst kærendum nánari böndum og aðskilnaður orðið enn erfiðari breyttu þessu mati. Þá var bent á að kærendur hefðu verið metin hæf til að ættleiða barn og verið veitt leyfi til ættleiðingar í desember 2006. Að mati dómstólsins stóðst ekki að halda því fram að kærendur væru ófær um að ala upp og elska barnið af þeirri ástæðu einni að þau hefðu farið í kringum ættleiðingarlöggjöfina, en engra sérfræðiskýrslna um þetta atriði hafði verið aflað. Jafnframt var bent á að barnið hefði ekki verið skráð opinberri skráningu fyrr en í apríl 2013, sem þýddi að það hefði verið auðkennalaust í meira en tvö ár.

Dómstóllinn taldi samkvæmt framangreindu að ekki hefði verið gætt viðunandi jafnvægis milli þeirra hagsmuna sem vógust á og að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Sérstaklega var tekið fram að þessa niðurstöðu bæri ekki að skilja með þeim hætti að ítalska ríkinu bæri að koma barninu aftur í umsjá kæranda, enda hefði barnið eflaust tengst þeirri fósturfjölskyldu sem hann hefði búið hjá allt frá árinu 2013 tilfinningaböndum.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Ítalska ríkinu var gert að greiða kærendum 20.000 evrur í miskabætur og 10.000 evrur í málskostnað. Tveir dómarmar skiluðu sameiginlegu séráliti.

Apostu gegn Rúmeníu

Dómur frá 3. febrúar 2015

Mál nr. 22765/12

3. gr. Bann við pyndingum

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Aðbúnaður gæsluvarðhaldsfanga. Rannsókn sakamáls. Vernd persónuupplýsinga.

1. Málsatvik

Kærandi, Sorin Apostu, er rúmenskur ríkisborgari, fæddur árið 1968. Hann er fyrrverandi borgarstjóri borgarinnar Cluj-Napoca. Árið 2011 var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald þar sem hann var grunaður um spillingu og fölsunarbrot. Gæsluvarðhald yfir honum var framlengt í allmörg skipti. Áður en mál kærandi kom til kasta dómstóla birtu dagblöð upplýsingar sem fengnar voru úr rannsóknargögnum saksóknara í máli hans, þ. á m. upplýsingar sem fengnar höfðu verið með símhlerunum og vörðuðu persónuleg málefni hans. Ekki hafði verið kveðinn upp dómur í sakamálinu gegn kærandi þegar kæra hans var tekin fyrir hjá Mannréttindadómstólum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólum

Kæran

Kærandi taldi að gæsluvarðhaldsvist hans hefði falið í sér ómannlega og vanvirðandi meðferð og þar með brotið gegn 3. gr. sáttmálans. Hann taldi einnig að fjölmiðlar hefðu fengið aðgang að persónulegum upplýsingum í rannsóknargögnum og að það hefði falið í sér brot gegn friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 3. gr.: Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki haft fullnægjandi aðgang að hreinlætisaðstöðu og að kynding í þeim fangaklefum sem kærandi var vistaður í hefði ekki verið fullnægjandi. Því taldi dómstóllinn að aðstæður kærandi í gæsluvarðhaldinu hefðu falið í sér vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. sáttmálans.

Um 8. gr.: Dómstóllinn vísaði til þess að upplýsingar saksóknara í máli kærandi hefðu verið gerðar opinberar áður en mál hans kom til kasta dómstóla. Upplýsingarnar hefðu sýnt kærandi í mjög neikvæðu ljósi og gefið til kynna að hann hefði brotið af sér. Þá hefðu upplýsingar úr símtölum sem fjölluðu um persónuleg málefni kærandi verið gerðar opinberar, enda þótt þær hefðu ekki átt sérstakt erindi við almenning. Dómstóllinn taldi að opinberun upplýsinganna hefði falið í sér takmörkun á rétti kærandi til friðhelgi einkalífs. Þegar atvik málsins áttu sér stað mæltu landslög fyrir um að upplýsingar í sakamálum mætti ekki gera opinberar fyrr en málið kæmi fyrir dóm, en þá væru jafnframt settar verulegar

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

skorður við birtingu upplýsinga og ákvörðun um slíkt var í höndum dómara. Í máli kæranda höfðu upplýsingar úr málsgögnum lekið til fjölmiðla áður en dómari hafði tækifæri til þess að leggja mat á hvaða upplýsingar skyldu birtar. Talið var að rúmenska ríkið hefði brugðist skyldum sínum til að veita friðhelgi einkalífs og fjölskyldu nægjanlega vernd. Þá hefði kæranda ekki verið veitt úrræði til þess að leita réttar síns eftir að upplýsingarnar voru gerðar opinberar. Því taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Penchevi gegn Búlgaríu.

Dómur frá 10. febrúar 2015

Mál nr. 77818/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Forsjá. Ferðafrelsi.

1. Málsvik

Kærandur eru móðir og ólöggráða barn hennar. Árið 2010 slitnaði upp úr hjónabandi kæranda og eiginmanns hennar og í kjölfarið flutti hún af heimilinu með barnið. Hún óskaði samþykkis föður barnsins til þess að mega flytja það með sér til Þýskalands þar sem hún stundaði nám. Faðirinn hafnaði beiðninni og hún leitaði úrskurðar dóms um að henni væri heimilt að flytjast með barnið úr landi. Málaferlin tóku alls tvö ár og tvo mánuði, en kröfu hennar var hafnað með dómi áfrýjunardómstóls í Búlgaríu. Frekari málaferlum sem hófust í júlí 2012 lauk með ákvörðun í desember sama ár þar sem kæranda var veitt leyfi til þess að ferðast frá Búlgaríu ásamt barni sínu.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að meðferð máls þeirra fyrir dómstólum hefði brotið gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að réttur móður og barns til þess að búa saman væru tvímælalaust grundvallarréttindi sem féllu undir gildissvið 8. gr. sáttmálans. Vísað var til þess að hin langa málsmeðferð og niðurstaða dómstóla um að leyfa kæranda ekki að ferðast úr landi ásamt barninu hefði komið í veg fyrir að kærandur gætu haldið sameiginlegt heimili þar sem móðirin stundaði nám í Þýskalandi. Hefðu þau réttindi sem njóta verndar 8. gr. sáttmálans því verið skert. Talið var að skerðingin hefði átt sér stoð í lögum, en þar var mælt fyrir um að báðir foreldrar barns þyrftu að samþykkja að það færi úr landi. Þá væri með þessu stefnt að því lögmæta markmiði að tryggja réttindi beggja foreldra til umgengni við barnið. Dómstóllinn taldi að umrædd lög fælu sem slík ekki í sér óhóflegar skorður við því að foreldrar nytu þeirra réttinda sem 8. gr. væri ætlað að vernda. Taka þyrfti tillit til réttinda

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

allra þeirra sem ættu hlut að máli, enda væru samvistir foreldra og barna þeirra grundvallarþáttur í réttinum til fjölskyldulífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn vísaði til þess að dómstólar hefðu í tvígang komist að þeirri niðurstöðu að kæranda væri heimilt að flytja barnið úr landi, en að þessari niðurstöðu hefði verið snúið við af áfrýjunardómstól á grundvelli dómaframkvæmdar um sambærileg mál. Hins vegar hefði áfrýjunardómstóllinn ekki tekið málsatvik til sérstakrar skoðunar eða lagt mat á hvort barnið bæri skaða af því að fara úr landi ásamt móður sinni. Jafnframt var vísað til þess að niðurstaða áfrýjunardómstólsins hefði að nokkru leyti verið byggð á formannmarka á umsókn móðurinnar um leyfi til að flytja barnið úr landi. Með vísan til þessa taldi dómstóllinn að niðurstaða áfrýjunardómstólsins hefði ekki tekið nægilegt tillit til þess hvað teldist barninu fyrir bestu. Þá var tekið fram að málaferlin hefðu tekið meira en tvö ár og að á því tímabili hefði barnið ekki mátt ferðast úr landi ásamt móður sinni. Þar sem málaferlin vörðudu grundvallarréttindi kæranda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu væri mikilvægt að þeim væri hraðað og ætti það sérstaklega við vegna ungs aldurs barnsins í þessu máli. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að málaferlin og niðurstaða áfrýjunardómstólsins í máli kæranda hefðu falið í sér brot gegn 8. gr. sáttmálans.

Búlgarska ríkinu var gert að greiða kærendum 7.500 evrur í miskabætur og 1.101 evrur í skaðabætur.

Bohlen gegn Þýskalandi og August von Hannover gegn Þýskalandi **Dómur frá 19. febrúar 2015**

Mál nr. 53495/09 og 53649/09

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Auglýsingar. Viðskiptaleg tjáning. Lögbann. Opinberar persónur.

1. Málsatvik

Kærandur eru Dieter Bohlen og August von Hannover, þýskir ríkisborgarar fæddir árið 1954. Bohlen er tónlistarmaður og bókaútgefandi. Hann gaf út bók árið 2003, en þurfti að fjarlægja ákveðna kafla úr bókinni samkvæmt dómsúrskurði. Von Hannover er eiginmaður Karólínu prinsessu af Mónakó. Á árunum 1998 og 2000 lenti hann í útistöðum annars vegar við myndatökumann og hins vegar eiganda skemmtistaðar. Bæði atvikin hlutu mikla fjölmiðlaumfjöllun og var hann sakfelldur fyrir líkamsárás. Í mars 2000 og síðla árs 2003 birti fyrirtækið American Tobacco auglýsingar þar sem vísað var til fyrri nafna kæranda og fjölmiðlaumfjöllunar um þá án þeirra samþykkis.

Í báðum tilvikum kröfðust kærandur lögbanns við birtingu auglýsinganna og voru þær þá þegar teknar úr birtingu. Fyrirtækið féllst þó ekki á að kröfu kæranda um greiðslu 100.000 evra vegna auglýsinganna. Kærandur höfðuðu því dómsmál og kröfðust greiðslu vegna ólögmætrar notkunar á nafni þeirra. Fallist var á kröfur þeirra fyrir héraðsdómstól og fyrirtækinu gert að greiða þeim tiltekna fjárhæð vegna birtingar auglýsinganna. Niðurstaða dómstólsins byggðist á því að réttindi

kæranda til einkalífs vægju þyngra en réttur fyrirtækisins til frjálsrar tjáningar, enda hefði birting auglýsinganna verið í viðskiptalegum tilgangi og ekki falið í sér framlag til þjóðfélagsumræðu. Áfrýjunardómstóll staðfesti þessa niðurstöðu, en lækkaði bætur til kæranda. Af hálfu fyrirtækisins var þessari niðurstöðu áfrýjað til æðri dómstóls sem komst að þeirri niðurstöðu að birting auglýsinganna hefði ekki skaðað ímynd kæranda og að nöfn þeirra hefðu ekki verið misnotuð. Var kröfum kæranda því hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur töldu að niðurstaða um sýknu fyrirtækisins af kröfum þeirra fæli í sér brot gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans, enda hefði ekki verið komið í veg fyrir að nöfn þeirra væru notuð í viðskiptalegum tilgangi án leyfis.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók til skoðunar hvort náðst hefði jafnvægi á milli réttar kæranda til einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans og réttar fyrirtækisins til frjálsrar tjáningar samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Tekið var fram að það félli almennt í hlut dómstóla aðildarríkjanna að meta hvaða réttindi ættu að veða þyngra við aðstæður sem þessar og að svigrúm til mats væri sérstaklega rúmt þegar um væri að ræða viðskiptalega tjáningu.

Við mat á því hvort réttur kæranda til einkalífs hefði verið réttilega veginn til móts við rétt fyrirtækisins til frjálsrar tjáningar tók dómstóllinn fyrst til skoðunar hvort umfjöllunin hefði átt erindi við almenning. Talið var að svo væri þar sem auglýsingarnar hefðu í raun verið skopstæling á atburðum sem hefðu fengið umtalsverða umfjöllun í fjölmiðlum. Þá vísaði dómstóllinn til þess að kærandur teldust að nokkru leyti opinberar persónur og gætu því ekki krafist sömu einkalífsverndar og almennir borgarar. Dómstóllinn tók fram að auglýsingarnar hefðu vísað til atvika sem væru vel þekkt meðal almennings og að ekki hefðu verið birtar nýjar upplýsingar. Dómstóllinn taldi að auglýsingarnar hefðu ekki rýrt orðspor kæranda eins og hér var ástatt. Tekið var fram að notkun á nafni einstaklings að honum forspurðum í viðskiptalegum tilgangi gæti varðað við 8. gr. sáttmálans og ætti það sérstaklega við ef efni auglýsingarinnar orkaði tvímælis. Í þessu tilviki taldi dómstóllinn þó að niðurstaða hins þýska dómstóls hefði byggst á málefnalegu mati á réttindum hlutaðeigandi aðila, einkum þegar litið væri til skoplegs eðlis auglýsinganna. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Y.Y. gegn Tyrklandi

Dómur frá 10. mars 2015

Mál nr. 14793/08

8.gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Aðkenni og sjálfsmynd. Transfólk. Skilyrði aðgerðar til að leiðrétta kyn. Lagaheimild.

1. Málsatvik

Kærandi, Y.Y., er tyrkneskur ríkisborgari, sem var þegar kæran var lögð fram skráður sem kona í opinberri skráningu. Kærandi óskaði heimildar dómstóls 30. september 2005 til að fá að gangast undir skurðaðgerð til að leiðrétta kyn sitt en hún hafði snemma á ævinni upplifað sig sem karlmann. Dómstóllinn óskaði eftir ýmis konar upplýsingum frá sjúkrahúsi þar sem kærandi hafði hlotið meðferð, svo sem um það hvort kynleiðrétting væri nauðsynleg geðheilsu hans og hvort hann væri fær um að eignast börn. Skýrslur lækna gáfu til kynna að kærandi væri transeinstaklingur og að aðgerð væri heilsu hans til hagsbóta, en hann var ekki talinn ófær um að eignast börn. Beiðni kæranda um leyfi var hafnað með vísan til þess að skilyrði laga þess efnis að viðkomandi væri ófrjór voru ekki uppfyllt.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að skilyrði tyrkneskra laga um ófrjósemi til þess að kynleiðréttingaraðgerð gæti farið fram bryti gegn rétti hans til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að almennt væri viðurkennt á alþjóðavettvangi að einstaklingar sem fæðast af öðru kyni en þeir upplifa sig séu með sjúkdóm sem réttlæti aðgerð til kynleiðréttingar. Tekið var fram að synjun á beiðni kæranda um leyfi til slíkrar aðgerðar væri byggð á tyrkneskri löggjöf sem setji það skilyrði að viðkomandi geti ekki fjölgað sér, en skilyrðið sé óumdeilanlega ekki uppfyllt í tilviki kæranda. Fallist var á að löggjöfin stefndi sem slík að lögmætu markmiði.

Lögð var áhersla á að málið varðaði frelsi kæranda til að ákveða kyn sitt sem er nátengt rétti hans til að ákveða sjálfsmynd sína. Víkið var að erfiðum aðstæðum transfólks og mikilvægi þess að beita sáttmálanum þannig að hann veitti þeim líkt og öðrum einstaklingum virka vernd. Vísað var til alþjóðlegra samþykktu til stuðnings transfólki og gerða Evrópuráðsins í þeim efnum, auk þess sem tekið var fram að ýmis ríki hefðu breytt löggjöf sinni þannig að skilyrði um ófrjósemi sem forsendu kynleiðréttingar hefðu verið fjarlægð. Að mati dómstólsins fól synjun á beiðni kæranda um viðkomandi aðgerð í sér skerðingu á rétti hans til að ákvarða sjálfsmynd sína. Dómstóllinn taldi ekki skiljanlegt hvers vegna ófrjósemi væri gerð að skilyrði fyrir kynleiðréttingu og tók fram að það væri ómögulegt fyrir kæranda að uppfylla skilyrðið án þess að undirgangast valkvæða ófrjósemisaðgerð. Með

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

hliðsjón af þessu var talið að sú skerðing á einkalífi kæranda sem leiddi af synjun dómstóla gæti ekki talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi.

Tyrkneska ríkinu var gert að greiða kæranda 7.500 evrur í miskabætur.

Khan gegn Þýskalandi

Dómur frá 23. apríl 2015

Mál nr. 38030/12

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Útlendingar. Fjölskyldulíf. Brottvísun úr landi.

1. Málsatvik

Kærandi flutti frá Pakistan til Þýskalands ásamt eiginmanni sínum árið 1991 og fæddi son þeirra þremur árum seinna, en síðar skildu hjónin. Kærandi starfaði við hreingerningar hjá ýmsum fyrirtækjum og fékk varanlegt dvalarleyfi árið 2001. Árið 2005 varð kærandi manni að bana og var hún í kjölfarið greind með geðklofa. Hún var vistuð á lokuðu geðsjúkrahúsi, en árið 2009 var ákveðið að henni skyldi vísað úr landi þar sem hún var talin ógna almannaoýruggi. Kærandi leitaði endurskoðunar á þessu og vísaði meðal annars til þess að brottvísun myndi skerða rétt hennar til friðhelgi fjölskyldulífs með syni sínum.

Innlendir dómstólar komust að þeirri niðurstöðu að til staðar væri hætta á því að kærandi fremdi fleiri afbrot og að hún hefði jafnframt ekki aðlagast þýsku samfélagi. Á grundvelli meðmæla lækna var kærandi látin laus til reynslu og stundaði hún áfram vinnu, sýndi af sér yfirvegaða hegðun og hafði reglulegt samband við son sinn.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með ákvörðun um að vísa henni úr landi hefði verið brotið gegn rétti hennar til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að meta yrði hvort ákvörðun um brottvísun kæranda stæðist þau skilyrði skerðingar á friðhelgi einkalífs og fjölskyldu sem felast í 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Brottvísunin átti sér stoð í landslögum sem heimiluðu brottvísun útlendinga þegar almannaoýruggi og lögum og reglu væri ógnað. Þá var talið að lögin stefndu að því lögmæta markmiði að stuðla að almannaoýruggi.

Hvað varðar mat á nauðsyn brottvísunar kæranda í lýðræðislegu þjóðfélagi vísaði dómstóllinn til þess að þótt afbrot kæranda hefði verið alvarlegt hefði það verið framið í ástandi þar sem kæranda var ekki sjálfrátt. Jafnframt var tekið fram að kærandi hefði búið í meira en 20 ár í Þýskalandi og að þegar ákvörðun var tekin um brottvísun hefði ástand hennar batnað. Þannig benti ekkert í raun til þess að kærandi myndi brjóta af sér á ný. Á hinn bóginn var tekið fram að sonur kæranda

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

væri nú orðinn fullorðinn og kærleiksbönd milli fullorðinna fjölskyldumeðlima nýtu ekki sérstakrar verndar fjölskyldulífs. Þótt kærandi hefði samlagast þýskum vinnumarkaði hefði hún ekki sýnt fram á annars konar þátttöku í þjóðfélaginu. Þá ætti hún ættingja í Pakistan og þekkti þar tungumál og menningu. Þá kynni að vera unnt að komast framhjá erfiðleikum með öflun læknisþjónustu í heimalandi hennar með eftirlaunum sem hún nyti vegna starfa í Þýskalandi. Þrátt fyrir að kæranda biði erfitt umhverfi í Pakistan var ekki talið að möguleg vandkvæði væru svo þungbær að það væri óréttlætanlegt að senda hana þangað á ný. Samkvæmt þessu var talið að ákvörðun um brottvísun kæranda væri innan svigrúms þýskra yfirvalda til mats. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans í þessu tilviki.

Einn dómari skilaði sératkvæði.

Y gegn Slóveníu

Dómur frá 28. maí 2015

Mál nr. 41107/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Kynferðisbrot. Sönnun. Meðferð sakamáls. Réttindi brotþola. Skyldur lögmanna.

1. Málsatvik

Á árinu 2001 var ítrekað brotið kynferðislega gegn kæranda, sem þá var 14 ára, af fjölskylduvininum X. Eftir að móðir hennar lagði fram kæru hófst rannsókn á brotunum árið 2003 og var gefin út ákæra á hendur X árið 2007. Árið 2009 var X sýknaður af ákærunni í kjölfar þess að málið hafði verið tekið fyrir hjá dómstólum í tólf skipti. Niðurstaða um sýknu byggðist á því að ákæruvaldið hefði ekki fært sönnur á með óyggjandi hætti að X hefði framið umrædd brot. Áfrýjanir ákæruvaldsins á sýknudóminum báru ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að meðferð málsins fyrir dómi hefði falið í sér brot gegn friðhelgi einkalífs hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans þar sem hún hefði þurft að svara mjög nærgöngulum spurningum auk þess sem grafið hefði verið undan trúverðugleika hennar með grófum hætti.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að fyrst þyrfti að leggja mat á hvort yfirvöld hefðu veitt réttindum kæranda til friðhelgi einkalífs nægjanlega vernd við málaferlin. Þar skipti máli hvernig skýrslutöku af kæranda hefði verið háttað fyrir dómi. Tekið var fram að við meðferð mála sem vörðuðu kynferðisbrot fyrir dómi yrði að ríkja jafnvægi á milli réttinda sakbornings til að fá að yfirheyra vitni og réttinda brotþola til friðhelgi einkalífs. Í þessu tilviki taldi dómstóllinn að réttur sakborningsins, X, til að vitni yrðu yfirheyrð væri mjög ríkur, enda byggðist málið nær eingöngu á

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

munlegum framburði brotaþola og vitna. Hins vegar yrði að líta til þess að meðferð mála af þessu tagi væri brotaþolum jafnan mjög þungbær og bæri dómstólum að taka tillit til hagsmuna þeirra þegar skýrslutökur færu fram. Því til samræmis hefðu verið settar ýmsar reglur sem legðu skörður við því að brotaþolar þyrftu að þola ásanir og ágengar spurningar fyrir dómi. Dómstóllinn tók fram að í þessu tilviki hefðu skýrslutökur af kæranda náð yfir fjögur þinghöld á sjö mánaða tímabili, en ekki hefðu verið gefnar fullnægjandi skýringar á þessum drætti á málsmeðferð. Ennfremur hefði X persónulega lagt spurningar fyrir kæranda við skýrslutökurnar og ítrekað reynt að gera framburð hennar ótrúverðugan með spurningum sem vörðuðu einkalíf hennar. Að mati dómsins voru þessar spurningar settar fram í þeim tilgangi að sverta mannorð kæranda og skerða trúverðugleika hennar. Þá hefði dómari ekki gripið inn í skýrslutökurnar, þó að kærandi hefði ítrekað tekið fram að henni þættu spurningarnar óþægilegar.

Dómstóllinn tók til skoðunar hvort lögmaður X hefði verið vanhæfur til þess að fara með málið, en hann veitti kæranda lögfræðiaðstoð stuttu eftir að ásanir hennar komu fram. Dómstóllinn taldi að slóvensk lög eða beiting þeirra í þessu máli hefðu ekki tekið nægjanlegt tillit til hagsmuna kæranda að þessu leyti. Ljóst væri að spurningar lögmannsins til kæranda fyrir dómi hefðu verið henni mun þungbærari en ella þar sem hún hefði leitað til hans á frumstigum málsins og veitt honum viðkvæmar upplýsingar. Trúnaðarskylda lögmannsins við hana hefði því átt að koma í veg fyrir að hann tæki að sér hlutverk verjanda sakborningsins í málinu. Þá gerði dómstóllinn athugasemdir við spurningar kvensjúkdómalæknis sem kvaddur var fyrir dóm sem sérfræðingur, en hann hafði spurt kæranda spurninga sem vörðuðu einstaklega persónuleg málefni sem töldust til einkalífs hennar. Tekið var fram að það væri mikilvægt að yfirvöld tryggðu að þeir sem kæmu fyrir dóm sýndu brotaþolum virðingu og yllu þeim ekki óþarfa hugarangist. Umræddur kvensjúkdómalæknir hefði ekki fengið sérstakar leiðbeiningar í þessum efnum og vörðuðu spurningar hans málefni sem féllu á engan hátt undir sérsvið hans. Samkvæmt framangreindu taldi dómstóllinn að málsmeðferðin fyrir dómi hefði verið óþarflega þungbær fyrir kæranda, enda hefði hún þurft að verja sig fyrir persónulegum ásökunum. Var því talið að yfirvöld hefðu ekki tryggt með fullnægjandi hætti réttindi hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans við meðferð málsins fyrir dómi .

Slóvenska ríkinu var gert að greiða kæranda 9.500 evrur í miskabætur.

Khoroshenko gegn Rússlandi

Dómur frá 30. júní 2015 - Yfirdeild

Mál nr. 41418/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

**Fangar. Afplánun lífstíðardóms. Réttur til heimsóknna. Réttur til fjölskyldu-
lífs. Meðalhóf.**

1. Málsatvik

Kærandi, Andrey Khoroshenko, er rússneskur ríkisborgari fæddur árið 1968. Hann situr nú í lífstíðarfangelsis fyrir manndráp. Hann var sakfelldur árið 1995 og dæmdur til dauða, en refsingunni var breytt í lífstíðarfangelsi árið 1999. Í október 1999 var kærandi færður í sérstakt fangelsi í borginni Perm og sætti hann fyrstu tíu árin ströngu eftirliti. Hann mátti aðeins fá eina heimsókn frá ættingjum á sex mánaða fresti og þá í fjórar klukkustundir í senn. Þá fékk hann einungis að sjá ættingja sína í gegnum gler eða þannig að rimlar voru á milli á meðan vörður hlustaði á allt sem fram fór. Slíkar takmarkanir á heimsóknum voru venjan fyrstu tíu ár fangelsisvistar, reiknað frá handtöku, en í tilviki kæranda var það reiknað frá flutningi hans í fangelsið vegna slæmrar hegðunar í gæsluvarðhaldi. Kærandi hélt því fram að vegna þessara takmarkana hefði hann misst samband við ýmsa fjölskyldumeðlimi, þar á meðal son sinn sem var þriggja ára þegar kærandi var handtekinn. Kærandi hefur frá 11. október 2009 verið í almennt refsivist og notið rýmri heimsóknarréttar. Kærandi setti fram kærur í heimalandi sínu vegna takmarkana á heimsóknum og byggði meðal annars á því að um væri að ræða mismunun sem bryti gegn friðhelgi einkalífs hans. Kærurnar báru ekki árangur.

2. Meðferð málsins hjá Mannrétindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að skertur heimsóknarréttur þar sem hann fékk einungis að hitta fjölskyldu sína tvisvar á ári í fjórar klukkustundir í senn hefði brotið gegn friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálsans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ekki væri full samstaða meðal aðildarríkja Evrópuráðsins um hversu rúman rétt til heimsóknna fangar skyldu fá. Hins vegar var talið að lágmarkstíðni heimsóknna fyrir fanga í lífstíðarfangelsi gæti ekki verið undir einni heimsókn á tveggja mánaða fresti. Þá var tekið fram að Rússland væri eina aðildarríkið sem gerði greinarmun á heimsóknarrétti fanga eftir því hvort þeir afplánuðu lífstíðarfangelsi eða hefðu fengið skemmri dóm. Slíkt skerti svigrúm ríkisins til mats talsvert. Ekki var fallist á að umrædd takmörkun á heimsóknum fælist í eðli fangelsisvistar, enda var ljóst að fangar sem ekki afplánuðu lífstíðardóm voru í betri stöðu en kærandi. Jafnframt hefði kærandi eingöngu haft einn klefafélaga og afplánað refsivist sína aðskilinn frá öllum öðrum föngum. Vísað var

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

til þess að í fyrri dómaframkvæmd hefði verið áréttað að einangrunarvistun án andlegrar og líkamlegrar örvunar gæti haft hamlandi áhrif á geð manna og félags-hæfni. Dómstóllinn lýsti einnig furðu sinni á því hversu lengi umrædd takmörkun á réttindum kæranda til heimsóknna stóð eða í um tíu ára skeið.

Dómstóllinn áréttaði að fangar skuli njóta allra sömu mannréttinda og aðrir borgarar að öðru leyti en því að þeir sæta frelsissviptingu. Talið var að í þessu tilviki hefði meðalhófsreglunnar ekki verið gætt, enda væri ekki eðlilegt samband á milli skerðingar á réttindum kæranda og þeirra hagsmuna sem skerðingin beindist að. Þvert á móti var talið að markmið fangavistar kæranda hefði verið að einangra og refska kæranda, en ekki að betra hann. Hefði þessi meðferð hamlað kæranda við að mynda og viðhalda sambandi við fjölskyldu sína, sér í lagi son sinn sem var ungur að aldri þegar kærandi var handtekinn. Þá var það sérstaklega íþyngjandi fyrir kæranda að hann gat ekki komist í snertingu við barn sitt í heimsóknum þar sem ávallt hefði verið gler eða rimlar á milli þeirra, auk þess sem vörður hefði hlustað á allar samræður. Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn rétti kæranda til friðhelgi fjölskyldu sinnar og einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans

Rússneska ríkið var dæmt til að greiða kæranda 6.000 evrur í miskabætur og 11.675 evrur í málskostnað.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Rubins gegn Lettlandi

Dómur frá 13. janúar 2015

Mál nr. 79040/12

10. gr. Tjáningarfrelsi

Opinberir starfsmenn. Gagnrýni á vinnuveitendur. Uppsögn.

1. Málsatvik

Kærandi er fæddur árið 1947 og starfaði sem prófessor og deildarforseti húð- og kynsjúkdómadeildar við ríkisháskóla í Riga í Lettlandi. Einnig sat hann sem kjörinn fulltrúi á háskólaþingi skólans. Eftir ákvörðun um sameiningu deilda háskólans var kæranda tilkynnt að deildarforsetastaða hans yrði lögð niður. Honum var gefinn kostur á að samþykkja breytingar á samningi sínum við háskólann, en ella yrði honum sagt upp störfum. Í kjölfarið sendi kærandi rektor háskólans nokkra tölvupósta þar sem hann gagnrýndi umrædda ákvörðun, valdreifingu innan háskólans og skort á lýðræði. Þá gerði hann tillögur að ýmsum breytingum á stjórn-skipulagi skólans. Kærandi fór jafnframt miður lofsamlegum orðum um tiltekna stjórnendur háskólans og tók til dæmis fram að einn þeirra „létist vera guðhræddur kaþólikki“ en ætti nokkur börn utan hjónabands. Kærandi bað rektor að koma tillögum sínum til háskólaþingmanna eða senda sér netföng þeirra. Jafnframt var þess óskað að sameining deildanna yrði dregin til baka, sér greiddar bætur og hann látinn fá umbeðin netföng fyrir fund háskólaþings daginn eftir. Tekið var fram að ella myndi kærandi birta gagnrýni sína og innsýn í vandamál skólans opinberlega. Því var bætt við að vart myndi rektor kæra sig um frekari vandræði á kosningaári og var í því sambandi vísað til niðurstöðu ríkisendurskoðunar landsins um lögbrot við háskólann, ritstuld starfsmanna og fleiri atriða.

Rektor varð ekki við umleitan kæranda og var umfjöllun kæranda um meinta vankanta við stjórnun háskólans í kjölfarið birt opinberlega af tiltekinni fréttastofu. Stuttu síðar var kæranda sagt upp störfum með skírskotun til þess að hann hefði brotið gegn ráðningarsamningi sínum, svo sem með kröfum sem fælu í sér fjárkúgun og hótanir. Kærandi taldi uppsögnina ólögmæta og leitaði til dómstóla. Héraðsdómur féllst á kröfur hans að hluta. Dóminum var hins vegar snúið við á æðri dómstigum og að endingu vísað frá Hæstarétti landsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með uppsögn hans hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hans samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að með uppsögninni hefði tjáningarfrelsi kæranda verið

skert. Talið var að skerðingin hefði átt stoð í lettneskum lögum og stefnt að lögmætu markmiði. Við mat á því grundvallaratriði hvort nauðsyn hefði borið til skerðingarinnar í lýðræðislegu þjóðfélagi vísaði dómstóllinn til dómaframkvæmdar sinnar um 10. gr. sáttmálans. Tekið var fram að skoða yrði skerðingu á tjáningarfrelsi kæranda heildstætt, þar á meðal í ljósi efnis ummælanna og þess samhengis sem þau voru sett fram í. Við mat á erindi ummælanna við almenning taldi dómstóllinn að kærandi hefði birt upplýsingar um alvarleg vandamál háskólans, sem ríkisendurskoðun landsins hafði áður vakið athygli á, svo sem um ritstuld innan háskólans. Tekið var fram að um væri að ræða ríkisrekna menntastofnun og var það mat dómstólsins að þau atriði sem kærandi hafði vakið máls á ættu erindi við almenning, auk þess sem sannleiksgildi þeirra hefði ekki verið vefengt. Bent var á að innlendir dómstólar hefðu hvorki tekið til skoðunar hvort ummælin ættu erindi við almenning né hvort sýnt væri fram á sannleiksgildi þeirra.

Talið var ljóst að kveikjan að birtingu umræddra upplýsinga hefðu verið skipulagsbreytingar innan háskólans. Vísað var til þess að með því að beina kvörtun til rektors og háskólaráðs hefði kærandi upphaflega reynt að fá úrlausn innan valdkerfis háskólans. Þá hefði í ljósi skipulags háskólans ekki verið óeðlilegt að beina tilteknum kröfum til rektors. Jafnframt var ekki talið að þær bætur sem kærandi fór fram á hefðu verið óeðlilega háar. Dómstóllinn benti ennfremur á að kærandi hefði ekki ljóstrað upp um einkahagi annarra eða skaðað orðspor einstakra samstarfsmanna sinna. Í þessu tilviki hefði háskólinn beitt þyngstu tiltæku viðurlögum og væru þau til þess fallin að hafa veruleg fælingaráhrif á aðra starfsmenn háskólans og letja þá til gagnrýni.

Samkvæmt framangreindu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið gætt meðalhófs og að skerðing á tjáningarfrelsi kæranda teldist ekki nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Var því um að ræða brot gegn 10. gr. sáttmálans.

Lettneska ríkinu var gert að greiða kæranda 8.000 evrur í skaða- og miskabætur.

Haldimann o.fl. gegn Sviss.

Dómur frá 24. febrúar 2015

Mál nr. 21830/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Blaðamenn. Góð trú. Leynileg sjónvarpsupptaka. Málefni sem á erindi til almennings.

1. Málsatvik

Kærendur eru Ulrich Mathias Haldimann, Hansjörg Utz, Monika Annemarie Balmer og Fiona Ruth Strebel. Þau starfa öll sem blaðamenn í Sviss. Í febrúar 2003 var Balmer framleiðandi vikulega sjónvarpsþáttarins *Kassensturz* þar sem fjallað var um málefni sem tengjast neytendavernd. Í einum þættinum var fjallað um sölu líftrygginga, en margar kvartanir yfir framferði tryggingamiðlara höfðu verið ræddar opinberlega. Í samráði við aðra framleiðendur þáttanna, Utz og Haldimann, ákvað Balmer að nota faldar myndavélar til þess að taka upp samskipti tryggingar-

miðlara við Strebel sem kom fram sem viðskiptavinur sem vildi kaupa tryggingar. Tveimur myndavélum var komið fyrir í herbergi þar sem fundurinn fór fram og fylgdust framleiðendur þáttarins með úr nærliggjandi herbergi. Við lok viðtalsins kom Balmer inn í herbergið, kynnti sig sem blaðamann og upplýsti sölumanninn um að fundurinn hefði verið tekinn upp með földum myndavélum. Sölumaðurinn neitaði að tjá sig um það sem hafði farið fram á fundinum. Þann 25. mars 2003 var hluti upptökunnar birtur, en andlit sölumannsins gert óþekkjanlegt og rödd hans breytt.

Kærendur voru sakfelldir með dómi 5. nóvember 2007 fyrir ólöglega myndatöku með falinni myndavél og dæmd til greiðslu sektar. Kærendur áfrýjuðu niðurstöðu dómsins. Áfrýjunardómstóll taldi að umfjöllun þáttarins hefði vissulega snúið að mikilvægu málefni, en að kærendur hefðu getað beitt öðrum vægari aðferðum með hliðsjón af hagsmunum sölumannsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að með því að dæma þau til greiðslu sektar vegna upptökunnar hefði verið brotið gegn rétti þeirra til frjálsrar tjáningar samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til dómaframkvæmdar sinnar um mat á því hvort réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs hafi verið réttilega metinn til jafns við réttinn til frjálsrar tjáningar. Tekið var fram að þar kæmi meðal annars til skoðunar hvort viðkomandi tjáning ætti erindi við almenning, hvort sá sem umfjöllunin beindist að teldist opinber persóna og hvort umfjöllunin væri í tengslum við ákveðnar athafnir hans. Þá bæri að líta til aðferða við öflun upplýsinga og áhrifa umfjöllunar á hagi viðkomandi.

Dómstóllinn leit til þessara viðmiða, en lagði áherslu á að sölumaðurinn gæti ekki talist opinber persóna. Hins vegar hefði umfjöllun þáttarins ekki beinst að sölumanninum persónulega, heldur hefði verið fjallað almennt um starfsaðferðir tryggingamiðlara. Dómstóllinn tók fram að efni þáttarins hefði vissulega átt erindi við almenning og varðaði réttindi neytenda. Þá yrði að gera ráð fyrir því að kærendur hefðu reynt að halda sig innan marka þeirra siðareglna, sem þeir væru bundnir af samkvæmt svissneskum lögum, en túlka bæri allan vafa í þeim efnum kærendum í hag. Lögð var áhersla á að sú vernd sem 10. gr. sáttmálans veitir blaðamönnum byggist á því að þeir starfi í góðri trú og reyni að koma staðreyndum réttilega til skila.

Hvað varðaði umfjöllun þáttarins var vissulega talið að sölumaðurinn hefði verið sýndur í neikvæðu ljósi. Aftur á móti hefðu kærendur gert ráðstafanir til þess að hann þekktist ekki á myndskeldinu. Að teknu tilliti til aðstæðna var ekki talið að neikvæð áhrif á einkalíf sölumannsins væru slík að réttur hans til einkalífs ætti að vega þyngra en réttur kærenda til frjálsrar tjáningar. Tekið var fram að þótt

sektir sem kærendum var gert að greiða hefðu ekki verið háar hefði dómur þessa efnis letjandi áhrif á gagnrýna umfjöllun fjölmiðla um málefni sem ættu erindi til almennings. Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Almeida Leitão Bento Fernandes gegn Portúgal

Dómur frá 12. mars 2015

Mál nr. 25790/11

10. gr. Tjáningarfrelsi

Útgáfa bókar. Persónulegar upplýsingar. Meiðyrði.

1. Málsatvik

Kærandi er portúgalskur ríkisborgari fædd árið 1947 og búsett í Fundao í Portúgal. Hún er höfundur skáldsögunnar Flugnahöllin (e. The Palace of flies) sem hún gaf út undir dulnefni. Skáldsagan var prentuð í 100 eintökum og gefin ættingjum og vinum kæranda. Sagan segir frá fjölskyldu sem flyst frá Portúgal til Bandaríkjanna. Í formála bókarinnar þakkaði kærandi þeim sem höfðu veitt henni innblástur, en tók þó fram að skáldsagan væri hennar hugverk og einhver samsvörun við raunveruleikann væri einskær tilviljun.

Ættingjar eiginmanns kæranda kærðu hana fyrir ærumeiðandi ummæli. Kæra þeirra byggðist á því að skáldsagan væri byggð á sögu fjölskyldu þeirra og hefði skaðleg áhrif á orðspor fjölskyldunnar, þar á meðal tveggja látinna ættingja. Af hálfu portúgalskra dómstóla var talið að um meiðandi ummæli væri að ræða og að skáldsagan væri nákvæm endursögn af atburðum innan fjölskyldunnar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að með dómi fyrir meiðyrði vegna umfjöllunar í skáldsögu hennar hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að skáldsögur væru listræn tjáning sem nyti verndar 10. gr. og að meta þyrfti hvort sanngjarnt jafnvægi hefði náðst á milli tjáningarfrelsis kæranda og rétti fjölskyldu eiginmanns hennar til friðhelgi einkalífs.

Talið var ótvírætt að sakfelling kæranda fyrir meiðyrði hefði verið með stoð í lögum og stefnt að lögmætu markmiði. Við mat á því hvort slík skerðing á tjáningarfrelsi væri nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi leit dómstóllinn til svigrúms portúgalska ríkisins til mats og taldi það rúmt að teknu tilliti til aðstæðna. Vísað var til þess að eingöngu hefðu verið prentuð 100 eintök af skáldsögunni og henni einkum verið dreift til ættingja, og einnig til þess að ekki væri fjallað um opinberar persónur í bókinni. Þá var litið til þess að portúgalskir dómstólar hefðu leitast við að vega tjáningarfrelsi kæranda á móti friðhelgi einkalífs ættingja eiginmanns hennar, auk þess sem litið hefði verið til eðlis umfjöllunarinnar. Talið var að sú niðurstaða

portúgalskra dómstóla væri studd málefnalegum og sannfærandi rökum. Ennfremur komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að refsing kæranda hefði ekki verið úr hófi í ljósi stöðu hennar og þess lögmæta markmiðs stefnt var að. Var því ekki talið að brotið hefði verið gegn 10.gr. sáttmálans.

Morice gegn Frakklandi

Dómur frá 23. apríl 2015

Mál nr. 29369/10

6. gr. Réttlát málsmeðferð fyrir dómi

10. gr. Tjáningarfrelsi

Óvilhallur dómstóll. Tjáningarfrelsi lögmanna. Ummæli um dómara. Gildis-dómar.

1. Málsatvik

Kærandi er franskur ríkisborgari fæddur 1969 og búsettur í París. Hann er lögmaður frú Borrel, ekkju franska dómars Bernard Borrel, en lík dómars fannst fyrir utan borgina Djibouti árið 1995. Árið 1997 var réttarrannsókn málsins falin dómurinum M. og L.L., en að kröfu kæranda var rannsóknin falin öðrum dómara, P., þann 21. júní 2000. Hinn nýi dómari samdi skýrslu þar sem bent var á að myndband, sem dómara og sérfræðingar höfðu gert í Djibouti í mars 2000, var hvorki að finna meðal afhentra skjala né á lista yfir dómskjöl. Hann óskaði eftir myndbandinu frá M. og fékk það sent í umslagi ásamt bréfi frá saksóknara í Djibouti til dómars M. en þar var gert lítið úr ekkjunni og lögmönnum hennar og þau sökuð um að hafa „samstillt vélbrögð sín“.

Þann 6. október 2000 beindi kærandi ásamt fleirum kvörtun til dómsmálaráðherra Frakklands vegna þeirra vankanta á rannsókninni sem P. hafði dregið fram í skýrslu sinni. Kváðu þeir háttsemi fyrri rannsóknardómara stríða gegn meginreglum um óhlutdrægni og óskuðu eftir því að rannsókn færi fram. Daginn eftir birtust í dagblaðinu *Le Monde* útdrættir úr bréfi þeirra ásamt ummælum kæranda þess efnis að lögmenn ekkjunnar hefðu komið á framfæri gagnrýni vegna starfa M. og sakað hana um háttsemi sem „stríddi gegn meginreglunum um óhlutdrægni og réttlæti“. Í fréttinni var svo tekið upp fyrrgreint bréf saksóknarans í Djibouti til M. og tekið fram að það sýndi að mati lögmanna „hversu umfangsmikið leynimakk“ hefði verið milli saksóknarans og rannsóknardómara. Þá var vísað til þess að í gangi væri málarekstur í því skyni að veita M. áminningu í öðru máli sem varðaði Vísindakirkjuna og hvarf tiltekinna málsgagna. Kærandi hafði komið að umræddu máli sem lögmaður og kom því til leiðar að M. var vikið frá rannsókninni.

Í október 2006 kærðu dómaramir M. og L.L. útgáfustjóra *Le Monde*, blaðamanninn sem skrifaði greinina og kæranda, fyrir meiðyrði gegn opinberum starfsmanni. Kærandi var sakfelldur fyrir hlutdeild í brotunum og var honum gert að greiða sekt og skaðabætur til M. og L.L. Tilraunir kæranda til að fá þessari niðurstöðu hnekkð báru ekki árangur þar sem talið var að hann hefði farið út fyrir mörk

tjáningarfrelsisins í gagnrýni sinni á dómarana. Þegar tekin var afstaða til málsins á æðsta dómstigi sátu í réttinum aðrir dómara en málsaðilum hafði áður verið kynnt. Kærandi kvartaði yfir því að meðal þeirra hefði verið J.M. dómari, sem hefði á fundi dómarafélags í París árið 2000 látið í ljósi stuðning sinn við M. í samhengi Vísindakirkjumálsins.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að seta J.M. í dóminum hefði leitt til þess að ekki hefði verið leyst úr máli hans með óhlutdrægum hætti og fæli það í sér brot gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Kærandi byggði jafnframt á því að sakfelling hans fyrir meiðyrði gegn opinberum starfsmanni bryti gegn rétti hans til tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 1. mgr. 6. gr.: Hvað varðaði setu J.M. í þeim dómi sem tók afstöðu til áfrýjunar kærandar var tekið fram að meta yrði hvort efasemdir kærandar um óhlutdrægni dómarsins væru hlutlægt séð réttmætar. Talið var að ummæli J.M. árið 2000 um dómara M. gætu valdið vafa í huga sakbornings um óhlutdrægni dómstólsins. Dómstóllinn lagði áherslu á hinar sérstöku aðstæður sem uppi voru í málinu sem varðaði lögmann og dómara sem höfðu báðir komið að rannsókn tveggja umtalaðra mála, þ.e. Borrel-málsins sem ummæli kærandar tengdust og Vísindakirkjumálsins sem opinber ummæli J.M. til stuðnings M. hefðu sprouttið af. Tekið var fram að á millidómstigi hefði verið komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hefði borið kala til M. og að það væri sá dómur sem J.M. þyrfti að taka afstöðu til. Þá var bent á að kærandi hefði ekki fengið upplýsingar um að J.M. myndi sitja í réttinum né haft ástæðu til að búast við dómsetu hans. Kærandi hefði því hvorki haft tækifæri til að vefengja setu hans í dóminum né til að leggja fram gögn um meinta óhlutdrægni hans. Með hliðsjón af aðstæðum taldi dómstóllinn að kærandi hefði haft réttmæta ástæðu til að efast um óhlutdrægni dómarsins og að brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Um 10. gr.: Tekið var fram að með sakfellingu kærandar hefði tjáningarfrelsi hans ótvírætt verið skert, en að sú skerðing hefði átt sér stoð í landslögum og stefnt að því lögmeta markmiði að vernda mannorð eða réttindi annarra.

Hvað varðar stöðu kærandar sem lögmanns áréttaði dómstóllinn að gera yrði greinarmun á því hvort lögmaður talaði innan eða utan réttarsalarins. Ummæli sem látnin væru falla í réttarsal færu ekki lengra og gæfu tilefni til mikils þolgaðis gagnvart gagnrýni. Á öðrum vettvangi þyrftu lögmennt að forðast ummæli sem fælu í sér tilefnislausu persónuárás án beinna tengsla við málsatvik. Þá taldi dómstóllinn ekki ljóst hvernig ummæli kærandar tengdust því verkefni hans að gæta hagsmuna skjólstaðings síns, enda hefði rannsókn málsins á því stigi verið komin í hendur annars dómara. Fallist var á að fréttin væri liður í umræðu um málefni sem varðaði almenning, enda væri fjallað um störf dómstóla og málsmeðferð sakamáls. Hins

vegar mætti ekki jafna lögmönnum til blaðamanna, enda þótt þeir hefðu sérstaka stöðu innan réttarkerfisins, þar sem þeir hefðu ekki það hlutverk að upplýsa almenning heldur að gæta hagsmuna skjólstæðinga sinna.

Dómstóllinn leit svo á að ummæli kæranda væru gildisdómar, sem eðli máls samkvæmt væri ekki hægt að sanna, en þyrftu engu að síður að eiga sér nægilega stöð í raunveruleikanum. Tekið var fram að því hefði verið slegið föstu að mikilvægt sönnunargagn, þ.e. myndbandið frá Djibouti, hefði ekki fylgt með málsgögnum til nýja dómars P. Einnig hefði dómari P. bent á atriði sem sýndu ákveðinn vinskapa á milli saksóknara og rannsóknardómars M. Þá hefði kærandi starfað sem lögmaður í tveimur umtöluðum málum þar sem M. var rannsóknardómari, en í báðum tilvikum hafði málunum að beiðni kæranda verið úthlutað til nýrra dómara vegna annmarka í málsmeðferð M. Tekið var fram að ummæli kæranda hefðu verið nátengd atburðum líðandi stundar og hvorki verið villandi né tilefnislaus. Með hliðsjón af aðstæðum var ekki fallist á að líta mætti á ummæli kæranda sem tjáningu persónulegs kala hans til M. eða fjandsemi þeirra á milli, enda hefðu þau fallið innan víðara samhengis. Þannig var talið að þótt ummæli kæranda endurspegluðu ákveðna andúð, hefðu þau varðað meinta vankanta á rannsókn dómara sem væri málefni sem lögmenn ættu að geta vakið athygli almennings á.

Af hálfu ríkisins var sérstaklega byggt á því að dómara gætu ekki svarað fyrir sig, enda væru þeir bundnir þagmælsku. Dómstóllinn áleit að þótt nauðsynlegt kynni að vera að vernda dómara gegn tilteknum árásum af þessum sökum gæti slíkt ekki leitt til þess að réttlætanlegt væri að banna einstaklingum að tjá skoðanir sínar á málefnum sem vörðuðu almenning og tengdust því hvernig dómskerfið starfaði. Tekið var fram að mörk heimillar gagnrýni á meðlimi dómastéttarinnar væru rýmri en þegar um almenna borgara væri að ræða. Engu að síður áréttaði dómstóllinn mikilvægi þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla og að samskipti innan réttarkerfisins þyrftu að byggjast á gagnkvæmri tillitssemi og virðingu.

Dómstóllinn taldi jafnframt að jafnvel þó að viðurlög vegna meiðyrða af þessu tagi væru ekki sérlega alvarleg hefðu þau fælingaráhrif á beitingu tjáningarfrelsis. Að beita lögmenn viðurlögum gæti einnig haft frekari afleiðingar, svo sem faglega áminningu í starfi og neikvæð áhrif á orðspor hans. Þá var litið til þess að byggt hefði verið á stöðu kæranda sem lögmanns til að réttlæta þyngri viðurlög.

Samkvæmt framangreindu taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn tjáningarfrelsi kæranda með sakfellingu hans í andstöðu við 10. gr. sáttmálans.

Franska ríkinu var gert að greiða kæranda 4.270 evrur í skaðabætur, 15.000 evrur í miskabætur og 14.400 evrur í málskostnað.

Tveir dómara skiluðu séráliti.

Delfi AS gegn Eistlandi

Dómur frá 16. júní 2015 - Yfirdeild

Mál nr. 64569/09

10. gr. Tjáningarfrelsi

Ærumeiðandi ummæli á vefsíðu. Ábyrgð eiganda að vefsíðu. Réttindi og skyldur fjölmiðla.

1. Málsatvik

Kærandi, Delfi AS, er hlutafélag með heimilisfesti í Eistlandi og eigandi einnar stærstu fréttavefsíðu landsins. Í janúar 2006 birti kærandi grein á vefsíðu sinni um fyrirtæki í ferjurekstri. Greinin varðaði þá ákvörðun fyrirtækisins að breyta siglingaleið að tilteknum eyjum. Þessi ákvörðun leiddi til þess að ís brotnaði þar sem fyrir lá að annars hefði mátt útbúa ísvegi í náinni framtíð. Ísvegimir veita möguleika á ódýrari og fljótari ferðaleið en ferjur og seinkaði gerð þeirra um nokkrar vikur sökum breytingarinnar á siglingaleiðinni. Undir greininni gátu lesendur nálgast athugasemdir annarra lesenda og skilið slíkar athugasemdir eftir sjálfir, ýmist undir nafni eða nafnlaust. Margar athugasemdir sem birtust voru meiðandi eða ógnandi í garð eiganda ferjunnar.

Eigandi ferjunnar höfðaði mál gegn kæranda í apríl 2006 vegna þessara athugasemda og komst dómstóll að þeirri niðurstöðu að um meiðandi ummæli væri að ræða. Var kæranda gert að greiða eigandanum skaðabætur vegna þessa. Hæstiréttur Eistlands staðfesti þá niðurstöðu í júní 2009.

Þann 10. október 2013 kvað deild Mannréttindadómstólsins upp dóm í málinu með þeirri einróma niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans. Þann 17. febrúar 2014 var málinu beint til yfirdeildar dómstólsins að beiðni kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að eistneskir dómstólar hefðu gert hann ábyrgan fyrir athugasemdum lesenda sinna og að slíkt fæli í sér brot gegn 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að þetta væri í fyrsta sinn sem tekin væri afstaða til kæru er varðar tjáningu notenda vefsíðna á internetinu. Þrátt fyrir þá fjölmörgu kosti sem fylgdu notkun internetsins sem pallborðs fyrir opnar umræður áréttaði dómstóllinn að ábyrgð á ærumeiðandi ummælum og virðing fyrir persónulegum réttindum einstaklinga mætti ekki líða fyrir notkun þessa vettvangs. Jafnframt mætti aðgangur einstaklinga að raunhæfum úrræðum vegna brota ekki vera skertur fyrir vikið.

Dómstóllinn taldi ljóst að ummælin sem um ræðir hefðu falið í sér hatursfulla orðræðu og beina hvatningu til ofbeldis. Þá var vísað til þess að kærandi hefði verið

einn stærsti fjölmiðill landsins á internetinu. Dómstóllinn tók til skoðunar skyldur fjölmiðils í ljósi 2. mgr. 10. gr. sáttmálans þegar notendum er gefið færi á að skilja eftir athugasemdir við birt efni og nýta það til tjáningar sem skerðir réttindi annarra. Tekið var fram að ábyrgð fjölmiðils að þessu leyti hefði verið komið á með lögum og væri því fyrirsjáanleg. Þá væri kærandi, sem útgefandi fréttæfnis í atvinnuskyni, í góðri aðstöðu til að meta þá áhættu sem gat leitt af starfsemi hans. Vegna þessa var talið að kærandi hefði getað séð fyrir að hann gæti borið endanlega ábyrgð á ummælum lesenda sinna við ákveðnar aðstæður. Lögð var áhersla á að kærandi væri fjölmiðill í atvinnurekstri sem hefði viðskiptalega hagsmuni af birtingu athugasemda lesenda og einn tæknilega getu til að eyða eða breyta þeim. Þannig var talið að kærandi gæti ekki borið því við að hann væri einungis þjónustuveitandi heldur ritstýrði hann að talsverðu leyti umræðunni.

Dómstóllinn tók til skoðunar hvort ábyrgð höfunda athugasemdanna ætti, eða gæti, komið í stað ábyrgðar kæranda. Benti dómstóllinn á að vegna eðlis internetsins gætu einstaklingar notið þar nafnleysis að talsverðu leyti. Þannig væri staðan jafnvel sú að einungis eigandi vefsíðu, í þessu tilviki kærandi, gæti leitt í ljós hver hefði ritað tiltekin ummæli eða athugasemd á vefsíðu. Að mati dómstólsins hafði kærandi ekki tryggt að til staðar væru nægilega virk úrræði til að unnt væri að auðkenna þann sem bærir ábyrgð á athugasemdum og aðstoðað einstaklinga við að leita réttar síns gagnvart notendum vefsíðunnar. Þetta renndi stoðum undir þá niðurstöðu eistneskra dómstóla að kærandi bærir ábyrgð á athugasemdunum ásamt þeim er rituðu þær.

Dómstóllinn tók fram að skylda fjölmiðils til að koma í veg fyrir birtingu ólöglegra athugasemda eða hatursáróðurs á vefsíðu sinni yrði ekki jafnað til ritskoðunar sem bitnaði á almenningi. Talið var að þar sem fjölmiðlar væru reknir í atvinnuskyni væri það þeim nærtækara að fylgjast með ummælum á vefsíðum sínum og fjarlægja þau, heldur en þeim sem ummælin beinast gegn. Þrátt fyrir að kærandi hefði haft ákveðin úrræði á vefsíðu sinni til tilkynninga vegna ummæla þá hefðu þau augljóslega ekki verið fullnægjandi, en það mætti glögglega sjá af því að þær athugasemdir sem um ræðir voru aðgengilegar í sex vikur frá því að þær voru birtar. Þá var ekki talið að sekt sem kæranda var gert að greiða hefði verið óhófleg. Samkvæmt þessu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að réttindi kæranda samkvæmt 10. gr. sáttmálans hefðu ekki verið brotin.

Erla Hlynisdóttir gegn Íslandi (nr. 3)

Dómur frá 2. júní 2015

Mál nr. 54145/10

10. gr. Tjáningarfrelsi

Hlutverk fjölmiðla. Blaðamenn. Góð trú. Umfjöllun um sakamál.

Í máli Erlu Hlynisdóttur (nr. 3) gegn Íslandi kveður mannréttindadómstóll Evrópu (önnur aðaldeild), sem situr í deild skipaðri:

András Sajó, *forseta*,

Nebojša Vučinić,
Helen Keller,
Paul Lemmens,
Egidijus Kūris,
Róbert Spanó,
Jon Fríðrik Kjölbro, *dómarar*,
og Stanley Naismith, *ritara aðaldeildar*,

að lokinni umfjöllun um málið á lokuðum fundi hinn 20. janúar og 12. maí 2015, upp eftirfarandi dóm, sem var samþykktur þann dag sem síðast greinir.

MÁLSMEDFERÐ

1. Mál þetta á upphaf sitt í kærú (nr. 54145/10) sem Erla Hlynsdóttir („kærandi“), sem er íslenskur ríkisborgari, lagði fram gegn Íslandi á grundvelli 34. gr. Samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis („mannréttindasáttmálans“) hinn 31. ágúst 2010.

2. Í fyrirsvari fyrir kæranda var Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður í Reykjavík. Í fyrirsvari fyrir ríkisstjórn Íslands („ríkið“) var Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins, sem umboðsmaður þess.

3. Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 11. mars 2010, hefði samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmálans falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi hennar, sem „ekki bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi“.

4. Kæran var send ríkinu hinn 6. september 2012.

MÁL SATVIK

I. MÁLAVEXTIR

5. Kærandi, Erla Hlynsdóttir, er íslenskur ríkisborgari, fædd 1978 og búsett í Reykjavík. Hún er blaðamaður og starfar hjá dagblaðinu DV.

6. Í maí 2007 gaf ríkissaksóknari út ákæru gegn tveimur einstaklingum vegna innflutnings á kókaíni til Íslands. Kókaínið hafði verið falið í bifreið af gerðinni Mercedes Benz, þar sem það hafði uppgötvast af tollvörðum. Hafði lögreglan fjarlægð kókaínið og sett annað efni í þess stað. Einn hinna ákærðu, A, hafði sótt bifreiðina á tollinn og greitt af henni aðflutningsgjöld. Hann og annar ákærði óku bifreiðina á verkstaði þar sem efnið var fjarlægð.

7. Dagblaðið DV birti grein hinn 5. júlí 2007 um yfirstandandi sakamál gegn A og meðákærða hans fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Mynd var birt af A á forsíðu dagblaðsins þar sem hann gekk inn í dómsal. Undir ljósmyndinni var stór fyrirsögn, „Hræddir kókaínsmyglarar“, og þar fyrir neðan var ritað að báðir ákærðu óttuðust hefndaraðgerðir vitorðsmanna og hefðu því neitað að nafngreina þá. Nafn A var einnig birt á forsíðunni með þeim ummælum að hann og meðákærði hans gætu átt von á fangelsisdómi allt að sjö eða átta árum og þremur til fjórum árum hvor um sig fyrir að fjarlægja efnið.

8. Greinin sjálf birtist á 2. blaðsíðu dagblaðsins og var kærandi tilgreindur

10. gr. Tjáningarfrelsi

sem höfundur. Hjá greininni var birt önnur ljósmynd af A, þar sem hann var enn nafngreindur. Í greininni var staðhæft að A hefði óttast að gefa upp nafn þess sem hann sagði að í raun hefði staðið á bak við innflutninginn og að hann óttaðist um öryggi sitt og fjölskyldu sinnar. Í greininni var að finna eftirfarandi ummæli:

„Ríkissaksóknari fer fram á sjö til átta ára fangelsi yfir A sem ákærður hefur verið fyrir innflutning á tæpum 3,8 kílóum af kókaíni ætluðum til sölu ásamt óþekktum samverkamanni. Farið er fram á þriggja til fjögurra ára fangelsi yfir B, sem einnig var ákærður í málinu fyrir að hafa í félagi við A fjarlægð ætluð fíkniefni úr bifreiðinni.“

9. Í næstu málsgrein var eftirfarandi staðhæft:

„Kókaínið var falið í bifreið sem A flutti til landsins og tók í sína vörslu í febrúar 2007 í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað en lögregla hafði þá gert efnið upptækt og skipt því út fyrir gerviefni.“

Þessi setning var orðrétt höfð eftir málsatvikalýsingunni í ákæruskjalinu án þess að beint væri vísað til þess skjals.

10. Með dómi sem kveðinn var upp 12. júlí 2007 sýknaði héraðsdómur bæði A og meðákærða hans af öllum sökum og hinn 29. maí 2008 staðfesti Hæstiréttur sýknudóminn.

11. Hinn 21. október 2008 höfðaði A meiðyrðamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn kæranda og S.M.E., sem var ritstjóri DV á þeim tíma sem um ræðir. Í stefnu sinn krafðist hann þess að fyrirsögnin („Hræddir kókaínsmyglarar“), sem birst hafði á forsíðu dagblaðsins, er gefið var út af DV hinn 5. júlí 2007, og ummælin, sem vitnað er til í 9. lið hér að framan, yrðu dæmd dauð og ómerk. Þá krafðist A þess að stefndu yrðu óskipt dæmd til að greiða honum miskabætur að fjárhæð 2.500.000 krónur og að auki 500.000 krónur til greiðslu kostnaðar við birtingu dómsins í þremur dagblöðum.

12. A taldi að ábyrgð á ummælunum lægi hjá kæranda sem höfundi greinarnnar, sbr. 2. mgr. 15. gr. prentлага nr. 57/1956. Enginn hefði verið tilgreindur sem höfundur fyrirsagnarinnar á forsíðunni og því bæri útgefandi eða ritstjóri ábyrgð á henni (sbr. 3. mgr. 15. gr. sömu laga í 23. málsgrein hér að neðan).

13. Með dómi, sem kveðinn var upp 26. júní 2009, dæmdi héraðsdómur kæranda og ritstjóra í hag. Í forsendum sínum vísaði dómurinn til tjáningarfrelsis og friðhelgi einkalífs, sem varið er af stjórnarskrá Íslands. Ennfremur sagði í dóminum:

„Þegar skarast fyrrgreindir hagsmunir stefndu af því að njóta tjáningarfrelsis og hagsmunir stefnanda af því að njóta friðhelgi einkalífs síns, ber að líta til þess hvort hið birta efni sem stefndu bera ábyrgð á, geti talist þáttur í almennri þjóðfélagsumræðu og eigi þannig erindi til almennings. Umdeild ummæli birtust í umfjöllun blaðsins um opinbert mál, þar sem stefnanda hafði verið gefinn að sök alvarlegur glæpur. Réttarhaldið var opið almenningi og þeim sem vildu á hlýða, eins og tíðkanlegt er, og er frásögn stefndu í samræmi við það sem þar kom fram. Verður að telja það eðlilegt að færðar séu fréttir af sakamálum sem til meðferðar eru í dómstólum landsins og þátt í störfum fréttamanna. Verður ekki gerð sú krafa að beðið sé niðurstöðu dómsmáls áður en greint er frá málinu. Breytir þar engu um þó svo stefnandi hafi síðar verið sýknaður af ákærinni. Verður því að telja að hið birta efni hafi á

10. gr. Tjáningarfrelsi

þeim tíma, sem það var birt, átt erindi við almenning og hafi haft fréttagildi. Þó svo fyrrsögn á forsíðu sé færð í stílinn verður að líta til þess, að þar er vitnað í það sem fram kom við yfirheyrslu yfir stefnanda í sakamálinu, þ.e. að hann vildi ekki gefa upp nafn mannsins sem stefnandi var ákærður fyrir að hafa flutt inn fíkniefni fyrir, þar sem hann óttaðist um öryggi sitt og fjölskyldu sinnar. Þegar allt framangreint er virt verða ummælin því ekki talin hafa verið móðgandi eða meiðandi fyrir stefnanda, sbr. 234. gr. almennra hegningarlaga eða falið í sér aðdróttun, sbr. 235. gr. sömu laga. Þá verða þau ekki talin hafa verið ólögsmæt meingerð gegn persónu hans og æru.“

A áfrýjaði dómi héraðsdóms til Hæstaréttar.

14. Með dómi, sem kveðinn var upp 11. mars 2010, sneri Hæstiréttur dómi héraðsdóms við. Voru orðin „kókaínsmýglarar“ á forsíðu blaðsins og ummælin „í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“ ómerkt og kæranda og ritstjóra gert að greiða áfrýjanda í sameiningu 100.000 krónur með dráttarvöxtum (u.þ.b 575 evrur (EUR)) í miskabætur ásamt vöxtum og 50.000 krónur til að standa straum af kostnaði af opinberri birtingu niðurstöðu dómsins. Í dóminum var m.a. að finna eftirfarandi rökstuðning:

„Þegar ummælin, sem málið varðar, birtust í DV 5. júlí 2007 var beðið dóms í héraði í máli ákæruvaldsins á hendur áfrýjanda og öðrum manni. Þetta kom skýrlega fram í greininni, þar sem sakargiftir á hendur þeim voru raktar efnislega ásamt nokkrum meginatriðum úr sönnunarfærslu ákæruvaldsins og skýrslum þeirra við aðalmeðferð málsins. Því er ekki borið við af áfrýjanda að sú frásögn hafi í einhverju verið röng, ef frá er talinn sá hluti hennar, sem dómkrofur hans varða. Þessi skrif sneru að alvarlegu sakamáli, sem rekið var fyrir dómi í heyranda hljóði, og sætti því engum takmörkunum eftir 10. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að fjölmiðlar neyttu frelsis samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar til að fjalla um málið, þar á meðal með því að nafngreina þá, sem sökum voru bornir. Í þeirri umfjöllun bar á hinn bóginn að gæta sérstaklega að því að það er hlutverk dómstóla að slá því föstu hvort sakaðir menn séu sannir að broti, en ekki fjölmiðla.

... var áfrýjandi sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins með héraðsdómi, sem gekk réttu viku eftir birtingu ummælanna í DV, og stóð sú niðurstaða öröskuð samkvæmt dómi Hæstaréttar 29. maí 2008. Með þeim málalokum var því þannig hafnað að áfrýjandi og meðákærði hafi í þessu tilviki orðið sannir að sök um að vera „kókaínsmýglarar“ og jafnframt að áfrýjandi hafi í febrúar 2007 tekið fyrrnefnda bifreið í sínar vörslur „í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“, en þetta tvennt var fullt í þeim ummælum, sem áfrýjandi leitar hér ómerkingar á, án nokkurs efnislegs fyrirvara um að þær staðhæfingar væru reistar á ákæru, sem varist væri fyrir dómi. Að virtum málalokum um þá ákæru fólu þessi ummæli í sér aðdróttun í garð áfrýjanda og eru ekki efni til annars en að verða við kröfu hans um ómerkingu þeirra. Að því er varðar önnur ummæli, sem áfrýjandi krefst að verði ómerkt, er til þess að líta að orðið „hræddir“ í fyrrsögn á forsíðu fól í sér gildisdóm og studdist að auki við ummæli, sem féllu við skýrslugjöf áfrýjanda og meðákærða í sakamálinu. Frásögn í greininni á innsíðu blaðsins um að kókaín hafi verið falið í bifreiðinni, sem áfrýjandi flutti til landsins og tók í sínar vörslur í febrúar 2007, eftir að lögregla hafði lagt hald á fíkniefnin og sett gerviefni í þeirra stað, fól aðeins í sér lýsingu á staðreyndum, sem lágu fyrir í sakamálinu. Eru því engin skilyrði til að ómerkja ummæli, sem að þessu lutu.

Ef frá er talið eitt orð í forsíðufyrrsögn á blaðinu birtust ummælin, sem ómerkt eru, sem fyrr segir í grein, sem [kærandi] var nafngreind[ur] sem höfundur að, og ber hún fébótaábyrgð á þeim samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Á hinn bóginn var enginn nafngreindur sem höfundur forsíðufyrirsagnarinnar og fellur því fébótaábyrgð vegna hennar á stefnda [S.M.E.] sem ritstjóra blaðsins, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Milli ummælanna í forsíðufyrrsögninni á blaðinu og greinarinnar á 2. blaðsíðu voru þau tengsl

10. gr. Tjáningarfrelsi

að dæma verður stefndu í sameiningu til að greiða áfrýjanda miskabætur vegna þeirra. Þegar litið er til þess að ómerking ummælanna ein út af fyrir sig réttir eins og hér stendur á hlut áfrýjanda að verulegu leyti eru þær bætur að öllu öðru virtu hæfilega ákveðnar 100.000 krónur, en sú fjárhæð ber dráttarvexti eins og nánar greinir í dómsorði. Með vísan til 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga verður stefndu einnig gert að greiða áfrýjanda 50.000 krónur til að standa straum af kostnaði af opinberri birtingu niðurstöðu þessa máls, en af þeirri fjárhæð hefur hann ekki krafist vaxta.“

15. Að fengnum sýknudómi höfðaði A mál fyrir íslenskum dómstólum þar sem hann krafðist bóta frá íslenska ríkinu vegna gæsluvarðhalds að ósekju meðan á framangreindri rannsókn á sakamáli stóð, en án árangurs. Í dómi Hæstaréttar frá 16. júní 2010 var komist að þeirri niðurstöðu að gæsluvarðhaldið hefði verið réttmætt þótt hann hefði síðar verið sýknaður.

16. Í apríl 2009 var A aftur handtekinn vegna aðildar að innflutningi fíkniefna til Íslands og í desember 2009 var hann dæmdur með endanlegum dómi til tíu ára fangelsisvistar vegna þátttöku sinnar í brotinu.

II. TILVÍSUN TIL LAGA

17. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, lög nr. 33/1944, er svohljóðandi:

„Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“

18. 71. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi:

„Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.“

19. 73. gr. stjórnarskrárinnar er svohljóðandi:

„Allir eru frjálsir skoðana sinna og sannfæringar.

Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar, en ábyrgjast verður hann þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar sambærilegar tálmanir á tjáningarfrelsi má aldrei í lög leiða.

Tjáningarfrelsi má aðeins setja skorður með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs, annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“

20. Í XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem ber yfirskriftina „Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs“, er að finna eftirfarandi ákvæði sem við eiga:

10. gr. Tjáningarfrelsi

234. gr., „Hver, sem meiðir æru annars manns með móðgun í orðum eða athöfnum, og hver, sem ber slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

235. gr.

„Ef maður dróttar að öðrum manni einhverju því, sem verða myndi virðingu hans til hnekkis, eða ber slíka aðdróttun út, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 1 ári.“

236. gr.

„Sé ærumeiðandi aðdróttun höfð í frammi eða borin út gegn betri vitund, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum.“

Sé aðdróttun birt eða borin út opinberlega, enda þótt sakaráberi hafi ekki haft sennilega ástæðu til að halda hana rétta, þá varðar það sektum eða fangelsi allt að 2 árum.“

241. gr.

„Í meiðyrðamáli má dæma óviðurkvæmileg ummæli ómerk, ef sá krefst þess, sem misgert var við.“

Dæma má þann, sem sekur reynist um ærumeiðandi aðdróttun, til þess að greiða þeim, sem misgert var við, ef hann krefst þess, hæfilega fjárhæð til þess að standast kostnað af birtingu dóms, atvikið hans eða forsendna jafnframt, eftir því sem ástæða þykir til, í opinberu blaði eða riti, einu eða fleirum.“

21. 1. mgr. 25. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er svohljóðandi:

„Beri tveir eða fleiri óskipta bótaábyrgð skal ábyrgð þeirra innbyrðis skiptast eftir því sem sanngjarnt þykir þegar litið er til eðlis skaðabótaábyrgðar þeirra og atvika að öðru leyti.“

22. 1. mgr. 26. gr. sömu laga er svohljóðandi:

„Heimilt er að láta þann sem:

a. af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni eða

b. ábyrgð ber á ólögumætri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við.“

23. 15. gr. laga nr. 57/1956, um prentrétt, er svohljóðandi:

15. gr.

„Um ábyrgð á efni annarra blaða eða tímarita en þeirra, er getur í 14. gr., gilda þessar reglur:

Höfundur ber refs- og fébótaábyrgð á efni ritsins, ef hann hefur nafngreint sig og er auk þess annaðhvort heimilisfastur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir íslenskri lögsögu, þegar mál er höfðað.

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits eða ritstjóri ábyrgðina, því næst sá er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, sem annast hefur prentun þess eða letrun.“

24. Í siðareglum Blaðamannafélags Íslands er að finna eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

„Blaðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt sína eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á starfi blaðamanns eða skert hagsmuni stéttarinnar. Blaðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga.“

2. gr.

„Blaðamanni er ljós persónuleg ábyrgð á öllu sem hann skrifar. Hann hefur í huga að

10. gr. Tjáningarfrelsi

almennt er litið á hann sem blaðamann þó að hann komi fram utan síns eiginlega starfssviðs, í riti eða ræðu. Blaðamaður virðir nauðsynlegan trúnað við heimildarmenn sína.“

3. gr.

„Blaðamaður vandar upplýsingaöflun sína, úrvinnslu og framsetningu svo sem kostur er og sýnir fyllstu tillitsemi í vandasömum málum. Hann forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða fólki sem á um sárt að binda, óþarfa sársauka eða vanvirðu.“

4. gr.

„... Í frásögnum af dóms- og refsímálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.“

LAGAATRIÐI

I. MEINT BROT GEGN 10. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

25. Kærandi taldi að dómur Hæstaréttar Íslands, sem kveðinn var upp 11. mars 2010, hefði falið í sér afskipti af tjáningarfrelsi hennar, sem ekki „bæri nauðsyn til í lýðræðisþjóðfélagi“ og þar með brotið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans, sem er svohljóðandi:

„1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi hindra ríki í að gera útvarps-, sjónvarps- og kvikmyndafyrirtækjum að starfa aðeins samkvæmt sérstöku leyfi.

2. Þar sem af réttindum þessum leiðir skyldur og ábyrgð er heimilt að þau séu háð þeim formsreglum, skilyrðum, takmörkunum eða viðurlögum sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, landvarna eða almannaeilla, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu eða siðgæði manna, mannorði eða réttindum og til þess að koma í veg fyrir uppljóstran trúnaðarmála eða til þess að tryggja vald og óhlutdrægni dómstóla.“

26. Ríkið mótmælti þessari röksemdafærslu.

A. Meðferðarhæfi

27. Ríkið taldi að ábyrgðin á birtingu fyrirsagnarinnar á forsíðu dagblaðsins, „Hræddir kókaínsmyglarar“ hefði legið hjá ritstjóranum, S.M.E., sem ekki var aðili að málinu fyrir mannréttindadómstólnum. Í greinargerðum [ríkisins] hefði kærandi „einungis“ verið talinn bera ábyrgð á greininni á bls. 2 í dagblaðinu, þar sem var að finna ummælin „Í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“. Sú staðreynd að kæranda og ritstjóra hefði verið gert að greiða bætur óskipt væri sérstakt álitaefni, sem þýddi að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skaðabótalaga gæti kærandi krafist endurgreiðslu að hluta úr hendi ritstjórans ef hún greiddi fjárhæðina alla sjálf. Prentlög kæmu ekki í veg fyrir að bætur yrðu greiddar óskiptar. Hins vegar, eins og kærandi benti á, gæti refsíábyrgð vegna prentaðs mál aldrei verið óskipt, en um það hefði ekki verið deilt í þessu máli. Ríkið benti á að ekkert væri að finna í málsgögnum sem benti til þess að kærandi hefði greitt alla fjárhæðina eða jafnvel hluta hennar.

Þann hluta kærunnar yrði því að lýsa ótæka vegna aðildarskorts (*ratione personae*).

28. Kærandi mótmælti þessari röksemdafærslu og lagði áherslu á að henni og S.M.E. hefði verið gert að greiða skaðabæturnar óskipt. S.M.E. hefði ekki greitt alla fjárhæðina en jafnvel þótt svo hefði verið hefði það ekki áhrif á rétt hennar til þess að leita viðurkenningar á því að með dómi Hæstaréttar hefði verið brotið gegn tjáningarfrelsi hennar. Það gæti aðeins skipt máli fyrir kröfu hennar um sanngjarnar bætur.

29. Dómstóllinn bendir á að þótt Hæstiréttur hafi ekki rakið hin umdeildu orð *kókaínsmyglarar* í forsíðufyrirsögninni til kæranda heldur til ritstjórans hefði rétturinn engu að síður talið að milli ummælanna í forsíðufyrirsögn blaðsins og greinarinnar á 2. blaðsíðu væru þau tengsl að dæma mætti kæranda og ritstjóra í sameiningu til að greiða miskabætur vegna þeirra beggja. Því verður að hafna mótmælum ríkisins.

30. Ennfremur er kæra þessi ekki augljóslega illa ígrunduð í skilningi a-liðar 3. mgr. 35. gr. mannréttindasáttmálans og ekki getur hún talist ómeðferðarhæf á neinum öðrum forsendum. Því ber að telja kærana meðferðarhæfa.

B. Málsástæður

31. Dómstóllinn telur að hin umdeilda ráðstöfun hafi falið í sér „afskipti stjórnvalda“ af tjáningarfrelsi kæranda, sem tryggt er samkvæmt 1. mgr. 10. gr.

32. Afskiptin áttu sér lagastoð í 235. gr. og 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, 2. og 3. mgr. 15. gr. prentлага og 1. mgr. 25. gr. skaðabótalaga (sbr. 20. - 30. mgr. hér að framan) og voru því „lögmæt“ í skilningi 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans.

33. Varðandi síðara atriðið ber að geta þess að í fyrsta sinni í athugasemdum sínum frá 27. mars 2013, þar sem svarað var athugasemdum ríkisins frá 15. janúar 2013, taldi kærandi með vísan til framangreindar viðmiðunar, þ.e. „lögmæt“ að Hæstiréttur hefði horft framhjá stigskiptingu ábyrgðar sem fjallað er um í 15. gr. prentлага (sjá 23. mgr. hér að framan). Þar sem enginn höfundur hefði verið nafngreindur að forsíðufyrirsögninni bæri ritstjórinn næstur ábyrgðina. Þótt prentlögin væru óskýr að því er varðar hvern ætti að nafngreina sem höfund ummæla eða efnis, væri ljóst að ábyrgð í skilningi laganna fæli í sér fjárhags- og refsíábyrgð, sem að mati kæranda gæti ekki verið óskipt. Með öðrum orðum telur hún að afskiptin hafi ekki verið lögmælt. Dómstóllinn sér þó ekki ástæðu til þess að vefengja túlkun og framkvæmd innlends réttar af hálfu Hæstaréttar. Það kemur fyrst og fremst í hlut landsyfirvalda, einkum dómstóla, að leysa úr vandkvæðum við túlkun innlends réttar. Hlutverk dómstólsins takmarkast því við að ganga úr skugga um hvort afleiðingar slíkrar túlkunar samræmist mannréttindasáttmálanum (sbr. m.a. *Pérez de Rada Cavanilles gegn Spáni*, *Reports of Judgments and Decisions* 1998-VIII; *Rekvényi gegn Ungverjalandi* [GC], nr. 25390/94, 35 mgr., ECHR 1999-III; og *Centro Europa 7 S.r.l. og Di Stefano gegn Ítalíu* [GC], nr. 38433/09, 140 mgr., ECHR 2012). Röksemdir hennar verða teknar til athugunar í umfjölluninni um skilyrðið um nauðsyn hér að neðan.

34. Dómstóllinn telur ennfremur að afskiptin hafi haft þann lögmæta tilgang að vera til verndar „mannorði eða réttindum annarra“.

35. Eftir stendur að taka afstöðu til þess hvort afskiptin hafi verið „nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi“.

1. Sjónarmið aðila

(a) Kærandi

36. Kærandi mótmælti lýsingu ríkisins á íslenskum lögum og framkvæmd, sem að hennar mati væri ónákvæm og/eða villandi. Þótt rétt sé að 73. gr. stjórnarskrárinnar tryggi tjáningarfrelsi og mannréttindasáttmálinn hefði verið tekinn upp í íslenskan rétt hefðu dómstólar á Íslandi beitt ákvæðum mannréttindasáttmálans með þeim hætti að ekki samrýmist framkvæmd mannréttindadómstólsins og beitti sjaldan 73. gr. stjórnarskrárinnar í samræmi við mannréttindasáttmálann og framkvæmd mannréttindadómstólsins.

37. Hefði niðurstaða Hæstaréttar í dómi hans frá 11. mars 2010 falið í sér brot gegn rétti fréttamanna til þess að koma á framfæri við almenning upplýsingum um yfirstandandi réttarhöld í sakamáli. Mikilvægt sé í lýðræðislegu þjóðfélagi og réttarríki að réttarhöld í sakamálum séu opin almenningi og fjölmiðlum. Sakamálið gegn A hefði verið umtalað þar sem magn fíkniefna sem hefði verið gert upptækt af lögreglu hefði gert það að einu stærsta kókaínmáli landsins. Málið hefði því vakið athygli fjölmiðla og ætti erindi við almenning.

38. Í blaðagreininni hefði ekki verið að finna neinar staðhæfingar um A sem ekki samrýmdust ákærunum á hendur honum. Kærandi mótmælti þeirri niðurstöðu Hæstaréttar að orðrétt tilvitnun í ákæruskjalið gæti talist aðdróttun. Ennfremur væri augljóst þegar greinin væri lesin í heild að um væri að ræða lýsingu á ákærum ríkissaksóknara á hendur A. Í greininni hefði einnig verið tekið skýrt fram að málið væri til meðferðar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á þeim tíma sem hún birtist og að ekki væri að vænta dóms fyrr en síðar.

39. Kærandi mótmælti því mati Hæstaréttar að þar sem A hefði síðar verið sýknaður af ákærunum gegn honum yrði þegar af þeirri ástæðu að ómerkja ummælin. Það kæmi varla heim og saman við þá staðreynd að í skaðabótamálinu sem höfðað hefði verið af A gegn íslenska ríkinu hefði Hæstiréttur dæmt hinum síðarnefnda málsaðila í hag þrátt fyrir sýknun hins fyrrnefnda (sjá 15. mgr. hér að framan).

40. Ennfremur sé saksóknara skylt samkvæmt 145. gr. laga um meðferð opinberra mála að fella niður mál telji hann að sönnunargögn í málinu séu ekki nægileg til sakfellis fyrir rétti. Þannig mætti draga þá ályktun að Ríkissaksóknari hefði verið þeirrar skoðunar að sönnunargögn í sakamálinu gegn A hefðu nægt til sakfellis. Í ljósi framangreinds væri erfitt að skilja þá röksemdafærslu Hæstaréttar í meiðyrðamálinu að það væri hlutverk dómstóla en ekki fjölmiðla að slá því föstu að sakaður maður sé sannur að broti.

41. Þá hefði Hæstiréttur með niðurstöðu sinni um að í orðunum „kókaín-

smyglarar“ fælist ærumeiðing ekki tekið tillit til þess sjónarmiðs að tjáningarfrelsi nær hugsanlega einnig til þess að ýkja að vissu marki eða jafnvel ögra (sbr. m.a. *Prager og Oberschlick gegn Austurríki*, 26. apríl 1995, A-deild nr. 313, og *Stoll gegn Sviss* [GC] nr. 69698/01, ECHR 2007-V). Andstætt því sem ríkið héldi fram ættu þessi grundvallaratriði við í fyrirbyggjandi máli. Þannig taldi hún að A hefði mátt gera ráð fyrir að þola almenna umræðu um þetta tiltekna mál og gæti ekki átt rétt á sama verndarstigi og aðrir. Þá lagði hún áherslu á að hún hefði ekkert haft um forsiðufyrirsögnina að segja, sem hún hefði reyndar ekki séð þar til blaðið kom út. En jafnvel þótt í henni hefðu e.t.v. falist einhverjar ýkjur eða ögrun félli það undir frelsi fjölmiðla.

42. Að mati kæranda væri ekki unnt að líta svo á að skorðurnar sem henni voru settar þjónuðu ríkri þjóðfélagslegri þörf eða væru nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Af niðurstöðu Hæstaréttar mætti ráða að fjölmiðlum væri óheimilt að fjalla um sakamál eða vitna til staðreynda í sakamálum fyrr en dómur væri genginn og sök sönnuð. Í þessu sambandi lagði hún áherslu á að hin umdeildu ummæli í greininni hefðu verið orðrétt tilvitnun í opinbert skjal – ákæruskjalið – sem nú hefði komið fram í endanlegum dómi í málinu, sem birtur hefði verið á netinu.

43. Kærandi lagði ennfremur áherslu á að hún hefði verið í góðri trú og byggt á staðreindum. Þegar greinin væri lesin í heild gæti engum dulist að efni hennar væri yfirstandandi réttarhöld í sakamáli. Greinin hefði hafist á því að taka fram að A ætti yfir höfði sér sjö til átta ára fangelsi vegna innflutnings á kókaíni. Greininni hefði síðan lokið með því að taka fram að hann sæti í gæsluvarðhaldi til 13. júlí 2007 og að búast mætti við að dómur yrði kveðinn upp fyrir þann tíma. Hún hefði stuðst við opinbert skjal – ákæruskjalið – og í greininni hefðu ekki falist neinar ýkjur eða ögrun. Kærandi vísaði til *Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi* ([GC] nr. 21980/93, ECHR 1999-III); *Colombani o.fl. gegn Frakklandi* (nr. 51279/99, ECHR 2002-V); og, sér í lagi, *Thoma gegn Lúxemborg* (nr. 38432/97, ECHR 2001-III), þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að blaðamanni væri heimilt að byggja á efni opinberra gagna án þess að ráðast í sjálfstæðar rannsóknir. Svo virtist sem helstu mistök hennar hefðu verið að setja ekki fjarlægð milli sín og hins umdeilda málsliðar, sem tekinn hefði verið upp úr ákæruskjalinu. Hún vitnaði hins vegar aftur til *Thoma*, sem vísað er til hér að framan, þar sem dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slík krafa samræmdist ekki því hlutverki fjölmiðla að veita upplýsingar um atburði, skoðanir og hugmyndir samtímans. Ennfremur taldi hún, með vísan til *Verlagsgruppe News GmbH gegn Austurríki* (nr. 76918/01, 14. desember 2006), að slík krafa væri of formbundin til þess að geta talist hófleg.

44. Kærandi taldi einnig, með vísan til *Perna gegn Ítalíu* ([GC] nr. 48898/99, ECHR 2003-V), að Hæstarétti hefði borið að standa vörð um grundvallarreglur tjáningarfrelsisins með því að líta á greinina í heild og refsa kæranda ekki fyrir meidýrði vegna brots af þeim ummælum sem viðhöfð hefðu verið.

45. Í ljósi framangreinds taldi kærandi að hagsmunir A af því að vernda mannorð sitt gætu ekki talist nægir til þess að vega á móti brýnum hagsmunum almennings af því að upplýsingar yrðu veittar um sakamálið.

46. Þá taldi kærandi að fjárhæðin, sem henni hefði verið gert að greiða með vöxtum, hefði ekki verið sérlega hófleg í ljósi tiltölulegra lágra launa sem blaðamenn hefðu á Íslandi og að hún hefði þurft að greiða dráttarvexti og málskostnað sinn að auki. Hvað sem því liði, eins og dómstóllinn hefði tekið fram í *Jersild gegn Danmörku* (dómur frá 23. september 1994, A-deild nr. 298), skiptu hófleg mörk sektarinnar ekki máli; það sem skipti máli væri sú staðreynd að blaðamaðurinn hefði verið sakfelldur.

47. Dómurinn í fyrirliggjandi máli hefði þannig ógnað frjálsum og opnum umræðum og grundvallarhlutverki fjölmiðla, sem væri að miðla upplýsingum og hugmyndum um mikilvæg mál sem erindi ættu við almenning. Af því leiddi að niðurstaða Hæstaréttar hefði falið í sér brot gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

(b) Ríkið

48. Ríkið lagði á það áherslu í upphafi að mannréttindasáttmállinn hefði verið tekinn upp í íslensk lög og það væri viðurkennd íslensk réttarframkvæmd að túlka ákvæði stjórnarskrárinnar til samræmis við ákvæði mannréttindasáttmálans og dómaframkvæmd dómstólsins.

49. Íslenskir dómstólar hefðu ítrekað staðfest að hlutverk fjölmiðla í lýðræðislegu þjóðfélagi og réttindi og skyldur blaðamanna væru afar mikilvægar þegar lagt væri mat á það hvort kalla skyldi blaðamann til ábyrgðar vegna birtra ummæla sinna. Hins vegar hefði mannréttindadómstóllinn fallist á að blaðamönnum bæru ákveðnar skyldur, svo sem að starfa „í góðri trú og byggja á staðreyndum og veita „nákvæmar og áreiðanlegar“ upplýsingar í samræmi við siðareglur blaðamennsku“ (sem dæmi var vísað til *Bladet Tromsø og Stensaas*, sjá tilvísun hér að framan, 65. mgr., og *Godlevskiy gegn Rússlandi* nr. 14888/03, 42. mgr., 23. október 2008).

50. Ríkið vísaði einnig til *Ruokanen o.fl. gegn Finnlandi* (nr. 45130/06, 6. apríl 2010), og *News Verlags GmbH & Co.KG gegn Austurríki* (nr. 31457/96, 56. mgr., ECHR 2000-I). Í síðarnefnda dóminum hefði mannréttindadómstóllinn tekið fram að takmörk leyfilegra ummæla um yfirstandandi sakamál kynnu ekki að ná til staðhæfinga sem líklegar væru til þess að skaða möguleika manns til þess að hljóta réttláta málsmeðferð eða sem kynni að grafa undan trausti almennings á hlutverki dómstóla í framgangi réttvísinnar. Að mati ríkisins þyrfti að kanna hvert einstakt mál í ljósi þessara grundvallarreglna þegar mat væri lagt á réttindi og skyldur blaðamanna.

51. Í þessu máli hefði Hæstiréttur lagt áherslu á skyldu fjölmiðla til þess að flytja fréttir um dómsmeðferð í alvarlegum opinberum málum og hefði grein kæranda að mestu verið talin í samræmi við viðteknar reglur í slíkum frétttaflutningi. Hins vegar hefði staðhæfingin í greininni og á forsíðunni, þar sem gengið var út frá sekt A sem gefinni, verið Hæstarétti sérstakt áhyggjuefni, og hann hefði því bent á það það væri hlutverk dómstóla en ekki fjölmiðla að kveða upp úr um sekt manna.

52. Þá hefði staðhæfing kæranda um sekt A engan veginn verið nauðsynlegt framlag í frétttaflutninginn um sakamálið. Ómerking þessara einstöku ummæla hindraði þannig ekki skýlausan rétt og skyldu fjölmiðla til þess að miðla fréttum til almennings um sakamál með áreiðanlegum og nákvæmum hætti.

53. Hæstiréttur hefði gert skýran greinarmun á gildisdómum og fullyrðingum um staðreyndir. Rétturinn hefði talið að hin umdeilda staðhæfing í greininni og síðasta orðið í fyrirsögninni („kókaínsmyglarar“) á forsíðunni teldust fullyrðingar um staðreyndir fremur en gildisdómar. Ennfremur hefði rétturinn gert greinarmun á staðhæfingum A og meðákærðs í réttarhöldunum og öðrum staðhæfingum sem kærandi hefði ritað í greininni. Í þeim staðhæfingum hefði verið gengið út frá sekt A án nokkurra fyrirvara um að þær byggðu á ákæru sem til meðferðar væri fyrir réttinum. Hins vegar var talið að orðið „Hræddir“ hefði falið í sér gildisdóm sem ennfremur var stutt af þeim yfirlýsingum sem gefnar voru í réttarhöldunum og því hefði Hæstiréttur ekki ómerkt það. Á hinn bóginn hefði sú fullyrðing að A hefði tekið bifreiðina í sínar vörslur „í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“ verið talin fela í sér aðdróttun í hans garð og af þeim sökum var hún ómerkt.

54. Ríkið benti ennfremur á að eðli og þyngd viðurlaganna væru þættir sem þyrfti að taka til greina þegar lagt væri mat á meðalhóf afskiptanna. Í þessu máli hefði ekki verið um að ræða hegningu. Ennfremur hefði fjárhæð miskabótanna verið hófleg í samanburði við bætur sem að jafnaði eru tildæmdar í meiðyrðamálum á Íslandi og ekki var um að ræða ritskoðun sem ætluð væri til þess letja fjölmiðla frá því að setja fram gagnrýni um mál sem eiga erindi til almennings.

55. Að mati ríkisins hefði hin umdeilda takmörkun á tjáningarfrelsi kæranda stafað af ríkri þjóðfélagslegri þörf, þ.e. rétti einstaklings sem sætti ákæru fyrir refsivert brot, friðhelgi einkalífs hans og æru. Ríkinu bæri rík skylda til þess að vernda þessi réttindi. Röksemdirnar sem Hæstiréttur hefði byggt niðurstöðu sína á hefðu verið viðeigandi og fullnægjandi og, í ljósi hinnar vægu refsingar, í samræmi við hið lögmatæa markmið sem stefnt hefði verið að.

2. Álit dómstólsins

Almennar reglur

56. Varðandi skilyrðið um „naudsyn í lýðræðislegu þjóðfélagi“ ber dómstólnum að ákvarða hvort hin kærða íhlutun svaraði til „ríkrar þjóðfélagslegrar þarfar“. Samningsríkjum ber nokkurt svigrúm til mats á því hvort slíka naudsyn beri til en það mat er háð eftirliti Evrópu. Það er því á valdi mannréttindadómstólsins að kveða upp endanlegan úrskurð um hvort „takmörkun“ samrýmist tjáningarfrelsi sem verndað er skv. 10. gr. (sbr., meðal fjölda annarra heimilda, *Association Ekin gegn Frakklandi*, nr. 39288/98, 56. mgr., ECHR 2001-VIII; *Perna*, sjá hér að framan, 39. mgr.; og *Pedersen og Baadsgaard gegn Danmörk* [GC], nr. 49017/99, 68. mgr., ECHR 2004-XI).

57. Verkefni dómstólsins er hins vegar ekki að koma í stað innlendra dómstóla, heldur að fara yfir ákvarðanir þeirra (sjá *Fressoz og Roire gegn Frakklandi* [GC], nr. 29183/95, 45. mgr., ECHR 1999-I) og *Pedersen og Baadsgaard*, sjá hér að framan, 69. mgr.). Það þýðir ekki að eftirlitið einskorðist við það eitt að ganga úr skugga um hvort ríki, sem kært er, hafi nýtt svigrúmið sem því ber af sanngirni, varfærni eða í góðri trú; Það sem dómstólnum ber að gera er að líta á hin kærðu

afskipti í ljósi málsins í heild, þ.m.t. efni ummælanna, sem kærendur sæta ámæli, fyrir, svo og samhengi ummælanna (sjá *News Verlags GmbH & Co. KG* 52. mgr. og *Pedersen og Baadsgaard*, 69 mgr., sjá tilvísanir hér að framan).

58. Einkum og sér í lagi ber dómstólnum að ákvarða hvort inngripð hafi verið stutt „viðeigandi og fullnægjandi“ rökum af hálfu ríkisins og hvort ráðstöfunin sem gripið var til hafi verið „höfleg í ljósi þess lögmæta markmiðs sem stefnt var að“ (sjá *Chauvy o.fl. gegn Frakklandi*, nr. 64915/01, 70. mgr., ECHR 2004-VI, og *Pedersen og Baadsgaard*, sem vísað er til hér að framan, 70. mgr.). Dómstóllinn þarf að fullvissa sig um að innlend yfirvöld, með hliðsjón af viðunandi mati á málavöxtum, hafi uppfyllt kröfur sem samrýmdust þeim meginreglum sem felast í 10. gr. mannréttindasáttmálans (sbr., meðal fjölda annarra heimilda, *Zana gegn Tyrklandi*, 25. nóvember 1997, 51. mgr., *Reports* 1997-VII, og *Pedersen og Baadsgaard*, sjá hér að framan, 70. mgr.).“

59. Við mat á því hvort niðurstöður innlendra dómstóla séu viðeigandi og fullnægjandi tekur mannréttindadómstóllinn þannig mið af því, í samræmi við nálægðarregluna, að hvaða marki innlendir dómstólar hafi gætt jafnvægis milli réttinda sem stangast á í málinu, með hliðsjón af dómaframkvæmd dómstólsins á því sviði sem um ræðir. Beri rökstuðningur landsdómstóls þess merki að hann hafi ekki haft nægjanlega hliðsjón af almennum meginreglum dómstólsins samkvæmt 10. gr. sáttmálans verður ofangreint svigrúm yfirvalda til mats óhjákvæmilega þrengra. Eins og mannréttindadómstóllinn hefur áður komist að niðurstöðu um í samhengi 10. gr. eru „gæði... könnunar dómstóla á nauðsyn ráðstöfunarinnar sérlega mikilvæg í þessu samhengi, þ. á m. hvernig viðkomandi svigrúmi til mats er beitt“ (sbr. *Animal Defenders International gegn Bretlandi* [GC], nr. 48876/08, 108. mgr., ECHR 2013 (útrættir)).

60. Í dómi sínum í máli *Axel Springer AG gegn Þýskalandi* ([GC], nr. 39954/08, 83. mgr., 7. febrúar 2012), ítrekaði dómstóllinn að rétturinn til verndar mannorði sé verndaður skv. 8. gr. mannréttindasáttmálans og hluti af réttinum til einkalífs (sbr. *Chauvy o.fl. gegn Frakklandi*, sjá hér að framan, 70. mgr.; *Cumpănă og Mazăre gegn Rúmeníu* [GC], nr. 33348/96, 91. mgr., ECHR 2004-XI; *Pfeifer gegn Austurríki* nr. 12556/03, 35. mgr., 15. nóvember 2007; og *Polanco Torres og Movilla Polanco gegn Spáni*, nr. 34147/06, 40. mgr., 21. september 2010). Eins og dómstóllinn benti hins vegar á í sama dómi þarf atлага að mannorði að ná tilteknu alvarleikastigi til þess að falla undir 8. gr. og hún þarf að vera með þeim hætti að hún skerði rétt viðkomandi til þess að njóta friðhelgi einkalífs (sbr. einnig *A. gegn Noregi*, nr. 28070/06, 64. mgr., 9. apríl 2009; og *Sidabras og Džiautas gegn Litháen*, nr. 55480/00 og 59330/00, 49. mgr., ECHR 2004-VIII).

61. Í máli *Axel Springer AG*, sjá hér að framan) reifaði dómstóllinn frekar þau viðmið sem til álita koma þegar rétturinn til tjáningarfrelsis er veginn á móti réttinum til einkalífs, einkum erindi til almennings, hversu vel þekktur viðkomandi er og hvert sé efni fréttarinnar, fyrra athæfi viðkomandi, aðferð við öflun upplýsinganna og sannleiksgildi þeirra, efni, framsetningu og afleiðingar birtingarinnar og þyngd refsingarinnar sem ákvörðuð er (sjá 89.-95. mgr. Sjá einnig *Von Hannover*

gegn Þýskalandi (nr. 2) [GC], nr. 40660/08 og 60641/08, 108. til 113. gr., ECHR 2012).

62. Mikilvægt atriði í mati dómstólsins í þessu máli er hið nauðsynlega hlutverk sem fjölmiðlar gegna í lýðræðislegu þjóðfélagi. Þótt fjölmiðlar megi ekki fara yfir tiltekin mörk, einkum að því er varðar æru og réttindi annarra og nauðsyn þess að koma í veg fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga, er það engu að síður skylda þeirra að miðla upplýsingum og hugmyndum um öll mál sem erindi eiga við almenning á þann hátt að það samrýmist skyldum þeirra og ábyrgð. Ekki einasta er það hlutverk fjölmiðla að miðla slíkum upplýsingum og hugmyndum, heldur er það einnig réttur almennings að fá þær. Að auki hefur dómstóllinn hugfast að frelsi blaðamanna nær hugsanlega einnig til þess að ýkja að vissu marki eða jafnvel ögra. Í málum á borð við það sem hér er til umfjöllunar takmarkast svigrúm þjóða til mats af hagsmunum lýðræðislegs samfélags af því að gera fjölmiðlum kleift að sinna nauðsynlegu hlutverki sínu sem „varðhundur almennings“ við miðlun upplýsinga um alvarleg mál sem eiga erindi við almenning (sbr. *Bladet Tromsø og Stensaas gegn Noregi*, sem vísað er til hér að framan, 59. og 62. mgr., og *Tønsbergs Blad A.S. og Haukom gegn Noregi*, nr. 510/04, 82. mgr., 1. mars 2007, með frekari tilvísunum).

63. Hins vegar tryggir 10. gr. mannréttindasáttmálans ekki ótakmarkað tjáningarfrelsi, jafnvel þegar um er að ræða fjölmiðlaumfjöllun um alvarleg mál sem eiga erindi við almenning. Af réttindum þessum leiða „skyldur og ábyrgð“, eins og fram kemur í 2. mgr., sem einnig eiga við um fjölmiðla. Þessar „skyldur og ábyrgð“ hafa þýðingu þegar um er að ræða atlögu að mannorði nafngreinds einstaklings og brot gegn „réttindum annarra“, eins og um er að ræða í þessu máli. Þannig þarf sérstakar forsendur til þess að leysa fjölmiðla undan venjulegri skyldu sinni til að sannreyna fullyrðingar um staðreyndir sem eru ærumeiðandi fyrir einstaklinga. Slíkar forsendur kunna að vera fyrir hendi þegar hin umdeildu ummæli stafa ekki frá dagblaðinu sjálfu heldur byggja á eða vitna beint til opinbers skjals, en það veltur á því hvers eðlis og hversu alvarleg ærumeiðingin er og að hvaða marki sé eðlilegt að ætlast til að fjölmiðlar geti reitt sig á heimildir sínar að því er varðar staðhæfingarnar (sbr., m.a., *Bladet Tromsø og Stensaas*, sjá fyrri tilvísun, 65.-66. mgr.; *Pedersen og Baadsgaard*, 78. mgr., sjá fyrri tilvísun; *McVicar gegn Bretlandi*, nr. 46311/99, 84. mgr., ECHR 2002-III; *Campos Dâmaso gegn Portúgal*, nr. 17107/05, 35.-38. mgr., 24 apríl 2008; *Björk Eiðsdóttir gegn Íslandi*, nr. 46443/09, 70. mgr., 10. júlí 2012).

64. Einnig skiptir máli þegar vegnir eru hagsmunir sem rekast á, eins og dómstólnum ber að gera, sú staðreynd að samkvæmt 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans átti A rétt á því að teljast saklaus þangað til sekt hans sannaðist. Vegna kröfunnar um „skyldur og ábyrgð“, sem fylgir nýtingu tjáningarfrelsisins, er sú vernd sem veitt er fréttamönnum skv. 10. gr. við fréttaflutning um málefni sem erindi eiga við almenning háð þeim fyrirvara að þeir starfi í góðri trú í þeim tilgangi að veita réttar og áreiðanlegar upplýsingar í samræmi við siðareglur sem gilda um blaðamennsku (sjá *Goodwin gegn Bretlandi*, 227. mars 1996, 39. mgr., *Reports* 1996-II; *Fressoz og Roire*, sem vísað er til hér að framan, 54. mgr.; og *Bladet*

Tromsø and Stensaas, sem vísað er til hér að framan, 65. mgr.).

65. Í dómi í máli *Kyprianou gegn Kýpur* ([GC], nr. 73797/01, ECHR 2005-XIII) tók dómstóllinn fram að í orðalaginu „vald dómstóla“ fælist sú hugmynd að dómstólar væru hinn rétti vettvangur til þess að útkljá lagalegar deilur og til ákvörðunar á sekt eða sakleysi einstaklinga af ákæru um refsiverða háttsemi (sjá einnig *Worm gegn Austurríki*, dómur frá 29. ágúst 1997, 40. mgr., *Reports* 1997-V). Það sem í húfi er að því er varðar verndun á valdi dómstólanna er traustið sem dómstólar í lýðræðislegu þjóðfélagi þurfa að vekja hjá sakborningi í sakamálum og einnig hjá almenningi (sjá *Kyprianou*, sjá fyrri tilvísun, 172. mgr., að breyttu breytanda, meðal annarra heimilda, *Fey gegn Austurríki*, dómur frá 24. febrúar 1993, 30. gr., A-deild nr. 255-A).

(b) Gildi þessara meginreglna fyrir þetta mál

66. Af hálfu dómstólsins er því veitt athygli þegar í upphafi að ærumeiðingin, sem kærandi var kallaður til ábyrgðar fyrir, byggðist á hluta af staðhæfingu sem birtist í grein á bls. 2 í dagblaðinu og var tekin orðrétt upp úr ákæruskjalinu (hér eftir 1. atriði):

„... í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað...“.

Þá var henni auk þess gert að greiða óskipt miskabætur með ritstjóranum, sem fundinn var sekur um ærumeiðingu fyrir hluta af fyrirsögninni (hér eftir 2. atriði), „kókaínsmyglarar“ sem birtist á forsíðu dagblaðsins.

67. Í dómi sínum frá 11. mars 2010 benti Hæstiréttur á að efni framangreindrar blaðagreinar hefði verið yfirstandandi réttarhöld í sakamáli, eins og skýrt kom fram í greininni. Dómstóllinn sér ekki ástæðu til þess að vefengja þá niðurstöðu réttarins að í hvoru atriði um sig, sem vísað er til hér að framan, hafi falist aðdróttun um að A væri sekur um umrætt brot. Ekki var tekið fram beinlínis að þau byggðu á ákærinni sem til meðferðar væri í fyrrnefndu sakamáli. Þá sér dómstóllinn ekki ástæðu til þess að efast um það mat Hæstaréttar að rökin sem rétturinn byggði á hafi varðað þann lögmæta tilgang að vernda réttindi og mannorð A.

68. Að því er varðar það álitamál hvort þau rök hafi verið fullnægjandi í skilningi 10. gr. þarf mannréttindadómstóllinn að taka mið af heildarmyndinni sem lá að baki birtingu ummælanna. Dómstóllinn veitir því athygli, eins og kærandi benti á, að vegna magns fíkniefnanna, sem gerð voru upptæk í sakamálinu á hendur A, hefði verið um að ræða eitthvert stærsta kókaínmál á Íslandi og að brotið, sem hann hefði verið ákærður fyrir, væri alvarlegt. Dómstóllinn er þannig sammála kæranda um að almenningur hafi átt lögmæta hagsmuni af því að fá upplýsingar um hið alvarlega sakamál sem til meðferðar var á þeim tíma sem greinin var birt.

69. Á dómstólnum hvílir sú skylda að taka mál til gaumgæfilegrar athugunar ef ráðstafanir eða refsiaðgerðir stjórnvalda í máli sem þessu gætu orðið til þess að letja fjölmíðla frá þátttöku í umræðu um málefni sem eiga lögmætt erindi við almenning (sbr. *Björk Eidsdóttir*, sjá fyrri tilvísun, 69. mgr.; *Jersild*, sjá fyrri tilvísun, 35. mgr.; *Bergens Tidende o.fl. gegn Noregi*, nr. 26132/95, 52. mgr., ECHR 2000-IV;

og *Tønsbergs Blad A.S. og Haukom*, sjá fyrri tilvísun, 88. mgr., sbr. *MGN Limited gegn Bretlandi*, nr. 39401/04, 150. og 155. mgr., 18. janúar 2011; *Von Hannover*, sjá fyrri tilvísun, 106.-107. mgr., og *Axel Springer AG*, sjá fyrri tilvísun, 87.-88. mgr.

70. Dómstóllinn mun því leggja mat á hina umdeildu grein í heild með sérstöku tilliti til orðanna sem notuð eru í umþrættum hluta hennar og samhengi birtingarinnar, svo og framsetningarmáta greinarinnar (sbr. *Sürek gegn Tyrklandi* (nr. 1) [GC], nr. 26682/95, 62. mgr., ECHR 1999-IV).

71. Að mati dómstólsins ber að meta góða trú blaðamanns á grunni þeirrar vitneskju og upplýsinga sem honum voru tiltækar á þeim tíma sem efnið sem um ræðir var ritað. Þannig ræður það ekki úrslitum í þessu máli að A var síðar sýknaður af þeim ákærum sem lagðar voru fram á hendur honum af ríkissaksóknara. Í samræmi við framkvæmd sína (sjá 67. mgr. hér að framan) er dómstóllinn einnig að öllu leyti sammála Hæstarétti að það sé dómstóla en ekki fjölmiðla að ákvarða hvort sakborningur sé sekur um brot (sjá 14 mgr. hér að framan).

72. Að því er varðar 1. atriðið („í þeirri trú að kókaínið væri á sínum stað“) skiptir máli, að því er varðar 10. gr. mannréttindasáttmálans, að tilgangurinn með greininni, sem birtist inni í blaðinu og kærandi var höfundur að, var að greina frá réttarhöldunum yfir A og meðákærða fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Ljóst var af greininni að málið væri til meðferðar og að því væri ekki lokið.

73. Þá var 1. atriðið – eins og þegar hefur verið greint frá – orðrétt tilvitnun í ákæruskjalið, án þess þó að sérstaklega væri vísað til ákæruskjalsins í þessum tiltekna hluta greinarinnar (sjá 9. mgr. hér að framan). Því er ekki haldið fram, né heldur er neitt sem bendir til þess, að ákæruskjalið eins og það birtist kæranda þegar greinin var birt væri ekki heimild sem hún gæti reitt sig á án þess að ráðast í sjálfstæða rannsókn. Raunar er endursögn á opinberri ákæru í fréttaflutningi eftir að ákæruskjalið hefur verið lesið upp á dómþingi einmitt dæmi um aðstæður þar sem sérstök ástæða kann að vera til þess að leysa fjölmiðla undan þeirri venjulegu skyldu sinni að sannreyna staðhæfingar um staðreyndir sem eru ærumeiðandi fyrir einstaklinga (sjá *Worm*, sjá fyrri tilvísun, 55. mgr.; *Bladet Tromsø og Stensaas*, sjá fyrri tilvísun, 66. og 68. mgr.; *Colombani o.fl.*, sjá fyrri tilvísun, 65. mgr.; og *Cumpănă og Mazăre*, sjá fyrri tilvísun, 108. mgr.), enda hafi heimildin verið tilgreind með skýrum hætti (*Worm*, sjá fyrri tilvitnun, 55. mgr.; sjá einnig *McVicar*, sjá fyrri tilvitnun, 84 mgr.; *Thoma*, sjá fyrri tilvitnun, 64. mgr.; *Verdens Gang og Aase gegn Noregi* (ákv.), nr. 45710/99, ECHR 2001-X; *Tønsbergs Blad A.S. og Haukom*, sjá fyrri tilvitnun, 95. mgr.).

74. Ennfremur, ef sérstaklega er litið til ákæruskjalsins, var í kaflanum á undan í greininni að finna hlutlæga lýsingu á brotinu og á refsingunni sem ríkissaksóknari fór fram á. Þegar hin umdeilda staðhæfing er lesin með beinni hliðsjón af þessum upplýsingum og í ljósi greinarinnar í heild og jafnframt í samhengi birtingarinnar væri ekki óeðlilegt, að mati dómstólsins, ef lesandi skildi hana sem framhald af endursögninni í greininni á ákæruskjalinu (sjá 8. mgr. hér að framan). Dómstóllinn er ekki sannfærður um að það að sleppa því að gera þá aukavarúðarráðstöfun að minna lesendur á að sú trú sem A var þannig ætluð væri einungis frekari endursögn

á ákæruskjalinu hefði leitt til þess að lesandinn skildi hin umdeildu ummæli sem ummæli kæranda og skoðun dagblaðsins varðandi sekt A (sbr. *Worm*, sjá hér að framan, 51.-53. mgr.) eða eigin lýsingu á atburðarásinni (sbr. *Thoma*, sjá hér að framan, 54. mgr.; og sbr. einnig *Verdens Gang og Aase*, sjá hér að framan).

75. Að þessu virtu telur dómstóllinn að ekki sé unnt að álása kæranda fyrir að tilgreina ekki hina opinberu heimild 1. atriðisins – þ.e. ákæruskjalið – eða að réttlætanlegt hefði verið af öðrum sökum að kalla hana til ábyrgðar á sama hátt og ef ásökunin hefði stafað frá henni sjálfri.

76. Allt öðru máli gegnir um 2. atriðið – hið umdeilda orð „kókaínsmyglarar“, sem birtist í stórrí fyrirsögn á áberandi stað á forsíðu. Ríkið hvatti dómstóllinn til að taka það til greina í mati sínu á kæru kæranda skv. 10. gr. (sjá 51. og 53. mgr. hér að framan). Að mati dómstólsins var þetta orðalag ekki nægjanlega tengt framan- greindum kafla greinarinnar inni í blaðinu til þess að gera lesanda kleift að skilja að það væri byggt á ákæruskjalinu. Hins vegar – og það er afar mikilvægt – var staðhæfingin sem um ræðir ekki rakin til kæranda, og er það óumdeilt, heldur til ritstjórans, sem var talinn hafa dróttað að A. Dómstóllinn getur því ekki fallist á þá niðurstöðu Hæstaréttar að því er varðar 10 gr. mannréttindasáttmálans að liðirnir tveir hafi verið tengdir að því marki að sanngjarnt hefði verið að gera kæranda að greiða A bætur – jafnvel þótt það væri einungis fjárhagsleg ábyrgð og óskipt með ritstjóranum – og þar með óbeint að skerða tjáningarfrelsi hennar með þessum hætti.

77. Í ljósi þessa telur dómstóllinn að kærði hafi ekki sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að kærandi hafi aðhafst í vondri trú eða með öðrum hætti í ósamræmi við þá kostgæfni sem ætlast má til af ábyrgum blaðamanni sem er að fjalla um mál sem á erindi við almenning (sjá *Erla Hlynisdóttir gegn Íslandi* (nr. 2), nr. 54125/10, 75. mgr., 21. október 2014).

78. Kærandi beið hnekki að því leyti að meiðyrðamálinu sem A höfðaði lauk með því að Hæstiréttur ómerkti ummælin (1. atriðið) sem rakin voru til hennar. Ennfremur var henni gert að greiða óskipt með ritstjóranum kr. 100.000 í bætur til A vegna 1. atriðisins og einnig 2. atriðisins, sem rakið var til ritstjórans, og að bera [kr.] 50.000 í kostnað vegna birtingar á dómsorði Hæstaréttar.

79. Í þessu ljósi nægja forsendurnar sem kærði byggir á ekki til þess, þótt þær eigi við í málinu, að sýna fram á að hin kærðu afskipti hafi verið af þeim toga sem „naudsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi“. Að mati dómstólsins var ekkert eðlilegt meðalhófs samband milli takmarkananna sem leiddu af aðgerðum Hæstaréttar gegn tjáningarfrelsi kæranda og þeirra lögmætu markmiða sem stefnt var að.

Í ljósi þessa telur dómurinn að brotið hafi verið gegn 10. gr. sáttmálans.

II. GILDI 41. GR. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLANS

80. 41. gr. mannréttindasáttmálans er svohljóðandi:

„Dómurinn skal ef naudsyn krefur veita sanngjarnar bætur til þess aðila sem orðið hefur fyrir tjóni ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um brot á samningnum eða samningsviðaukum við hann hafi verið að ræða og ef löggjöf viðkomandi samningsaðila heimilar aðeins að veittar séu bætur að hluta.“

A. Skaðabætur

81. Kærandi krafðist bóta vegna fjártjóns sem svaraði til helmings þeirra fjárhæða sem Hæstiréttur gerði henni að greiða (óskipt með ritstjóranum) (sjá 14. mgr. hér að framan). Að auki krafðist hún tiltekinna dráttarvaxta (sjá 90. mgr. hér að neðan).

82. Ríkið mótmælti ekki endurgreiðslu þeirra fjárhæða sem kærandi hefði greitt A í bætur og til þess að standa straum af birtingu dómsorðs Hæstaréttar en benti á að fjárhæðina í evrum ætti að reikna á grundvelli þess gengis sem gildi á greiðsludegi, en upplýsingar um það voru ekki gefnar. Þar sem svo virðist sem ritstjórinn hafi greitt helming fjárhæðanna, kr. 100.000 og kr. 50.000, gat kærandi aðeins krafist endurgreiðslu á eftirstandandandi helmingi fjárhæðarinnar, þ.e. kr. 50.000 (u.þ.b. 320 evrur (EUR)) og kr. 25.000 (u.þ.b. 160 evrur).

83. Dómstóllinn telur að orsakatengsl hafi verið milli þess brots sem dæmt var fyrir og hins ætlaða fjárhagstjóns og dæmir því kæranda, í ljósi óvissunnar um greiðsludag, fjárhæðina EUR 450.

B. Miskabætur

84. Þá krafðist kærandi EUR 5.500 í miskabætur vegna tjóns sem hún hefði orðið fyrir vegna brotsins gegn mannréttindasáttmálanum sem leiddi af dómi Hæstaréttar frá 11. mars 2010. Hefði málið gegn henni valdið henni þungri byrði sem blaðamanni með hóflegar tekjur. Hún hefði verið kölluð „sakfelldur blaðamaður“ og æra hennar og orðspor hefðu beðið hnekki. Þá hefði málið valdið henni og fjölskyldu hennar tilfinningalegri og andlegri þjáningu og sárindum. Að auki krafðist hún tiltekinna dráttarvaxta (sjá 90. mgr. hér að neðan).

85. Ríkið mótmælti framangreindri kröfu og taldi að niðurstaða dómstólsins þess efnis að brot hefði verið framið teldist sanngjarnar bætur. Í öllu falli, ef dómurinn teldi rétt að tildæma fébætur, væri kröfufjárhæðin of há í ljósi hefðbundinnar framkvæmdar hjá dómstólnum í sambærilegum málum. 2.000 evrur væru eðlilegri fjárhæð í ljósi dómaframkvæmdar hjá dómstólnum.

86. Dómstóllinn fellt á að kærandi hafi orðið fyrir þjáningum og vonbrigðum vegna brotsins gegn mannréttindasáttmálanum, sem ekki teldist nægilega bætt fyrir með dómsniðurstöðu í þá veru. Eftir mat á sanngirnigrunni, og í ljósi krafna kæranda, telur dómstóllinn hæfilegt að dæma kæranda 4.000 evrur undir þessum lið.

C. Kostnaður og útgjöld

87. Kærandi krafðist endurgreiðslu málskostnaðar og útgjalda vegna eftirfarandi liða:

(a) kr. 1.452.425 (u.þ.b. EUR 8.500) vegna eigin málskostnaðar fyrir héraðsdómi, og

(b) EUR 12.500 vegna starfa lögmannna hennar að málinu fyrir mannréttindadómstólnum.

Að auki krafðist kærandi tiltekinna dráttarvaxta (sjá 90. mgr. hér að neðan).

88. Ríkið taldi kröfuna óhóflega. Að því er varðar a-lið vakti ríkið athygli á því að engin gögn væri að finna í málinu er sýndu að kærandi hefði greitt umræddan kostnað. Að mati ríkisins væri a-liður óhóflegur og krafðist ríkið þess af dómstólnum að hann yrði lækkaður.

89. Samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins á kærandi aðeins rétt á endurgreiðslu kostnaðar og útgjalda að því marki sem sýnt þykir að til þeirra hafi í raun og óhjákvæmilega verið stofnað og að fjárhæð þeirra sé hæfileg. Í þessu máli, með hliðsjón af framangreindum forsendum, skorti á fullnægjandi gögnum, einkum þeirri staðreynd að engin framangreindra krafna var studd reikningum sem lagðir hefðu verið fram innan þeirra tímamarka sem sett væru í þessu efni, hafnar dómstóllinn kröfu kæranda skv. þessum lið.

D. Dráttarvextir

90. Dómstóllinn veitir athygli beiðni kæranda um að leggja dráttarvexti við bætur samkvæmt 41. gr. „sem jafngilda mánaðarlegum dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands“.

91. Dómstóllinn telur hins vegar að hagsmunir kæranda af því að viðhalda verðgildi bótanna séu nægjanlega tryggðir með matinu hér að framan og með lið 4(b) í dómsorðinu hér að neðan. Samkvæmt hefð telur dómstóllinn við hæfi að dráttarvextir skuli byggðir á almennum útlánsvöxtum Seðlabanka Evrópu með þriggja hundraðshluta álagi.

AF ÞESSUM SÖKUM HEFUR DÓMURINN KOMIST AÐ ÞEIRRI EINRÓMA NIÐURSTÖÐU

1. að kæran sé tæk til meðferðar,

2. að brotið hafi verið gegn 10. gr. mannréttindasáttmálans.

3. *Því er dæmt:*

a) að ríkið skuli greiða kæranda, innan þriggja mánaða frá því að dómurinn verður endanlegur samkvæmt 2. mgr. 44. gr. mannréttindasáttmálans, eftirfarandi fjárhæðir, sem umreiknist í íslenskar krónur á því gengi sem gildir á greiðsludegi:

(i) EUR 450 (fjögur hundruð og fimmtíu evrur) í fébætur, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast á,

(i) EUR 4.000 (fjögur þúsund evrur) í miskabætur, ásamt hvers kyns sköttum sem kunna að leggjast á,

(b) að frá þeim tíma sem áðurnefndir þrír mánuðir eru liðnir og fram að uppgjöri skuli einfaldir vextir leggjast á fyrrgreindar fjárhæðir sem svara til almennra útlánsvaxta Seðlabanka Evrópu meðan á vanskilum stendur, með þriggja prósentu álagi,

4. vísað er frá viðbótarkröfum kæranda um sanngjarnar bætur.

Gert á ensku og tilkynnt skriflega hinn 2. júní 2015 skv. 2. og 3. mgr. 77. gr. reglna dómstólsins.

Í samræmi við 2. mgr. 45. gr. mannréttindasáttmálans og 2. mgr. 74. gr. reglna dómstólsins fylgir dómi þessum sérálit András Sajó, dómara.

SAMHLJÓÐA SÉRÁLIT ANDRÁS SAJÓ, DÓMARA

Ég er að öllu leyti sammála kollegum mínum um að brotið hafi verið gegn 10. gr. í máli þessu á þeim forsendum sem gefnar eru í dóminum. Ég vil aðeins bæta við skýringu á merkingu 59. mgr. dómsins. Ég greiddi fyrir nokkrum mánuðum atkvæði með texta þessum, en vegna möguleika á misskilningi tel ég nauðsynlegt að skýra merkingu orðalagsins þannig að það samrýmist með ótvíræðum hætti fordæmum dómstólsins.

Málgreinin sem um ræðir er svohljóðandi:

Við mat á því hvort niðurstöður innlendra dómstóla séu viðeigandi og fullnægjandi tekur mannréttindadómstóllinn þannig mið af því, í samræmi við nálægðarregluna, að hvaða marki innlendir dómstólar hafi gætt jafnvægis milli réttinda sem stangast á í málinu, með hliðsjón af dómaframkvæmd dómstólsins á því sviði sem um ræðir. Beri rökstuðningur landsdómstóls þess merki að hann hafi ekki haft nægjanlega hliðsjón af almennum meginreglum dómstólsins samkvæmt 10. gr. sáttmálans verður ofangreint svigrúm yfirvalda til mats óhjákvæmilega þrengra. Eins og mannréttindadómstóllinn hefur áður komist að niðurstöðu um í samhengi 10. gr. eru „gæði... könnunar dómstóla á nauðsyn ráðstöfunarinnar sérlega mikilvæg í þessu samhengi, þ. á m. hvernig viðkomandi svigrúmi til mats er beitt“ (sbr. *Animal Defenders International gegen Bretlandi* [GC], nr. 48876/08, 108. mgr., ECHR 2013 (útdrættir)).¹

Að því er ég best veit (á grundvelli leitar í HUDOC [gagnasafni mannréttindadómstólsins]) er aðeins eitt dæmi (í öðru máli sem höfðað var af sama kæranda) þar sem orðið „nálægðarregla“ er yfir höfuð nefnt meðal almennra meginreglna í málum dómsins sem fjalla um 10. gr.² Hins vegar eru tilvísanir til nálægðarregl-

1 Einungis lokamálsliður málgreinarinnar er tekinn beint upp úr máli *Animal Defenders International*. Ennfremur er ekki vitnað í málgreinina í heild og það gæti einnig valdið misskilningi. Í *Animal Defenders*, máli sem fjallar um almenna ráðstöfun (sem er raunar að mínu mati allsherjarbann) starfaði dómvaldið ásamt löggjafanum að því að ákvarða meðalhóf; þetta viðtækara ferli kom til álita í því skyni að uppfylla skilyrði *Hatton* málsins, sem upphaflega takmörkuðust við yfirferð þingumræðna (sjá *Hatton o.fl. gegn Bretlandi* [GC], nr. 36022/97, 104. mgr., ECHR 2003-VIII). Í máli *Animal Defenders* var meðalhófsgreining landsdómstólanna tekin til umfjöllunar ásamt þingumræðum þar sem álitafnið um meðalhóf var e.t.v. ekki tekið til ítarlegrar umfjöllunar. E.t.v. er kominn tími til þess að dómstóllinn hverfi aftur til frumreglna. Löggjöf er ekki undanskilin umfjöllun okkar. Þetta var skýrt tekið fram fyrir löngu: „eftirlit [dómstólsins] tekur bæði til markmiðs þeirrar aðgerðar sem mótmælt er og „nauðsynjar“ hennar; það tekur ekki einungis til grundvallarlaganna heldur einnig til ákvörðunarinnar sem framfylgir þeim, jafnvel ákvörðunar sem kveðin er upp af sjálfstæðum dómstól“ (sjá *Handyside gegn Bretlandi*, 7. desember 1976, 49. mgr., A-deild nr. 24).

Þessi afstaða hefur aldrei verið opinberlega hrakin.

2 *Erla Hlynsdóttir gegn Íslandi* (nr. 2), nr. 54125/10, 21. október 2014.

unnar tiltölulega hefðbundnar eða áberandi í röksemdafærslu sumra stjórnvalda. Til að mynda vísaði ríkisstjórn Lettlands til nálægðarreglunnar í *Rubins gegn Lettlandi* (nr. 79040/12, 66. mgr.), sem sögð var ítrekuð í dóminum í máli *Palomo Sánchez*.³ Með vísan til þeirra heimildar taldi ríkið að landsréttur hefði „kannað ítarlega þau sönnunargögn sem fyrir hann voru lögð og þannig lagt á þau viðurlög sem voru hófleg í ljósi þess lögmæta markmiðs að vernda ...æru og heiður“ (66. mgr.).⁴

Þótt nálægðarreglan sé ekki nefnd við ákvörðun á nauðsyn takmörkunar á réttindum ætti dómstóllinn að taka viðeigandi tillit til hlutverks landsdómstóla í málum þar sem vegin eru saman réttindi samkvæmt mannréttindasáttmálanum. Það er af þessari ástæðu sem ríkjum er veitt „tiltekið“ (en ekki vítt!) svigrúm til mats. Einnig er ljóst að þegar dómstóllinn þarf að skera úr um mál þar sem réttindi samkvæmt mannréttindasáttmálanum stangast á (eins og í þessu máli) er fjallað um það á grundvelli svigrúms til mats.⁵ Við slíkar aðstæður gerir dómstóllinn kröfu um að landsyfirvöld finni *sanngjarnt* (þ.e. ekki í sérstökum skilningi rétt, best, o.s.frv.) jafnvægi (sjá *Aksu gegn Tyrklandi* [GC], nr. 4149/04 og 41029/04, 66. mgr., ECHR 2012, þar sem vitnað er til frekari dóma). Af því leiðir að „[þ]egar viðleitni landsyfirvalda til þess að leita jafnvægis milli þessara tvennu réttinda hefur farið fram í samræmi við viðmiðanir sem fram koma í dómum mannréttindadómstólsins þyrfti dómstóllinn að hafa ríka ástæðu til þess að setja eigin sjónarmið í stað sjónarmiða innlendra dómstóla“ (sjá *Axel Springer AG gegn Þýskalandi* [GC], nr. 39954/08, 88. mgr., 7. febrúar 2012).

Líklega var óæskilegt að taka upp hugtakið „nálægðarreglu“ í 59. mgr. dómsins í þessu máli, þar sem það gæti ýtt undir misskilning meðal lögspekinga eða jafnvel frávika frá dómafordæmi yfirdeildar mannréttindadómstólsins. Nálægðarreglan getur ekki breytt svigrúminu til mats. Nálægðarreglan er við lýði í öllum málum; hún er burðarbiti í öllu kerfi mannréttindaverndar samkvæmt mannréttindasáttmálanum. Hugtökin tvö færast e.t.v. í átt til þess að verða „hliðstæð hugtök“ þegar samningsviðauki nr. 15 verður samþykktur.⁶ En þau eru aðskilin, jafnvel í þeim samningsviðauka.

Þegar allt kemur til alls er viðmiðunin sem gildir sett fram í *Palomo Sánchez* (sjá hér að framan, 57. mgr.): „Ef röksemdafærslan í niðurstöðum landsdómstóla

3 *Palomo Sánchez o.fl. gegn Spáni* [GC], nr. 28955/06, 28957/06, 28959/06 og 28964/06, ECHR 2011 (hugtakið „nálægðarregla“) kemur þó ekki fyrir í þessum dómi.

4 Aðra röksemdafærslu innlendra stjórnvalda af þessum toga má finna í *Stoll gegn Sviss* [GC], nr. 69698/01, 77. gr., ECHR 2007-V. Henni var hafnað.

5 „Vegna beinna og samfelldra tengsla við raunveruleikann í landinu eru dómstólar ríkis í betri aðstöðu en alþjóðlegur dómstóll til þess að ákvarða hvernig, á tilteknum tíma, sé unnt að finna rétt jafnvægi. Af þessum sökum, í málum sem falla undir 10. gr. sáttmálans, ber samningsríkjum tiltekið svigrúm til mats á nauðsyn og umfangi afskipta af tjáningarfrelsi sem verndað er samkvæmt þeirri grein“ (sjá *Palomo Sánchez*, sjá hér að framan, 54. gr.). Þessa grunnreglu má rekja allt aftur til *Handyside* (sjá hér að framan, 48. gr.). Ljóst er að notkun hins ofhlaðna og mjög svo gagnrýnda hugtaks „svigrúms til mats“ í þessu samhengi hefur valdið auknum vandkvæðum að því er varðar lagakenningar.

6 Sjá einnig tilvísun í þessa veru frá Spielmann forseta http://www.echr.coe.int/Documents/Speech_20140320_London_ENG.pdf

varðandi takmarkanir á tjáningarfrelsi í málum sem varða æru manna er fullnægjandi og í samræmi við kröfur sem leiða af dómafordæmi mannréttindadómstólsins þyrfti sterk rök til þess að setja sjónarmið dómstólsins í staðinn fyrir sjónarmið landsdómstóla.“ Sú staðreynd að ekki var vísað til þessarar viðmiðunar í dóminum felur ekki í sér nein áform um að víkja frá henni.⁷

Ég verð hins vegar að viðurkenna að það hefði verið farsælla að fylgja orðalaginu í dómum yfirdeildar dómstólsins,⁸ einkum, að því er varðar annan málslið hinnar umdeildu málsgreinar 59, orðalagið í *Aksu* (sjá hér að framan, 67. mgr.).

„Ef jafnvægi réttinda sem dómsyfirvöld ákvarða er ófullnægjandi, einkum vegna þess að mikilvægi eða umfang einhvers af grundvallarréttindunum sem um ræðir voru ekki tekin með fullnægjandi hætti til greina, verður svigrúmið til mats sem veitt er til ákvarðanatöku í landsdómstólum þrengra en ella. Hins vegar, ef matið hefur hliðsjóna af þeim grundvallarreglum sem leiða af vel þekktri dómaframkvæmd dómstólsins þyrfti dómstóllinn sterk rök til þess að setja eigin sjónarmið í stað sjónarmiða innlendra dómstóla, sem af þeim sökum njóta þá víðara svigrúms til mats (sjá *MGN Limited gegn Bretlandi*, nr. 39401/04, 150. og 155. mgr., 18. janúar 2011, og *Von Hannover gegn Þýskalandi* (nr. 2) [GC], nr. 40660/08 og 60641/08, 107. mgr., ECHR 2012).“

7 Það er ihugunarefni að hvaða marki „landsdómstólar tóku beinlínis mið af viðeigandi dómaframkvæmd mannréttindadómstólsins“ (sjá *Von Hannover gegn Þýskalandi* (nr. 2) [GC], nr. 40660/08 og 60641/08, 125. mgr., ECHR 2012). En sú staðreynd að hliðsjón var höfð af viðmiðununum ber ekki að túlka sem svo að þar með sé eftirlitshlutverk dómstólsins óþarft. Í *Axel Springer* töldu fimm dómara í séráliti að það væri aðeins þegar innlendir dómstólar beittu viðkomandi viðmiðum á augljóslega ósanngjarnan hátt eða vanræktu að taka viðeigandi tillit til einhvers mikilvægs atriðis að dómstóllinn ætti að ráðast í eftirlit sitt (sjá *Axel Springer AG*, sjá hér að framan, andstætt sérálit López Guerra, dómara, ásamt Jungwiert, Jaeger, Villiger og Poalelungi, dómurum). Þetta var ekki sú leið sem varð fyrir valinu hjá verulegum meirihluta.

8 Játa verður að það er örlítið misræmi í orðalaginu sem notað er í málum yfirdeildarinnar, og hin tilvitnaða málsgrein úr *Aksu* er lítilllega frábrugðið orðalaginu í *Von Hannover* og dóminum í máli *Axel Springer*, sem kveðinn var upp sex vikum áður. Mér þykir leitt að hafa ekki tekið eftir þessu áður, þar sem ég reiddi mig á heimildargildi *Animal Defenders International* (sjá hér að framan, 108. mgr.). Eins og fyrr er getið er málið leyst með nokkuð skýrum hætti í *Palomo Sánchez* og málum sem á því byggja.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Junta Rectora Del Ertzainen Nazional Elkartasuna (ER.N.E.) gegn Spáni

Dómur frá 21. apríl 2015

Mál nr. 45892/09

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Lögreglumenn. Bann við verkföllum.

1. Málsatvik

Kærandi er stéttarfélag stofnað árið 1985 og skráð í Bilbao á Spáni. Það er stærsta stéttarfélag lögreglumanna Baskahéraðanna sem starfa á sjálfstjórnarsvæði Baska.

Árið 2004 slitnaði upp úr samningaviðræðum um kjaramál lögreglumanna og óskaði kærandi í kjölfarið eftir leyfi til verkfallsaðgerða af hálfu meðlima sinna. Leyfinu var synjað á þeim grundvelli að lögum samkvæmt hefðu öryggissveitir ríkisins ekki verkfallsrétt og væri lögregla sjálfstjórnarhéraða Baska hluti af öryggissveitum spænska ríkisins. Tilraunir kæranda til áfrýjunar báru ekki árangur þar sem talið var að umrætt bann bryti hvorki gegn stjórnarskrárvörðum verkfallsrétti né banni gegn mismunun.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn ákvæði 11. gr. sáttmálans um félagafrelsi, bæði einni sér og ásamt 14. gr. sáttmálans. Byggt var á því að bann við verkfalli fæli í sér mismunun gegn meðlimum félagsins þar sem aðrir hópar sem gegndu svipuðum skyldum hefðu verkfallsrétt.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að skerðing á verkfallsrétti meðlima stéttarfélagsins ætti sér stoð í lögum frá 1986 um öryggissveitir. Talið var að lögin væru skýr um að meðlimir stéttarfélaga lögreglumanna féllu undir bann við verkfallsaðgerðum. Þá var talið í ljósi skyldustarfa lögreglu og afleiðinga hlés á störfum hennar að skerðingin stefndi að því lögmæta markmiði að firra glundroða. Tekið var fram að það greindi lögreglumenn frá öðrum opinberum starfsmönnum á borð við dómara eða lækna, að eðli starfs lögreglumanna væri slíkt að þeir veittu stöðugt þjónustu og bæru vopn. Talið var að það réttlætti skerðingu félagafrelsis þeirra og að skerðing á verkfallsrétti gengi ekki lengra en nauðsynlegt væri í lýðræðislegu þjóðfélagi, enda þjónaði skerðingin hagsmunum ríkisins og sér í lagi því að tryggja þjóðaröryggi, almannaeill og firra glundroða.

Þá var talið að eðli löggæslustarfa leiddi til þess að ríkið hefði rúmt svigrúm til mats við reglusetningu sem varðaði störf stéttarfélaga, enda þótt ekki mætti setja reglur sem virtu ekki kjarna réttinda þeirra samkvæmt 11. gr. sáttmálans. Í því sambandi leit dómstóllinn til þess að ráðherranefndin hefði talið að algjört bann við

11. gr. Funda- og félagafrelsi

verkfallsrétti lögreglu stríddi hvorki gegn Félagsmálasáttmálanum né dómaframkvæmd sem varðaði túlkun hans. Að mati dómstólsins var engin ástæða til að komast að annarri niðurstöðu í þessu máli. Hvað varðar sjónarmið um mismunun taldi dómstóllinn þær skýringar sem ríkið hefði fært fram um hið sérstaka eðli lögbundinna skyldna öryggissveita ríkisins eðlilegar og ekki bera merki um geðþótta sem gæti bent til mismununar.

14. gr. Bann við mismunun

Identoba o.fl. gegn Georgíu

Dómur frá 12. maí 2015

Mál nr. 73237/12

3. gr. Bann við pyndingum

14. gr. Bann við mismunun

Réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks. Jákvæðar skyldur.

Mótmælaganga. Valdbeiting lögreglu. Rannsókn á ofbeldisbrotum.

1. Málsvik

Kærendur eru samtök til verndar réttindum samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks í Georgíu, auk 14 einstaklinga. Þann 17. maí 2012 stóðu samtökin fyrir kröfugöngu til að krefjast aukinna réttinda félagsmanna sinna. Um 30 manns tóku þátt í göngunni, en fylkingar tveggja trúarhópa fylgdu þátttakendum eftir og réðust að þeim með ofbeldi. Að lokum greip lögregla til aðgerða og handtók fjóra þátttakendur í göngunni og hélt þeim í lögreglubífreið. Í kjölfarið lögðu þátttakendur í göngunni fram kærur á hendur þeim sem höfðu beitt þá ofbeldi og kröfðust þess að lögregla rannsakað brot þeirra sem hatursglæpi. Þá var einnig krafist rannsóknar á aðgerðum lögreglunnar þar sem lögreglumenn hefðu verið aðgerðarlausir á meðan brotið hefði verið gegn þátttakendum í göngunni.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að aðgerðarleysi yfirvalda hefði falið í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans með hliðsjón af 14. gr., þar sem þeir hefðu mátt þola ómannlega og vanvirðandi meðferð sökum kynhneigðar sinnar og að yfirvöld hefðu ekki veitt þeim fullnægjandi vernd.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort þær árásir sem kærendur urðu fyrir í kröfugöngunni teldust nægjanlega alvarlegar til þess að falla innan skilgreiningar 3. gr. sáttmálans, með tilliti til 14. gr. Tekið var fram að við mat á alvarleika atviksins yrði að líta til þjóðfélagslegrar stöðu samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transfólks innan Georgíu þegar kröfugangan fór fram. Talið var ljóst að þátttakendur í göngunni hefðu í gegnum tíðina þurft að þola mismunun, fordóma og jafnvel ofbeldi af hálfu meðborgara sinna. Þá taldi dómstóllinn að í kröfugöngunni hefðu þátttakendur verið umkringdir stórum hópi af árásargjörnu fólki, sem hefði haft í hótunum við þá og beitt þá líkamlegu ofbeldi. Tilgangur mótmælanna hefði verið að koma í veg fyrir að þátttakendur í kröfugöngunni gætu tjáð sig opinberlega og ljóst væri að þátttakendurnir hefðu mátt óttast um öryggi sitt. Sá ótti hefði styrkst frekar þegar í ljós kom að lögregla hélt sig til hlés og veitti þátttakendum enga

vernd til að byrja með. Því taldi dómstóllinn að aðstæður hefðu verið slíkar að árásirnar féllu innan gildissviðs 3. gr. með tilliti til 14. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að skipuleggjendur göngunnar hefðu sérstaklega tilkynnt lögreglu hvenær hún færi fram og lýst yfir áhyggjum af því að þátttakendur yrðu beittir ofbeldi. Þó hefði lögregla einungis haft takmarkaðan viðbúnað á staðnum og var lögregluliðið fáliðað. Þá hefði lögregla dregið sig í hlé þegar árásirnar gegn þátttakendum göngunnar fóru að magnast, en að lokum var gripið til þess ráðs að handtaka þátttakendur í göngunni til að tryggja öryggi þeirra. Því taldi dómstóllinn að yfirvöld hefðu ekki veitt réttindum kæranda nægjanlega vernd meðan á kröfugöngunni stóð. Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort rannsókn lögreglu á ofbeldi gegn þátttakendum hefði verið fullnægjandi. Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir kæranda til lögreglu, hefði verið lítið gert til þess að rannsaka málið og draga ofbeldismennina til ábyrgðar. Rannsókn lögreglu hefði aðeins miðast við tvö einstök tilvik, og lauk þeim málum með sektargreiðslum sem námu 45 evrum í hvoru tilviki. Þessi málsmeðferð lögreglu var ekki talin uppfylla þær skyldur til aðgerða sem 3. gr. sáttmálans legði á herðar aðildarríkjunum. Tekið var fram að við þessar aðstæður hefði yfirvöldum verið skylt að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að tryggja vernd þátttakenda í kröfugöngunni og leggja sitt af mörkum til þess að réttindi þeirra yrðu ekki fótum troðin vegna fordóma og misréttis. Því var talið að um brot gegn 3. gr. sáttmálans, sbr. 14. gr., væri að ræða.

Dómstóllinn dæmdi georgíska ríkið til að greiða kærendum 1.500 til 4.000 evrur í miskabætur.

46. gr. Bindandi áhrif dóma og fullnusta þeirra

Bochan gegn Úkraínu

Dómur frá 5. febrúar 2015.

Sjá reifun dómsins undir 6. gr.

Fullnusta dóms Mannréttindadómstólsins. Endurupptaka mála.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Vékony gegn Ungverjalandi

Dómur frá 13. janúar 2015

Mál nr. 65681/13

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar.

Opinber leyfi. Atvinnurekstur. Meðalhóf.

1. Málsatvik

Kærandi er fæddur árið 1950 og búsettur í Sopron í Ungverjalandi. Fjölskylda hans hafði frá árinu 1994 rekið matvöruverslun í borginni og voru þar meðal annars seldar tóbaksvörur. Í kjölfar lagabreytinga árið 2012 var ríkinu fenginn einkaréttur til sölu tóbaks og var nauðsynlegt að leita sérstaks leyfis til sölu tóbaks í verslunum með þátttöku í útboðsferli. Kærandi missti leyfi sitt til sölu tóbaks vegna lagabreytinganna og honum tókst ekki að afla nýs leyfis.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að með því að svipta hann leyfi til sölu tóbaks hefði verið brotið gegn friðhelgi eignarréttar hans samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans, bæði sjálfstætt og jafnframt ásamt 14. gr. sem bannar mismunun.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að þar sem leyfi kæranda til sölu tóbaks hefði verið fellt niður með lögum og það ekki fengist endurnýjað hefðu eignarréttindi hans, sem nytu verndar 1. gr. 1. viðauka sáttmálans, verið skert.

Lögd var áhersla á að missir umrædds leyfis hefði veruleg neikvæð áhrif á rekstur matvöruverslunar kæranda, en fyrir lá að velta verslunarinnar hafði dregist saman um þriðjung og var hún í kjölfarið tekin til gjaldþrotaskipta. Dómstóllinn taldi aðlögunartíma frá gildistöku laga sem breyttu fyrirkomulagi tóbakssölu og þar til leyfi féllu úr gildi ófullnægjandi. Þá fælist í 1. gr. 1. viðauka sáttmálans að við hvers konar skerðingar á friðhelgi eignarréttar yrði að tryggja rétt viðkomandi til að koma athugasemdum á framfæri við yfirvöld og til að leita endurskoðunar á lögmæti þeirra ráðstafana sem um ræðir. Með hliðsjón af aðstæðum taldi dómstóllinn að óhófleg og einstaklingsbundin byrði hefði verið lögd á kæranda. Því til stuðnings var bent á að leyfi hans til sölu tóbaks hefði verið numið úr gildi bótalaust, að lögum á þessu sviði hefði þrífaldlega verið breytt og breytingar tekið gildi í miklum flýti, að leyfi kæranda hefði sjálfkrafa fallið úr gildi, að synjun um nýtt leyfi hefði ekki sætt endurskoðun yfirvalda og að lagaleg úrræði til slíks hefðu ekki verið til staðar. Þá var bent á að kærandi hefði í reynd ekki átt raunhæfa möguleika á að halda áfram rekstri sínum þar sem ferli til veitingar leyfa hefði einkennst af gerræði og ekki verið gert ráð fyrir nokkurs konar forgangi fyrir leyfishafa. Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Ungverska ríkinu var gert að greiða kæranda 15.000 evrur í skaða- og miskabætur.

S.L. og J.L. gegn Króatíu

Dómur frá 7. maí 2015

Mál nr. 13712/11

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Sala fasteignar án samþykkis eigenda. Hagsmunir barna. Jákvæðar skyldur.

1. Málsatvik

Kærendur, systurnar S.L. og J.L. eru króatískir ríkisborgarar fæddar árin 1987 og 1992. Þær voru skráðir eigendur fasteignar í heimabæ þeirra í Króatíu. Móðir þeirra og faðir vildu selja fasteignina, en til þess þurftu þau að afla leyfis frá félagsmálayfirvöldum, þar sem fasteignin var skráð eign barna þeirra. Áður en til sölunnar kom var faðir kæranda dæmdur til fangelsisvistar. Fljótlega eftir að hann hóf afplánun árið 2001 sótti verjandi hans um leyfi frá félagsmálayfirvöldum til þess að fasteignin yrði seld í skiptum fyrir íbúð í eigu D.M., sem síðar kom í ljós að var tengdamóðir hans. Félagsmálayfirvöld samþykktu skiptin árið 2001. Lögráðamaður kæranda höfðaði einkamál á hendur D.M. og krafðist þess að makaskiptasamningurinn um fasteignina yrði ógiltur, en málinu var vísað frá dómi þar sem talið var að ákvörðun um skiptin hefði verið stjórnvaldsákvörðun og því ætti að höfða málið fyrir stjórnarsýsludómstóli. Áfrýjunum kæranda var síðar hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að yfirvöld og dómstólar í heimalandi þeirra hefðu ekki staðið nægjanlega vörð um eignarréttindi þeirra samkvæmt 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að yfirvöld hefðu ekki gripið til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að eignarréttur kæranda nýti fullnægjandi verndar í samræmi við ákvæði sáttmálans. Þá hefðu kærendur ekki fengið tækifæri til þess að gera athugasemdir við efni makaskiptasamningsins eða fá honum hnekk.

Dómstóllinn tók fram að í málinu reyndi sérstaklega á hvort yfirvöld hefðu haft hag kæranda, sem voru börn á þeim tíma, í huga þegar lagt var mat á hvort skiptin skyldu samþykkt. Yfirvöldum bæri skylda til þess að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og dómstólar þyrftu að taka mið af þessari skyldu við mat á því hvort ákvarðanir yfirvalda væru í samræmi við lög og alþjóðaskuldbindingar. Dómstóllinn benti á margs konar misræmi í málsmeðferð yfirvalda í málinu. Til að mynda hefði ekki verið athugað sérstaklega hvort verðmæti umræddra eigna væri sambærilegt, né hvort skiptin hefðu í för með sér einhverja röskun á fjölskyldu-aðstæðum kæranda. Þó mátti yfirvöldum vera ljóst að faðir kæranda hefði nýlega verið dæmdur til fangelsisvistar þegar málið var til meðferðar og að móðir þeirra

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

hefði verið í verulegum fjárhagsörðugleikum. Þá hefðu yfirvöld hvorki kannað sérstaklega hvort kærundur hefðu gefið lögmanni föðurins leyfi til þess að koma fram fyrir þeirra hönd í málinu né gert athugasemdir við augljósa hagsmunaárekstra hans. Hvað varðaði meðferð málsins fyrir dómstólum taldi dómstóllinn að ekki hefði verið tekið nægjanlegt tillit til allra ofangreindra atriða þegar málinu var vísað frá dómi. Því var talið að um brot gegn 1. gr. 1. viðauka væri að ræða.

Dómstóllinn frestaði ákvörðun um bætur til kæranda.

Bélané Nagy gegn Ungverjalandi

Dómur frá 10. febrúar 2015

Mál nr. 53080/13

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Réttur til greiðslu örorkubóta. Missir bótaréttar.

1. Málsvik

Umsókn kæranda, sem er ungverskur ríkisborgari, um greiðslu örorkubóta var samþykkt árið 2001. Réttur hennar til bóta var felldur niður árið 2010 þar sem örorka hennar var metin lægri en áður á grundvelli breyttrar matsaðferðar. Örorka hennar var endurmetin á næstu árum og komist að þeirri niðurstöðu að hún væri nægileg til að bótaréttur væri til staðar. Nýjar reglur um greiðslu örorkubóta tóku gildi árið 2012 og þar sem kærandi uppfyllti ekki hin nýju skilyrði glataði hún rétti sínum til bótanna.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að breytingar á matsreglum vegna varanlegrar örorku hefðu falið í sér brot gegn friðhelgi eignarréttar hennar í skilningi 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að breytingar á metinni örorku kæranda hefðu eingöngu byggst á kerfislægum breytingum á aðferðafræði yfirvalda, en ekki á raunverulegum breytingum á heilsu kæranda. Vísað var til þess að árið 2012 hefði félagslega kerfinu verið breytt og hefðu ný skilyrði leitt til þess að kærandi átti ekki rétt til bóta þrátt fyrir að örorkustig hennar hefði verið metið nægjanlega hátt. Ástæða þessa var sú að skilyrði um „óslitnar greiðslur“ úr kerfinu á ákveðnu tímabili var ekki uppfyllt. Dómstóllinn taldi að nær ómögulegt hefði verið fyrir kæranda að uppfylla umrætt skilyrði. Tekið var fram að kærandi hefði í lengri tíma greitt hluta af launum sínum til félagslega kerfisins, sem starfsmaður á vinnumarkaði, og hvíldi því á yfirvöldum ákveðin skylda til að sjá henni fyrir bótum gæti hún ekki sinnt störfum sökum örorku. Dómstóllinn taldi að líta mætti á greiðslur skyldubundinna fjárfamlaga borgara til félagslegs kerfis sem ígildi greiðslna fyrir réttindi. Því yrði að líta svo á að lögbundinn réttur til greiðslu bóta úr félagslega kerfinu nyti verndar 1. gr. 1. viðauka sáttmálans. Með hliðsjón af aðstæðum var talið að kærandi hefði

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

haft lögmætar væntingar til greiðslu bóta vegna örorku sinnar. Tekið var fram að ljá yrði aðildarríkjunum nokkurt svigrúm við útfærslu reglna um greiðslu félagslegra bóta, en að gæta bæri meðalhófs. Í tilviki kæranda hefði ekki verið gætt meðalhófs þar sem hún hefði verið svipt rétti til bóta vegna örorku sinnar að fullu í stað þess að vera látin sæta málefnalegri skerðingu. Samkvæmt því var talið að brotið hefði verið gegn eignarréttindum kæranda samkvæmt 1. gr. 1. viðauka.

Ungverska ríkinu var gert að greiða kæranda 5.000 evrur í skaðabætur og 5.000 evrur í miskabætur.

Prír dómarar skiluðu séráliti.

Gogitidze o.fl. gegn Georgíu

Dómur frá 12. maí 2015

Mál nr. 36862/05

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Eignaupptaka. Löggjöf gegn spillingu.

1. Málsatvik

Kærendur eru Sergo Gogitidze, fæddur árið 1951, Anzor Gogitidze, fæddur árið 1973, Tengiz Gogitidze, fæddur árið 1940 og Aleksandre Gogitidze, fæddur árið 1978. Anzor og Aleksandre eru synir Sergo, og Tengiz er bróðir hans. Í kjölfar byltingarinnar í Georgíu árið 2003 tóku nýir aðilar við stjórnartaumunum í Adjar sjálfstjórnarhéraðinu í Georgíu. Sergo hafði gegnt ýmsum embættum í fráfarandi stjórn, m.a. sem innanríkisráðherra og yfirmaður ríkisendurskoðunar héraðsins. Eftir að hafa verið hrakinn úr embætti var Sergo sóttur til saka, m.a. fyrir misbeitingu valds og fjárkúgun. Mál var höfðað gegn öllum kærendum á árinu 2004 og þess krafist að eignir þeirra yrðu gerðar upptækar. Saksóknari byggði á því að Sergo gæti ekki gert grein fyrir því hvernig hann hefði aflað sér tiltekinna eigna með hliðsjón af launum sínum. Kærendur voru ekki viðstaddir réttarhöld í málinu en dómur gekk 10. september 2004.

Fallist var á upptöku eigna kæranda, enda hefðu þeir ekki fært viðhlítandi sönnur á að þeir hefðu aflað þeirra með lögmætum hætti. Hæstiréttur landsins staðfesti dóminn í meginatriðum, en hafnaði upptöku tveggja eigna í eigu Anzor, þar sem sýnt hafði verið fram á að hann hefði aflað þeirra löglega. Frekari áfrýjunum kæranda fyrir stjórnskipunardómstól var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að upptaka eigna þeirra hefði brotið gegn eignarrétti þeirra sem nyti verndar 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi upptöku á eignum kæranda vissulega fela í sér skerðingu á rétti þeirra til að njóta eigna sinna án afskipta yfirvalda. Tekið var fram að upptakan

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

hefði byggst á ákvæðum í landslögum og var ekki fallist á röksemdir kæranda um að lögunum hefði verið beitt með afturvirkum hætti. Því næst tók dómstóllinn til skoðunar hvort lögmæt markmið hefðu legið að baki eignaupptökunni. Bent var á að lagaákvæði um upptöku eigna hefðu verið hluti af allsherjar lagabreytingum sem hefðu miðað að því að berjast gegn spillingu stjórnvalda. Þessi lagaákvæði hefðu það lögmæta markmið að koma í veg fyrir að stjórnmalamenn högnuðust óeðlilega vegna stöðu sinnar á kostnað almennings.

Dómstóllinn tók því næst til skoðunar hvort gætt hefði verið meðalhófs við eignaupptökuna og hvort geðþóttasjónarmið hefðu ráðið för í málinu. Dómstóllinn tók fram að þau lagaákvæði sem lágu eignaupptökunni til grundvallar hefðu tekið gildi árið 2004 eftir að alþjóðastofnanir gerðu alvarlegar athugasemdir við tíðni spillingar í Georgíu. Hefðu umrædd lagaákvæði falið í sér mikla framför og verið til þess fallin að minnka spillingu innan stjórnkerfisins. Dómstóllinn taldi að eignaupptakan hefði ekki falið í sér geðþóttaákvörðun, enda hefði kærendum verið gefinn kostur á að færa sönnur á að eignanna hefði verið aflað löglega. Þá var tekið fram að tveir kæranda hefðu tekið ákvörðun um að vera ekki viðstaddir réttarhöldin, en sá þriðji andmælt upptöku hluta eigna sinna og hefðu þau andmæli borið árangur. Talið var að niðurstaða dómstóla í máli kæranda hefði verið byggð á ítarlegum sönnunargögnum um fjárhagsstöðu þeirra, en komist hefði verið að þeirri niðurstöðu að verulegt misræmi væri á uppgefnum tekjum þeirra og þeirra eigna sem þeir hefðu aflað sér. Að mati dómstólsins höfðu kærendur haft fjölmörg tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri fyrir dómstólum og var talið að meðalhófs hefði verið gætt í aðgerðum yfirvalda. Samkvæmt þessu taldi dómstóllinn að ekki hefði verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Couturon gegn Frakklandi

Dómur frá 25. júní 2015

Mál nr. 24756/10

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Bætur fyrir eignarnám. Ákvörðun um fjárhæð bóta.

1. Málsatvik

Kærandi, Jean Couturon, er franskur ríkisborgari fæddur árið 1921. Hann er eigandi nokkurra bygginga í Naves héraði í Corrèze, þar með talið kastala og rústa sem hafa verið á skrá yfir sögulegar minjar frá 1993. Hluti landspildu kæranda, 88 m² að stærð, var tekinn eignarnámi til að reisa hraðbraut í almannapágu. Þann 13. október 2000 voru kæranda dæmdar eignarnámsbætur, en því var hafnað að greiða honum bætur vegna verðlækkunar þess lands sem eftir stóð. Hraðbrautin var tekin í gagnið 24. febrúar 2003. Þann 8. desember 2003 krafðist kærandi fyrir stjórn-sýsludómstól að sér væru dæmdar bætur fyrir hljóðmengun og bætur fyrir lækkun á verðmæti eignar sinnar. Dómstóllinn féllst á kröfurnar, en þeirri niðurstöðu var snúið við af áfrýjunardómstól.

2. Meðferð málsins hjá Mannrétindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að franska ríkið hefði brotið gegn eignarrétti hans, sem nyti verndar 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann, með því að greiða honum ekki bætur fyrir lækkað verðmæti eignar hans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að óumdeilt væri að eign kæranda hefði lækkað í verði vegna framkvæmdarinnar og að því væri um skerðingu á eignarrétti hans að ræða. Hins vegar þyrfti að kanna hvort skerðingin væri svo veruleg að um brot á réttindum kæranda í skilningi sáttmálans væri að ræða. Tekið var fram að kærandi gerði ekki athugasemd við eignarnámið sem slíkt, en teldi sig ekki hafa fengið fullar bætur fyrir það tjón sem leiddi af eignarnáminu. Slíkar bætur voru einungis mögulegar samkvæmt frönskum rétti ef sýnt var fram á að sérstakt, óeðlilegt eða verulegt tjón leiddi af eignarnáminu. Af hálfu fransks áfrýjunardómstóls hafði ekki verið fallist á að kærandi hefði orðið fyrir slíku tjóni.

Dómstóllinn tók fram að meta þyrfti hvort jafnvægis hefði verið gætt milli hagsmuna kæranda og hagsmuna almennings. Í því skyni yrði að líta til hagsmuna ríkisins af því að ákveða landsskipulag sitt, en við þær aðstæður var talið að ríkið nyti rúms svigrúms til mats. Með vísan til fyrri dómaframkvæmdar taldi dómstóllinn að 20% lækkun á verði landsvæðis eða jafnvel 40% lækkun, eins og kærandi hélt fram, næði ekki þeim þröskuldi að teljast verulegt tjón gagnvart kæranda. Með hliðsjón af þessu og því að franskir dómstólar höfðu tekið ítarlega og rökstudda afstöðu til krafna kæranda komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann.

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

Tahirov gegn Aserbaídsjan

Dómur frá 11. júní 2015

Mál nr. 31953/11

3. gr. 1. Viðauka. Réttur til frjálsra kosninga.

Framboð til almennra þingkosninga. Meðmælendalistar. Ógilding. Málsmeðferð.

1. Málsatvik

Kærandi er ríkisborgari Aserbaídsjan fæddur árið 1952 og búsettur þar í landi. Hann hugðist skrá sig sem óháðan frambjóðanda í þingkosningum í landinu sem fram fóru í nóvember 2010. Í samræmi við lög safnaði hann 450 undirskriftum stuðningsmanna sinna og sendi til kjörnefndar. Í október 2010 synjaði nefndin honum um skráningu á þeim grundvelli að nokkrar undirskriftanna væru ógildar, ýmist þar sem sami einstaklingur hefði ritað undir oftari en einu sinni eða upplýsingar um viðkomandi væru ekki fullnægjandi.

Kærandi kærði þessa ákvörðun til yfirkjörnefndar og vísaði meðal annars til þess að samkvæmt lögum skyldi honum gefið færi á að vera viðstaddur er undirskriftir væru kannaðar. Þá vefengdi kærandi það líkindamat sérfræðinga að sami einstaklingur hefði staðið að baki fjölda undirskrifta og vísaði til þess að engin frekari könnun hefði farið fram á því hvort þetta væri raunin. Að sama skapi taldi kærandi að hann ætti að eiga þess kost að koma að úrbótum eða lagfæringum ef undirskriftir uppfylltu ekki kröfur laga. Kærandi lagði fram yfirlýsingu frá 91 einstaklingi sem höfðu verið á undirskriftalista hans, en sérfræðingar töldu að sami einstaklingur hefði staðið að baki undirskriftum þeirra. Yfirkjörnefnd komst engu að síður að þeirri niðurstöðu eftir sjálfstæða rannsókn, sem kærandi átti ekki aðkomu að, að 178 undirskriftir hefðu verið ógildar. Kærandi bar ákvörðunina undir dómstóla en málinu var vísað frá.

2. Meðferð málsins hjá Mannrétindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði á því að réttur hans til að bjóða sig fram í frjálsum og óháðum kosningum hefði verið brotinn, enda hefði honum verið meinuð þátttaka af gerræðislegum ástæðum í andstöðu við 3. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort málsmeðferð yfirvalda hefði verið í samræmi við lög. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu lýsti því yfir í kjölfar kosninga í Aserbaídsjan árið 2010 að draga mætti óhlutdrægni kjörnefndarinnar í efa, að gagnsæi í ferlinu væri ábótavant og að fjöldi frambjóðenda sem væri vísað frá á grundvelli tæknilegra ágalla væri óeðlilega hár. Samkvæmt sömu skýrslu

3. gr. 1. viðauka. Réttur til frjálsra kosninga

hafði flestum kærum verið vísað frá yfirkjörnefnd án þess að málin væru könnuð nægilega. Tekið var fram að dómstólnum hefðu borist um 30 kærur í kjölfar kosninganna 2010 þar sem kærendur kvörtuðu yfir að hafa ekki fengið skráningu sem frambjóðendur sökum meintra annmarka á undirskriftalistum.

Tekið var fram að ríkið hefði ekki lagt fram gögn um hæfi eða skipun þess sérfræðingahóps sem lagði mat á undirskriftirnar. Dómstóllinn taldi að skortur á slíkum upplýsingum leiddi til þess að traust á ferlinu minnkaði og þar með traust á kosningunum í heild sinni. Þá var bent á að sérfræðingarnir hefðu einungis talið líkur á að undirskriftir væru falsaðar eða ógildar, en til að mynda ekki vikið að því hversu miklar líkurnar væru. Þá hefði ekki verið krafist frekari gagna eða rannsóknar þrátt fyrir að slíkt væri heimilt.

Dómstóllinn taldi að réttur kæranda til að bjóða sig fram í kosningum ætti ekki að ráðast af líkum eða óljósum skoðunum, heldur gögnum og staðreyndum í samræmi við skilyrði laganna. Ákvörðun kjörnefndar hefði verið gerræðisleg og verið litið framhjá þeim réttindum sem ætlað var að tryggja réttláta málsmeðferð, svo sem réttinum til að vera viðstaddur skoðun undirskrifa og til að geta kynnt sér skýrslu sérfræðinga og komið á framfæri athugasemdum fyrir fund nefndarinnar. Tekið var fram að ágallar á meðferð máls kæranda virtust ekki vera einsdæmi og báru fremur með sér að vera kerfisbundin brot á réttindum. Dómstóllinn áréttaði að hvorki yfirkjörstjórn né dómstólar hefðu tekið afstöðu til vel ígrundaðra röksemda kæranda né fært rök fyrir niðurstöðum sínum um að vísa máli hans frá. Meðferð máls kæranda bar því með sér vanvirðingu á réttindum hans og áhugaleysi stjórnvalda á því að virða réttarríkið. Samkvæmt þessu var talið að brotið hefði verið gegn réttindum kæranda samkvæmt 3. gr. 1. viðauka.

Kæranda voru dæmdar 7.500 evrur í miskabætur og 2.150 evrur í málskostnað.